DANÍEL ÖRN HINRIKSSON
Stefnir á meistarann

Bílar Nám Ferðir
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

JUDE LAW
Alþýðlegur á skýlunni í Laugardalslauginni
Dvelur í viku á Íslandi
FÓLK 34

SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

14. febrúar 2007 — 44. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Furður fjölskyldulífsins

Hallgrímur Helgason sýnir ný verk í Gallerí Turpentine.

MENNING 24

Rándýrri sjálfsmynd stolið

Tveggja metra hárri sjálfsmynd Berglindar Ágústsdóttur var stolið af Barnum. Listakonan verðleggur myndina á 180 þúsund krónur.

FÓLK 34

Hraðferð til jafnréttis

„Í heild hafa kvótar reynst mikilsvert tæki til að koma af stað breytingum. Þeir eru tæki þeirra sem ekki ætla að bíða áratugi eftir jafnari hlutdeild kynja í pólitísku valdi," segir Þorgerður Einarsdóttir.

Í DAG 18

Aron kominn heim

Aron Kristjánsson mun taka við karlaliði Hauka í vor. Hann ætlar sér að rífa upp umgjörðina í kringum Hauka og koma sínu félagi á toppinn á ný.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



AUSTLÆG GOLA Á LANDINU
Í dag er búist við einhverri vætu í öllum landshlutum og hitinn skríður upp í nokkrar gráður yfir frostmark. Seint í nótt fer síðan að hvessa af suðaustri og hlýna.

VEÐUR 4

> Markaðurinn
Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FÍKNIEFNALEITARHUNDURINN SKUGGI OG FÉLAGAR Hundarnir eru rúsínan í pylsuendanum á forvarnastarfi Tollgæslunnar, því þeir brjóta gjarnan ísinn milli fyrirlesara og unglinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forvarnastarf Tollstjóraembættisins og Þjóðkirkjunnar:

Skuggi heimsækir skólabörn

SAMFÉLAGSMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra opnaði í gær fyrir vefinn www.neitakk.is. Vefurinn er liður í forvarnastarfi Tollgæslunnar og Þjóðkirkjunnar, en samstarf þeirra í milli hefur þróast allar götur síðan 1999.

Forvarnafulltrúar ætla sér að heimsækja um 2.500 fermingarbörn á árinu með Skugga, fíkniefnaleitarhundinn, og halda fyrirlestra í fermingarfræðslutímum.

Vefurinn er ætlaður til stuðnings þeim fyrirlestri, og á honum má finna fróðleik um vímuefni, starf tollgæslunnar og upplýsingar um kosti heilbrigðara lífernis. Þar eru og viðtöl bæði við fíkla og við fyrirmyndir ungmenna, til dæmis söngvarann Magna og fegurðardrottninguna Unni Birnu.

Samkvæmt upplýsingum frá Tollgæslunni er í máli forvarnafulltrúans lögð áhersla á mikilvægi ákvarðana á unglingsárunum. Þessi ár séu með þeim mikilvægustu í lífi manna og ákvarðanir um neyslu áfengis eða annarra vímuefna „marki þá grundvallarstefnu sem líf þeirra tekur á fullorðinsárunum".

Tollgæslan hvetur foreldra til að skoða neitakk.is með unglingunum og ræða þau álitaefni er fram kunna að koma.

- kóþ

Segist hunsuð af KSÍ

Formaður mannréttindanefndar Reykjavíkur segir formann KSÍ hafa hunsað ítrekaðar óskir um útskýringar á meintri kynjamismunun sem brjóti í bága við styrkjastefnu borgarinnar. Nýr formaður segir málið byggt á miskilningi.

JAFNRÉTTISMÁL Mannréttindanefnd Reykjavíkur vill fá skýringar Knattspyrnusambands Íslands á meintri misjafnri stöðu kynjanna í starfi sambandsins.

Eftir að Fréttablaðið sagði frá því í fyrrahaust að KSÍ greiddi liðsmönnum karlalandsliðsins hærri dagpeninga en liðsmönnum kvennalandsliðsins sendi mannréttindanefnd Reykjavíkur Eggert Magnússyni, þáverandi formanni KSÍ, bréf þann 1. nóvember og óskaði eftir því að hann mætti á fund nefndarinnar og skýrði málið.

Marsibil J. Sæmundsdóttir, formaður mannréttindanefndarinnar, segir að bréfinu hafi verið fylgt eftir með símtölum en engin viðbrögð hafi borist frá Eggert. Hann lét af starfi formanns KSÍ um síðustu helgi.

MARSIBIL J. SÆMUNDSDÓTTIR

Reykjavíkurborg styrkir mannvirkjagerð KSÍ verulega. Mannréttindanefndin vitnar í mannréttindastefnu borgarinnar um að styrkir frá borginni séu bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti: „Mannréttindanefnd getur krafið viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli."

„Ef við komust að þeirri niðurstöðu að þarna sé misrétti í gangi munum við vekja athygli á því innan borgarkerfisins," segir Marsbil sem kveðst vongóð um að nýr formaður KSÍ mæti á fund nefndarinnar. „Ég hef fulla trú á því að Geir mæti til okkar."

„Ég þyrfti eiginlega að vita betur hvað þau eru að meina," segir Geir. „Dagpeningagreiðslur til kvenna og karla voru jafnaðar um miðjan janúar. Það kemur mér því á óvart að þau séu að álykta um þetta á fundi núna sjöunda febrúar. Ég held að þarna sé einhver ekki að fylgjast með."

- gar

SHARP
Pioneer
VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!
www.ormsson.is
SAMSUNG
LOEWE.
ORMSSON
ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Könnun um utanlandsferðir:

Flestir ætla til útlanda í ár

SKOÐANAKÖNNUN Um 80 prósent landsmanna ætla að ferðast til útlanda á árinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flestir ætla að fara einu sinni eða tvisvar, um 60 prósent. Rúm fjögur prósent ætla fimm sinnum eða oftar til útlanda.

Nokkuð fleiri íbúar á landsbyggðinni ætla að sitja heima í ár en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Um fjórðungur íbúa utan höfuðborgarsvæðisins ætlar að sitja heima en um 16 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

- ss / sjá síðu 4

Verðmæti fjármálafyrirtækja:

Hefur aukist um 300 milljarða

FJÁRMÁL Verðmæti fjárfestingafélaga og fjármálafyrirtækja sem skráð eru í Kauphöllinni hefur aukist um rúma 300 milljarða frá áramótum. Þær miklu hækkanir sem orðið hafa á hlutabréfum þessara félaga eru meðal annars raktar til ágætra ársuppgjöra og væntinga um áframhaldandi ytri vöxt íslensku bankanna.

Þegar markaðir lokuðu á mánudag hafði virði Kaupþings, stærsta félagsins á markaði, aukist um 107 milljarða frá áramótum. Exista hefur hlutfallslega hækkað mest allra fjármálafyrirtækja það sem af er ári, eða um 21 prósent.

- þsj / sjá Markaðinn

ANTARES Á MIÐUNUM Antares VE beið í gær löndunar með um 800 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Loðnuveiðin glæðist:

Góð loðnuveiði eftir brælutíð

SJÁVARÚTVEGUR Loðnan er nú gengin upp á landgrunnið og fjör hefur færst í veiðarnar eftir nokkurra daga brælu. Tólf loðnuskip biðu löndunar í Vestmannaeyjum í gær og er loðnan stór og falleg. Loðnan er á stóru svæði fyrir Suðurlandi og voru skipin að kasta við Ingólfshöfða í gær.

Nú er um einn og hálfur mánuður þangað til loðnan hrygnir og því verða veiðarnar að ganga vel til að kvótinn náist.

Töluverð áta hefur verið í loðnunni og það hefur truflað frystingu. Hrognafyllingin eykst jafnt og þétt og því styttist í að frysting á hinn mikilvæga Japansmarkað hefjist. Alls var landað 40.565 tonnum af loðnu í nýliðnum janúarmánuði.

- shá

SPURNING DAGSINS

Björn, ætlar þú að vera á sjúkrahúsi lungað úr árinu?

„Nú veit ég ekki hvað „lungað úr árinu" er langt, hef raunar aldrei áður heyrt þess getið, ég ætla hins vegar að láta mitt lunga gróa."

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra safnar nú kröftum á Landspítalanum eftir að hægra lunga hans féll saman fyrir rúmri viku.

Skólafélagar eru oftast gerendur kynferðisofbeldisins gegn heyrnarlausum:

Fórnarlömbin voru oftast börn

FÉLAGSMÁL Heyrnarlaust fólk sem segist hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun var oftast misnotað af skólafélögum sínum, vinum og kunningjum. Í meira en helmingi tilfella var það annað heyrnarlaust fólk sem misnotaði það.

Þetta kemur fram í könnun sem Rannsókn og greining gerði á meðal 150 heyrnarlausra hér á landi. Um 56 prósent þeirra svöruðu könnuninni og kom í ljós að rúmlega þriðjungur þeirra hefur orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, eða meira en þrjátíu manns. 40 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni voru karlar og 60 prósent konur.

SKÓLI HEYRNARLAUSRA Heyrnarlausum var kennt í Vesturhlíðarskóla, sem sameinaðist árið 2001 Hlíðaskóla.

Í flestum tilfellum var fólkið enn á barnsaldri þegar það varð fyrir misnotkuninni, á aldrinum sex til fimmtán ára. Berglind Steffánsdóttir, fyrrverandi formaður Félags heyrnarlausra og umsjónarmaður könnunarinnar, segir að misnotkunin hafi átt sér stað bæði í Vesturhlíðarskóla og í gamla Heyrnleysingjaskólanum.

„Þetta er mjög sorglegt mál. Oftast gerðist þetta á heimavist fyrir heyrnarlaus börn. Það var ekki byrjað að nota táknmál fyrr en árið 1980 og flest málin komu upp fyrir þann tíma. Heyrnarlaust fólk gat því ekki með nokkru móti fengið hjálp. Auk þess kunni fagfólkið ekki táknmál. Heyrnarlaust fólk gat því ekki tjáð sig um þá misnotkun sem það hafði orðið fyrir," segir Berglind. - ifv

Margrét Sverrisdóttir:

Ræddi málin við Ómar

STJÓRNMÁL Margrét Sverrisdóttir varaborgarfulltrúi ræddi hugsanlegt framboð til Alþingis við Ómar Ragnarsson um helgina.

„Við Ómar töluðum saman um helgina og við vorum alveg sammála um að það væri rými fyrir okkur þarna," segir hún.

Margrét er „búin að vera á fullu að koma framboðinu á koppinn," og segir helsta verkefnið þessa dagana að ná saman fólki úr fleiri áttum. Um mögulega aðkomu Jóns Baldvins Hannibalssonar vill hún lítið tjá sig. Bætir þó við að „það væri auðvitað hvalreki" að fá hann um borð. - kóþ

Guðni Ágústsson á Kanarí:

Lífeyrir beri tíu prósenta skatt

STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að skoða eigi hvort skattleggja beri lífeyristekjur aldraðra eftir öðrum reglum en tekjuskattslögum. Guðni segir að í raun sé að stórum hluta um fjármagnstekjur að ræða og því eðlilegt að tekjur þessar beri fjármagnstekjuskatt eða 10 prósent en ekki 35 prósent eins og nú er. Þetta kom fram í máli Guðna sem um helgina var staddur á Kanaríeyjum þar sem hann var ræðumaður á fundi framsóknarmanna sem haldinn var á hinni kunnu Íslendingakrá Klörubar.

GUÐNI ÁGÚSTSSON

- jbg / sjá síðu 26

Kókaínið reyndist vera barnapúður

Hlynur Smári Sigurðsson, sem hefur setið í brasilísku fangelsi fyrir fíkniefnasmygl, fer fyrir dómara í dag. Hann hefur setið inni í rúmlega átta mánuði. Efnagreining sýndi að meirihluti efnanna sem hann var með var barnapúður.

DÓMSMÁL „Það voru gerðar prufur á eiturlyfjunum sem ég var með og það kom í ljós að 100 grömm voru hreint kókaín en tvö kíló voru barnapúður eða eitthvað álíka. Allavega ekki kókaín," segir Hlynur Smári Sigurðarson, 24 ára Íslendingur sem hefur setið í brasilísku fangelsi í rúmlega átta mánuði. Hann var handtekinn í júní í fyrra með tvær pakkningar af fíkniefnum. Í annarri voru 100 grömm af kókaíni en í hinni um tvö kíló af efni sem reyndist, líkt og fyrr segir, vera barnapúður.

Hlynur verður leiddur fyrir dómara í dag og er það í fyrsta sinn sem það gerist frá því að hann var handtekinn. Hann vonast því til þess að niðurstaða fari að fást í mál hans. Hlynur gerir sér ekki almennilega grein fyrir hvað valdi því að loksins hafi komist gangur á málið. „Ætli íslenska sendiráðið hafi ekki ýtt eitthvað á lögfræðinginn minn, sem hafi síðan ýtt eitthvað við dómaranum þannig að það fór eitthvað að gerast."

Hann segist þó engu nær um það hvenær málinu ljúki. „En dómarinn ákveður það á morgun [í dag]. Fyrst fer fram rannsókn á málinu, svo verður talað við vitni, en það verða lögreglumennirnir sem handtóku mig, og síðan verður loksins kveðinn upp dómur. Það getur reyndar verið að þetta muni gerast allt í einu, en það getur líka verið að ég þurfi að mæta aftur eftir viku, eftir mánuð eða jafnvel tvo mánuði. Það tekur allt svo langan tíma hérna í Brasilíu. Það fer bara allt eftir því hversu mikið dómarinn nennir að vinna."

HLYNUR SMÁRI SIGURÐARSON Var handtekinn fyrir tilraun til að smygla um tveimur kílóum af kókaíni út úr Brasilíu. Efnagreining sýndi hins vegar fram á að meginhluti efnanna var barnapúður.

> Það kom í ljós að 100 grömm voru hreint kókaín en tvö kíló voru barnapúður eða eitthvað álíka. Allavega ekki kókaín.
>
> HLYNUR SMÁRI SIGURÐSSON

Hlynur sagðist skiljanlega vera mjög ánægður með það að meginhluti þeirra efna sem hann var tekinn með hefði reynst vera annað en kókaín. Hann er hins vegar ekki viss um að það muni skipta máli við dómsuppkvaðninguna. „Ef lögreglan neitar að þetta sé rétt þá er það bara sannleikurinn. Svo get ég líka verið dæmdur fyrir ásetninginn. En að sjálfsögðu eru þetta góðar fréttir og gott að það sé loksins kominn gangur á þetta eftir átta mánuði og fjóra daga."

Samkvæmt brasilískum lögum á að kæra fanga innan áttatíu daga frá handtöku, en sú regla er að litlu leyti virt í landinu. Engin framsalssamningur er í gildi milli Íslands og Brasilíu en hjá utanríkisráðuneytinu hafa fengist þær upplýsingar að ekki sé útilokað að semja um framsal manna eftir að þeir eru dæmdir. thordur@frettabladid.is

Framboð öryrkja og aldraðra:

Halda bæði sínu striki

STJÓRNMÁL Baldur Ágústsson, forystumaður í framboðshópi öryrkja og eldri borgara, segir undirbúning að framboðinu á lokastigi. „Næsta skref verður að við höldum opinbera fundi og bjóðum fólki að koma og staðfesta vilja sinn til að stofna flokk og samþykkja stefnuskrá," segir Baldur. Aðspurður segir hann engar sameiningarviðræður hafa farið fram við Baráttuhóp eldri borgara og öryrkja sem einnig hyggur á framboð til Alþingis. Arndís H. Björnsdóttir, formaður Baráttuhóps eldri borgara og öryrkja, segir þann hóp vinna af krafti að framboði. „Það er óruggt mál að það mun koma frá okkur framboð, en það verða engin tvö framboð eldri borgara. Það væri firra," segir Arndís. - gar

Breiðavíkurheimilið:

Róbert Spanó stýrir rannsókn

BREIÐAVÍK Róbert Spanó lögfræðiprófessor mun stýra heildstæðri og almennri athugun á rekstri Breiðavíkurheimilisins á tímabilinu 1950 til 1980. Rannsóknin mun einnig ná til sambærilegra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu ef tilefni þykir til. Þá mun nefndin hafa leyfi til að rannsaka atvik nær okkur í tíma bendi upplýsingar og gögn til að þess sé þörf.

Ríkisstjórnin mun á næstunni leggja fram lagafrumvarp til að veita nefndinni starfsleyfi. Hún á að skila greinargerð og tillögum að viðbrögðum til stjórnvalda fyrir 1. janúar á næsta ári. - þsj

RÓBERT SPANÓ

Fimm létust og fjórir særðust:

Skotárás í verslunarmiðstöð

BANDARÍKIN, AP Átján ára unglingur hóf skothríð í verslunarmiðstöð í Salt Lake City á mánudagskvöld og skaut fimm til bana og særði fjóra áður en hann var felldur af lögreglumönnum.

Ekki var vitað hvað skotmanninum gekk til með árásinni en hann var vopnaður haglabyssu og skammbyssu með nokkurt magn skotfæra á sér.

Að sögn vitna var skotmaðurinn fullkomlega rólegur þegar hann hóf að skjóta á fólk og leit ekki út fyrir að vera í geðshræringu.

Tvær 28 ára konur, 52 ára karl, 24 ára karl og 15 ára stúlka létust í árásinni. - sdg

BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER SE

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 6 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Heittrúaðir hindúar beita ýmsum ráðum í baráttu gegn vestrænum áhrifum:

Barsmíðar á Valentínusardag

INDLAND, AP Hópur af heittrúuðum hindúum sem berst gegn vestrænum áhrifum í Indlandi lýsti því yfir í gær að ung pör sem hygðust halda upp á Valentínardaginn, sem er í dag, gætu átt von á barsmíðum.

„Við mælumst til að ung pör fari ekki í almenningsgarða og veitingastaði eða skipuleggi partí á Valentínusardag. Þau sem hlusta ekki verða barin," sagði fulltrúi hópsins.

Skilti hafa verið sett upp í Lucknow, höfuðborg fjölmennasta fylkis Indlands, þar sem ungir elskendur eru beðnir um að leiðast ekki á almannafæri.

Annar hópur heittrúaðra hindúa hefur lýst yfir að hann muni taka myndir af pörum sem þeir grípa við að sýna hvort öðru blíðuhót og myndirnar verði síðan afhentar foreldrum elskendanna. Sjálfboðaliðar muni vakta almenningsgarða, bíó og verslunarmiðstöðvar til að „hafa auga með ungu fólki".

LOGANDI HJÖRTU Samkvæmt hefðbundnum gildum í indversku samfélagi eru blíðuhót á almannafæri ekki vel liðin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirvöld í fylkinu hafa lýst yfir að öryggisgæsla muni sjá til þess að enginn verði áreittur í dag og að fólk geti ekki tekið lögin í eigin hendur í nafni menningarstefnu. Seinustu ár hafa skemmdarverk verið unnin á verslunum sem selja varning tengdan Valentínusardegi. - sdg

MERKILEGT HVAÐ MARGIR HEITA MAGNÚS

Nú endurgreiðum við um 320 milljónir króna til yfir 20 þúsund viðskiptavina okkar í Stofni. Þannig verðlaunum við þá fyrir tjónlaust ár. Komdu í hópinn!

SJÓVÁ

Þú tryggir ekki eftir á!

GOTT FÓLK McCANN

GENGIÐ 13.02.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,02	68,34
Sterlingspund	132,1	132,74
Evra	88,42	88,92
Dönsk króna	11,862	11,932
Norsk króna	10,916	10,98
Sænsk króna	9,663	9,719
Japanskt jen	0,5601	0,5633
SDR	101,44	102,04

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 121,5134

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tvær konur til viðbótar hafa lagt fram kærur á hendur Guðmundi Jónssyni:

Sex kærur á Byrgismanninn

LÖGREGLUMÁL Tvær konur lögðu fram kærur hjá á Guðmund Jónsson fyrrum forstöðumann Byrgisins síðdegis í fyrradag. Þetta staðfesti Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður við Fréttablaðið. Kærurnar á hendur Guðmundi eru því orðnar sex talsins og allar varða þær meinta kynferðislega misbeitingu hans gegn konum meðan á dvöl þeirra stóð í Byrginu. Guðmundur hefur verið í skýrslutökum hjá embætti sýslumanns. Hann hefur ekki lagt fram áður boðaðar kærur.

Rökstuddur grunur leikur á að fleiri en ein kona í meðferð í Byrginu hafi orðið barnshafandi eftir starfsmenn þar. Að sögn Matthíasar Halldórssonar landlæknis hefur embætti hans undir höndum nöfn ellefu kvenna sem samkvæmt sjúkraskrám höfðu verið barnshafandi í Byrginu á árunum 2001-2007.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins segjast sex þeirra hafa verið með barni þegar þær komu þangað, þrjár orðið ófrískar með unnusta eða eiginmanni, en ein með starfsmanni. Starfsmenn Byrgisins voru samsjúklingar sem höfðu fengið eitthvert hlutverk á staðnum.

„Nú viljum við helst að umfjöllun í fjölmiðlum fari að lægja og að við getum farið að aðstoða þetta fólk," segir landlæknir. - jss

HÚSNÆÐIÐ AUTT Húsnæðið sem Byrgið var starfrækt í stendur nú autt.

Microsoft á Íslandi:

Vara við happdrættisskeytum

TÖLVUR Microsoft á Íslandi varar við tölvuskeytum sem segja viðtakandann hafa unnið hundrað milljónir breskra punda í happdrætti á vegum Microsoft og America Online. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að umrætt tölvuskeyti sé alls ekki á vegum þess heldur sé um blekkingu að ræða þar sem sótt er eftir persónulegum upplýsingum.

Almennt mælir Microsoft með því að notendur fari varlega með persónulegar upplýsingar sínar þar sem dreifing til óheiðarlegra geti valdið einstaklingum og fyrirtækjum ama og fjárhagslegum skaða. - sþs

Steingrímur J. Sigfússon:

Ekki þjóðarsátt

UMHVERFISMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - grænns framboðs, segir að ekki náist víðtæk þjóðarsátt í samfélaginu um umhverfismál og stóriðju nema ríkisstjórnin stöðvi stóriðjuuppbygginguna og komi þessum málum á hreint áður en frekari leyfi verði veitt eða gefin út. „Vandinn er sá að orkufyrirtækin hafa svo mikil útgefin leyfi og heimildir í höndunum, auk þess sem hægt verður að úthluta fleiri heimildum á millitímabilinu, að skaðinn verður að stærstum hluta skeður áður en nýtt fyrirkomulag kemst í gildi," segir hann um ný lagafrumvörp um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og meginreglur umhverfisréttar.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

- ghs

AKUREYRI

Fagna reykingabanni

Samfélags- og mannréttindaráð Akureyrar segist fylgjandi öllum takmörkunum á tóbaksreykingum og að það fagni sérstaklega banni við tóbaksreykingum á veitinga- og skemmtistöðum. Þetta kemur fram í umsögn ráðsins til heilbrigðisráðuneytisins um drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum.

LEIÐRÉTTING

Á baksíðu ALLT-blaðsins í Fréttablaðinu í gær misritaðist að borgin Sydney væri höfuðborg Ástralíu. Það er hún ekki en hitt reynist sannara að hún er höfuðborg fylkisins Nýja Suður-Wales og stærsta borgin í Ástralíu. Höfuðborg Ástralíu er hins vegar Canberra.

FRÁ TÓKÝÓ Þótt meirihluti landans ætli til útlanda í ár eru þeir eflaust nokkuð færri sem ferðast um langan veg til Japans.

Fjórir af hverjum fimm ætla út

Mikill meirihluti Íslendinga ætlar að ferðast til útlanda í ár samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Um 60 prósent sögðust ætla að fara einu sinni eða tvisvar. Tæp tuttugu prósent vilja halda sig heima.

SKOÐANAKÖNNUN Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins áætla fjórir af hverjum fimm Íslendingum að þeir fari til útlanda í ár. Flestir ætla að fara einu sinni eða tvisvar, eða 60 prósent. Frekar er líklegt að það séu konur en karlar sem áætla að þær fari einu sinni eða tvisvar út fyrir landsteinana. 63,7 prósent kvenna sögðust ætla að leggja land undir fót þetta oft, en 56,3 prósent karla.

Karlar virðast fara oftar til útlanda en konur, því fleiri karlar en konur áætla að þeir muni fara þrisvar til fjórum sinnum eða fimm sinnum eða oftar heldur en konur. Þá eru færri karlar en konur sem segja að utanlandsferð sé ekki á döfinni í ár.

16,0 prósent svarenda sögðust ætla að fara þrisvar til fjórum sinnum í utanlandsferð á árinu, 18,6 prósent karla og 13,3 prósent kvenna.

Þá segjast 6,7 prósent karla ætla að fara fimm sinnum eða oftar til útlanda á árinu, en 1,8 prósent kvenna. Alls eru það 4,3 prósent sem segjast ætla að fara fimm sinnum eða oftar.

Einnig er nokkur munur á því hversu oft íbúar á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni ætla til útlanda á árinu. Þannig ætla 63,8 prósent íbúa á landsbyggðinni að fara einu sinni eða tvisvar á árinu, en 57,5 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Tæp tíu prósent íbúa á landsbyggðinni ætla hins vegar þrisvar til fjórum sinnum en rúm tuttugu prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Einungis eitt prósent íbúa á landsbyggðinni stefnir á að fara fimm sinnum eða oftar á erlenda grundu, en 6,5 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Af þeim sem aldrei ætla að fara í utanlandsferð á árinu segjast 18,3 prósent karla ætla að halda sig á Íslandi þetta árið og 21,1 prósent kvenna. Alls eru það 19,7 prósent sem ætla ekki til útlanda.

Ef litið er til búsetu eru það heldur fleiri sem búsettir eru utan höfuðborgar sem ætla ekki til útlanda en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. 25,6 prósent íbúa á landsbyggðinni mun halda sig á Íslandi á árinu, en 15,8 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 10. febrúar og skiptust svarendur jafnt eftir aldri og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var „Hvað áætlar þú að þú munir ferðast oft til útlanda í ár?" 92,1 prósent svarenda tók afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

HVERSU OFT ÁÆTLAR ÞÚ AÐ ÞÚ MUNIR FERÐAST TIL ÚTLANDA Í ÁR?



Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins 10. febrúar 2007

Himinn og haf / SÍA

50%
afsláttur af Champion-þurrkublöðum
þegar þú lætur fyll'ann!

CHAMPION
Er ekki kominn tími á ný þurrkublöð?
Þú færð Champion-þurrkublöð með 50% afslætti ef þú kemur á næstu Olís-stöð og lætur fylla bílinn af eldsneyti.

olís
Við höldum með þér!

VEÐURSPÁ

Sigríður Ólafsdóttir, Náttúrufræðingur

Slydda og él

Nú fer heldur betur að bera til tíðinda af veðrinu. Sólin er búin að leika við okkur höfuðborgarbúa og við erum næstum orðin viss um að vorið sé á næsta leiti. En vetur konungur hefur ekki enn sleppt tökunum og í dag er veðurguðinn að gera sig kláran fyrir undir góða lárétta rigningu á fimmtudaginn.
Nú er það regngallinn sem þarf að viðra.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Hæg gola og skúrir seinni partinn. Hiti allt að 4 til 5 gráður. Að líkindum frostlaust í nótt.

um hádegi »



» á morgun



Norðaustan hvassviðri, 10-22 m/s.

» föstudagur



Hæg norðaustlæg átt, 3-11 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C	skýjað	London	9°C	skúrir	Alicante	24°C skýjað
Þórshöfn	7°C	skúrir	París	12°C	skúrir	Mallorca	19°C skýjað
Ósló	-2°C	él	Frankfurt	5°C	skúrir	Algarve	18°C mistur
Stokkhólmur	-1°C	él	Friedrichshafen	6°C	skúrir	Krít	15°C skúrir
Gautaborg	1°C	él	Berlín	6°C	skýjað	Las Palmas	23°C léttkýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

999 sæti á 9.999 kr.*

til eða frá London og Köben fyrir e-korthafa með Iceland Express

Nú tekur e-kortið flugið með Iceland Express á einungis 9.999 kr. með sköttum, aðra leiðina. e-korthöfum bjóðast 999 flugsæti á þessu ómótstæðilega verði og gildir tilboðið fyrir ferðir sem bókaðar eru á tímabilinu **14.–18. febrúar** og greiddar með e-kortinu. Ferðatímabilið er 15.–31. mars 2007.

Þessi flugsæti staldra stutt við, svo það er um að gera að bóka sem fyrst á www.ekort.is/icelandexpress

*með sköttum aðra leið

Helgarferð til London með Express Ferðum 8.–11. mars

39.900 kr.

fyrir e-korthafa

Heimsborgin London hefur allt sem hugurinn girnist og 8.–11. mars býðst e-korthöfum að skella sér með Express Ferðum í helgarferð á frábærum kjörum, aðeins 39.900 kr. Dvalið verður á Hotel Royal sem er frábært hótel í hjarta borgarinnar. Fullt verð er 47.900 kr. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 3 nætur á góðu þriggja stjörnu hóteli með morgunverði.

Bókaðu núna hjá Express Ferðum í síma 5 900 100!

Takmarkað sætaframboð.

- e-korthafar fá 2,5% af viðskiptum við Iceland Express og Express Ferðir endurgreidd, auk fastrar 0,5% endurgreiðslu af öllum innlendum viðskiptum!
- Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is.

KJÖRKASSINN

Kannt þú skyndihjálp?

Já	58,7%
Nei	41,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú andvíg(ur) fóstureyðingum?

Segðu skoðun þína á visir.is

Skrifað undir samning um lóð Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni:

Víðtækt samstarf borgar og háskóla

MENNTUN Vilhjálmur Þ. Vihjálmsson borgarstjóri og Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, skrifuðu í gær undir samning um lóð Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni. Um er að ræða endurnýjun samnings frá árinu 2005.

Háskólinn fær yfirráðarétt yfir þeim tuttugu hekturum sem skilgreindir eru fyrir háskólann eða fyrirtæki í rannsóknum, nýsköpun og þróunarstarfsemi sem vilja koma inn á svæðið. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta þessa árs og fyrsta áfanga nýs skólahúsnæðis verði lokið sumarið 2009.

Í tilkynningu segir að samtals verði byggingar háskólans um 30 þúsund fermetrar að stærð. Þungamiðja svæðisins verður yfirbyggt háskólatorg sem getur þjónað flestum á svæðinu.

Auk samningsins um lóð Háskólans í Reykjavík var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu skólans og Orkuveitu Reykjavíkur um starfsemi orkurannsóknaseturs.

UNDIRRITUN Penninn var mundaður í Höfða í gær þegar samningar og samstarfsyfirlýsingar voru undirritaðar.

Einnig skrifuðu fulltrúar Reykjavíkurborgar undir samstarfsyfirlýsingu um eflingu háskólans og aukið samstarf á sviði kennslu, þróunar og rannsókna. - sþs

Flugeldasprengja á Blönduósi:

Vildu hefna sín á lögreglunni

LÖGREGLUMÁL Tveir menn um tvítugt hafa játað að hafa staðið að sprengingu við anddyri íbúðarhúss lögreglumanns á Blönduósi um seinustu helgi. Þeir sögðust hafa verið að hefna sín á lögreglunni fyrir að hafa skipt sér ítrekað af þeim vegna brota.

Mennirnir breyttu stórum flugeld þannig að hann ylli sem mestum usla, festu hann niður og sprengdu við anddyri hússins. Í tilkynningu segir að lögreglumenn líti þetta mál mjög alvarlegum augum. Þeir séu uggandi um starfsöryggi sitt sem og friðhelgi einkalífs síns og sinna fjölskyldna. - sþs

Jarðgöng um Skarfaskersleið:

Fagna ákvörðun ráðherra

STJÓRNMÁL Bæjarstjórnir Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar fagna ákvörðun samgönguráðherra um að ráðast í gerð jarðganga milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar um Skarfaskersleið, frá Ósi við Bolungarvík að Skarfaskeri í Hnífsdal. Göngin koma í stað Óshlíðarvegar, þar sem vegfarendum stendur ógn af snjóflóðum, aurskriðum og grjóthruni.

Í tilkynningu frá bæjarstjórnunum kemur fram að göngin leggi grunn að öflugra samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á norðanverðum Vestfjörðum og geri þannig sveitarfélögin tvö að einu atvinnu- og þjónustusvæði. - ifv

Átökin í Afganistan:

Norðmenn senda sérsveit

NOREGUR, AP Norski herinn mun senda 150 sérsveitarmenn til að styrkja raðir alþjóðlega NATO-herliðsins í Afganistan. Þetta tilkynnti norski utanríkisráðherrann Jonas Gahr Støre í gær.

JONAS GAHR STØRE

Sérsveitarmennirnir munu hjálpa til við að tryggja öryggi og berjast gegn hryðjuverkum í grennd við afgönsku höfuðborgina Kabúl. Gahr Støre tók skýrt fram að hermennirnir myndu ekki taka þátt í hernaðaraðgerðum annars staðar í landinu, þar á meðal í suðurhlutanum þar sem átökin við skæruliða talibana hafa verið skæðust. - aa

Loka stóru kjarnorkuveri og fá olíubirgðir í staðinn

Stjórnvöld Norður-Kóreu hafa fallist á að loka stærsta kjarnorkuveri landsins tímabundið. Efasemdir eru uppi hvort þeir standi við samkomulagið um að hætta að reka kjarnorkuvinnslustöðvar í landinu.

PEKING, AP Samkomulagið við Norður-Kóreu er aðeins fyrsta skrefið í áttina að kjarnorkuafvopnun, sem hefur verið markmiðið í sex ríkja viðræðunum í meira en þrjú ár.

Samkomulagið felur það í sér að Norður-Kóreustjórn lokar kjarnorkuverinu í Yongbyon, sem er stærsta kjarnorkuver landsins. Í staðinn fær Norður-Kórea 50 milljón tonn af olíu, eða jafnvirði hennar í öðrum orkugjöfum.

Eftir að stjórn Norður-Kóreu hefur gert allar kjarnorkuvinnslustöðvar landsins óstarfhæfar og lýst því yfir að allri kjarnorkuvinnslu hafi endanlega verið hætt, þá fær fær Norður-Kórea að auki 950 milljónir tonna af olíu – eða jafngildi hennar í efnahags-, orku- og mannúðaraðstoð.

„Það er augljóst að við eigum langt í land, en við erum afar ánægð með þennan samning," sagði Christopher Hill, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna. Auk Norður-Kóreu og Bandaríkjanna tóku þátt í viðræðunum fulltrúar Suður-Kóreu, Rússlands, Kína og Japans.

Efasemdir voru reyndar strax viðraðar um það hvort stjórn Norður-Kóreu myndi þegar á reynir standa við samninginn, jafnvel þetta fyrsta skref um að loka kjarnorkuverinu til bráðabirgða. Þetta yrði þá í fyrsta skipti sem stjórn landsins dregur úr kjarnorkuvinnslu frá því árið 2003 þegar eini virki kjarnaofn landsins var ræstur og alþjóðlegir kjarnorkueftirlitsmenn reknir úr landi.

George W. Bush Bandaríkjaforseti fagnaði samkomulaginu og sagði það „besta tækifærið" til þess að samningaleiðin gæti borið árangur. John Bolton, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, var hins vegar afar óánægður með samkomulagið: „Þetta sendir nákvæmlega röngu skilaboðin til

> Það er augljóst að við eigum langt í land, en við erum afar ánægð með þennan samning.
>
> **CHRISTOPHER HILL**
> AÐSTOÐARUTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA

þeirra ríkja sem vilja koma sér upp kjarnorkuvopnum: „Ef við höldum það út nógu lengi, þreytum samningamenn bandaríska utanríkisráðuneytisins, þá fáum við á endanum laun erfiðisins, í þessu tilviki mikið magn af olíu fyrir að gera einungis hluta af því sem gera þarf."

Starfsmenn alþjóðakjarnorkustofnunarinnar IAEA eru hins vegar strax farnir að búa sig undir að fara til Norður-Kóreu til að sinna þar eftirlitsstörfum. Margt er hins vegar óljóst um það hvernig þeim störfum verður háttað, og óljóst hve mikinn aðgang stjórnvöld í Norður-Kóreu veita eftirlitsmönnunum. gudsteinn@frettabladid.is

KIM KYE GWAN OG AÐSTOÐARMENN HANS Aðalsamningamaður Norður-Kóreu klappar þarna fyrir samkomulaginu sem náðist í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Krónikan
» NÝTT VIKURIT
KEMUR 15. FEBRÚAR
AUGLÝSINGAR 414 9400 auglysingar@kronikan.is
ÁSKRIFTIR 414 9400 askrift@kronikan.is

Vilja að meirihluti í bæjarstjórn Mosfellsbæjar falli frá lagningu Helgafellsbrautar:

Hætta ekki við framkvæmd

SAMGÖNGUMÁL Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, segir að bæjaryfirvöld hyggist ekki falla frá framkvæmdum við lagningu Helgafellsbrautar. Í áskorun sem samþykkt var síðastliðinn laugardag á fundi Varmársamtakanna, sem berjast gegn lagningu brautarinnar, kemur fram að samtökin vilji að meirihluti bæjarstjórnar falli frá framkvæmdinni þar til hún hefur farið í mat á umhverfisáhrifum.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra kvað upp úrskurð í desember um að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Í úrskurði ráðherrans kemur fram að framkvæmdin brjóti hvorki gegn náttúruverndarlögum né ákvæðum um náttúruminjaskrá sem gildi um Varmá. Ein af rökum Varmársamtakanna er að framkvæmdin spilli ánni og ósum hennar, sem eru friðlýstir.

Að sögn Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi ráðherra, hyggjast samtökin fara í mál gegn íslenska ríkinu ef umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verða ekki metin.

TENGIBRAUTIN VIÐ ÁLAFOSSKVOS Myndin sýnir hvar áætlað er að brautin muni liggja, frá Vesturlandsvegi og um Álafossveg og Helgafellsland.

Ragnheiður segir að framkvæmdin sé ekki umhverfismatsskyld því hún hafi ekki þau áhrif á náttúruna. „Við ætlum ekki að fara með framkvæmdina aftur til umhverfisráðherra því hann er búinn að úrskurða í málinu," segir Ragnheiður.

Í gær hélt tækni- og umhverfissvið Mosfellsbæjar kynningarfund í Hlégarði þar sem hönnun og útfærsla Helgafellsvegar var kynnt fyrir íbúum bæjarins. - ifv

Staðreyndirnar tala sínu máli!

Íslendingar hafa á undanförnum árum aukið neyslu sína á innlendum gæðakjötvörum. Aukningin byggist fyrst og fremst á síauknum vinsældum kjúklinga- og svínakjöts. Frá árinu 1993 hefur árleg neysla á þeim kjöttegundum á mann aukist úr 16 kg. í rúmlega 40 kg.

Verðþróunin sýnir að á sama tíma hefur svínakjöt lækkað að raungildi í verði um rúmlega 40% og kjúklingakjöt um 50%.
Slíkt er einsdæmi á matvælamarkaðnum hér á landi.

Kjúklinga- og svínabændur gera kröfu til þess að greinunum sé skapað það svigrúm og
aðlögun að hægt sé að halda áfram á sömu braut, íslenskum heimilum til hagsbóta.

Kjötneysla árin1993-2006 kg/pr.íbúa



Verðþróun kjúklinga- og svínakjöts 1993-2006*



*Taflan sýnir verðþróun að raungildi.

Kjúklinga- og svínabændur munu hér eftir sem hingað til vinna af heilum hug
að lækkun matvælaverðs á Íslandi - án ríkisstyrkja!

FÉLÖG KJÚKLINGA- OG SVÍNABÆNDA Á ÍSLANDI

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hversu háa upphæð mun þýska byggingavöruverslunin Bauhaus greiða fyrir lóð undir stórverslun sína við Úlfarsfell?*
2. *Hvaða breski stórleikari lenti á Keflavíkurflugvelli síðdegis á mánudag?*
3. *Hvað heitir nýja liðið hans Jóns Arnórs Stefánssonar körfuboltaleikmanns?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Stjórnarfrumvarp um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu tekið til umræðu á Alþingi:

Þjóðarsáttarfrumvörp ráðherra umdeild

UMHVERFISMÁL „Þjóðin getur tekið í bremsuna í maí," sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á Alþingi gær þegar stjórnarfrumvarp um rannóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu var tekið til umræðu.

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra segir að frumvarpið geri ráð fyrir verulegum breytingum á stjórnsýslu í íslenskum orkumálum. Verkefni flytjast frá iðnaðarráðuneyti til Orkustofnunar. Lagt er til hvernig bregðast skuli við þegar fleiri en einn aðili sækir um. Um umsóknir fái faglegan umfjöllun og greiða verði gjald fyrir rannsóknarleyfi og nýtingu auðlinda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að forræði yfir auðlindum í jörð eða vatnsafli á eignarlöndum verði hjá eiganda og honum heimilt að semja við hvern sem er svo framarlega sem leyfi liggi fyrir og lagaskilyrði séu uppfyllt. Skylt verður að taka gjald fyrir nýtingu auðlinda og vatnsafls í þjóðlendum og landi í ríkiseigu. Ef fleiri en einn sækja um leyfi skal hæsta tilboði tekið. - ghs

TALA FYRIR FRUMVÖRPUM Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra og Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra töluðu í gær fyrir tveimur frumvörpum á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Maður á þrítugsaldri:

Fjórir mánuðir fyrir fíkniefni

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft undir höndum tæplega 120 grömm af amfetamíni, sem lögreglan fann við leit.

Maðurinn játaði skýlaust brot sitt. Samkvæmt sakarvottorði hefur hann ekki áður gerst brotlegur við lög. Við ákvörðun refsingar var jafnframt litið til þess að hann er sakfelldur fyrir vörslu efnanna en ekki sölu þeirra. Hann á fjölskyldu og stundar vinnu. - jss

FRÁ MALAVÍ Ferskt vatn er ekki sjálfsögð lífsgæði víða um heim.

Hjálparstofnun kirkjunnar:

Góður árangur í jólasöfnun

HJÁLPARSTARF Jólasöfnun Hjálparstofnunar kirkjunnar skilaði 29,2 milljónum króna. Upphæðin mun renna til vatnsöflunar og vatnsnýtingar í þremur löndum: Malaví, Úganda og Mósambík.

Hjálparstarf kirkjunnar fer þegar fram í þessum löndum og verður söfnunarféð nýtt til að fjármagna þau verkefni áfram, enda um langtímaverkefni að ræða. Vegna góðs árangurs í söfnuninni gefst svigrúm til þess að stækka verkefnið í Úganda sem snýst um að bæta hag munaðarlausra barna. - shá

Ásakanir gengu á víxl í Baugsmálinu

Forstjóri Baugs Group sakaði í gær saksóknara í Baugsmálinu um að beita almannatengslabrellum í réttarsal. Sækjandi sagðist ekki kunna slíkar brellur. Saksóknari var einnig sagður misskilja hið algenga viðskiptahugtak EBITDA.

BAUGSMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group og einn sakborninga í Baugsmálinu, sakaði í gær settan ríkissaksóknara í málinu um að beita almannatengslabrellum í réttarsal. Saksóknari sagðist á móti ekki kunna þær aðferðir en Jón Ásgeir þekkti þær vel.

Aðalmeðferð í síðari hluta Baugsmálsins hélt áfram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, og hélt Jón Ásgeir áfram að gefa skýrslu fyrir dómi. Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, spurði Jón Ásgeir út í kaupréttarsamninga til æðstu stjórnenda Baugs, sem voru greiddir inn á reikninga félagsins hjá Kaupþingi í Lúxemborg.

Sigurður Tómas vitnaði í skýringar sakborninga um ástæður þess að kaupréttur hefði verið greiddur á reikninga erlendis; óvissu um skattlagningu hérlendis, og spurði hvort Jóni Ásgeiri hefði þótt sú aðferð réttmæt.

Jón Ásgeir svaraði því ekki, en sagði sækjanda vera farinn að beita almannatengslabrellum, spurningarnar væru hannaðar til að sýna sig í slæmu ljósi með því að spyrja um mál sem ekki hefði verið ákært vegna.

„Ákæði veit allt um PR, það veit ákæruvaldið ekki," svaraði Sigurður Tómas, og Jón Ásgeir svaraði með orðunum: „Mér sýnist að það sé að læra ansi hratt."

FYRIR DÓMI Gestur Jónsson (til vinstri) og Jakob Möller (til hægri) ráðleggja Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, einum þriggja sakborninga í Baugsmálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BAUGS MÁLIÐ

Jón Ásgeir hélt því einnig fram að miðað við ákærurnar í málinu yrði ekki annað séð en að ákæruvaldið skildi ekki hið algenga viðskiptahugtak EBITDA. Hugtakið er vinsæll kvarði yfir verðmæti fyrirtækja, og stendur fyrir hagnað fyrir afskriftir, samkvæmt vef Greiningardeildar KB banka.

Sækjandi sagði hugtakið alþekkt í viðskiptum, og orðalag í ákæru væri einföld lýsing á þessu hugtaki. Hann mótmælti því við dómara að hann þyrfti að standa í þrætum við sakborning um hugtakið. Dómari sagði rétt að rökræða þetta ekki frekar, athugasemd sakbornings hefði komist til skila, og væri galli á ákærum væri það dómsins að meta það.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, byrjaði daginn í gær á því að spyrja umbjóðanda sinn út í fyrstu ákæruliðina, sem sækjandi spurði um daginn áður.

Því næst tók sækjandi við og spurði Jón Ásgeir út í fimm ákæruliði. Þegar salurinn í héraðsdómi hljóðnaði í gær átti enn eftir að spyrja Jón Ásgeir út í fjóra ákæruliði, og talið víst að ekki dugi dagurinn í dag fyrir það, eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.

brjann@frettabladid.is

ORÐRÉTT

„Við skulum hafa það þannig að það verði ekki deilt við dómarann, og ákæði fari út." Arngrímur Ísberg dómsformaður tók afstöðu til kröfu verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar þess efnis að Jón Gerald Sullenberger fengi ekki að hlýða á skýrslutökur yfir öðrum sakborningum.

„Ég játa, en þetta er eina játningin mín." Jón Ásgeir Jóhannesson var skömmustulegur þegar síminn hans hringdi í réttarsal í gær, og ritari áminnti hann að slökkva þyrfti á farsímum svo þeir trufluðu ekki upptöku.

„Þetta er matseðill dagsins." Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í Baugsmálinu, var léttur í lund þegar hann afhenti Jóni Ásgeiri þykka möppu með skjölum sem farið var yfir í gær.

„Ég á rétt á því fyrir hönd ákæða að vita fyrir hvað hann [Jón Ásgeir] er ákærður." Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, gekk á sækjanda sem hafði að hans mati ekki skýrt nákvæmlega fyrir hvað væri ákært í einum ákæruliðanna.

„Ég er alveg til í að svara, en vilt þú þá ekki koma með ákæru um þetta mál svo ég geti svarað. Þetta er alveg út í Hróa hött." Jón Ásgeir svaraði fullyrðingu sækjanda um að hann vildi ekki svara spurningum um kaupréttarsamninga, en Jón Ásgeir og verjandi hans töldu spurningarnar ekki tengjast því sem ákært var vegna í málinu.

Setur stórt spurningarmerki við það hvort hann treysti íslenskum dómstólum:

Jóni Gerald vísað úr réttarsal

BAUGSMÁL Dómari í Baugsmálinu ákvað í gærmorgun að Jón Gerald Sullenberger, einn ákæðra í málinu, fengi ekki að sitja í réttarsal í gær og hlusta á skýrslutökur yfir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, öðrum sakborningi, að kröfu verjanda Jóns Ásgeirs.

Verjandi Jóns Geralds, Brynjar Níelsson, gerði athugasemd við þessa kröfu, og sagði skýrt að sakborningar mættu fá að sitja í réttarsal nema undantekningarákvæði ættu við, og þau ættu ekki við í þessu tilviki. Krafðist hann þess að fá skriflegan rökstuðning dómara fyrir þessari ákvörðun, en dómari sagði að sér bæri ekki skylda til þess að verða við því.

Jón Gerald var afar ósáttur við þessi málalok, og sagði í samtali við Fréttablaðið að hann hefði gert ráð fyrir því að sitja öll réttarhöldin meira eða minna, enda mikið alvörumál á ferð.

„Ég hélt að þegar maður væri ákæðr gæti maður setið í réttarsal, hlustað og fylgst með, en dómaranum finnst það greinilega ekki eðlilegt," sagði Jón Gerald.

JÓN GERALD SULLENBERGER

Hann sagði yfirlýsingu Jóns Ásgeirs, sem birt var í Fréttablaðinu á mánudag, afar sérstaka, það lýsti hugarfari Jóns Ásgeirs að hann líkti þessari málsmeðferð við sirkus.

Sjálfur segist Jón Gerald setja „stórt spurningarmerki" við það hvort hann treysti íslenskum dómstólum til að fjalla á sanngjarnan hátt um málið, dómur í öðrum hluta málsins hafi verið „galinn". - bj

BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Jón Ásgeir Jóhannesson verður áfram fyrir dómi í dag, þriðja daginn í röð. Gert var ráð fyrir því að skýrslutöku af honum lyki í dag, en nú stefnir í að það takist ekki.

REYKJAVÍK

Stærri einbýlishús í Fossvog

Eigendur einbýlishúsa í Fossvogi eiga nú möguleika á að stækka hús sín því nýtingarhlutfall lóðanna hefur verið hækkað um fjórðung og er nú 0,3. Ástæða breytingarinnar er vaxandi ásókn húseigenda í Fossvogi í að stækka húsin eða jafnvel rífa þau og byggja önnur stærri í staðinn.

Það gerist hjá okkur

Grunn- og framhaldsnám við Háskóla Íslands er kynnt í **Háskólabíói við Hagatorg**
Nýtt grunn- og framhaldsnám er kynnt í **Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð**

Stúdentar og kennarar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands taka vel á móti þér á Háskóladeginum laugardaginn 17. febrúar kl. 11-16

HÁSKÓLADAGURINN 2007 17. FEBRÚAR

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS www.hi.is

Allir geta orðið meistarakokkar

Ítalskt kjúklingasalat
í boði Karólínu Maldon, innanhúsarkítekts.

Þú tekur 2 poka af blönduðu salati og blandar við það slatta af ólífum, olíulegnum hvítlauksgeirum úr krukku, furuhnetum, niðurskornum rauðlauk, papriku og dvergtómötum. Síðan bætirðu við steiktum úrbeinuðum kjúklingalærum, lundum eða bringum, salti og pipar.

Klettakálspestó: Þú setur 1 poka af klettakáli (rucola) ásamt 4 hvítlauksgeirum, slatta af furuhnetum og svipað mikið af rifnum parmesanosti í matvinnsluvél. Síðan hellirðu u.þ.b. matskeið af ljósu ediki og sítrónu útí, 2 dl af ólífuolíu, matskeið af sykri og loks salt og pipar. Þetta er maukað vel og síðan hellt yfir kjúklingasalatið.

HOLTA

Þú færð gómsætar uppskriftir á www.holta.is
Vinsælasti ferski kjúklingurinn á Íslandi*

GOTT FÓLK McCANN

*Skv. könnun Capacent Gallup, október 2006

RÚLLUSTIGAR Mannfjöldi fyllir nýja 220 þúsund fermetra verslanamiðstöð í Varsjá í Póllandi sem samanstendur af þremur byggingum. NORDICPHOTOS/AFP

Orðalag spurningarinnar um stækkun álversins samþykkt í Hafnarfirði:

Atkvæðaseðlar í prentun

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti í gær orðalag spurningarinnar sem borin verður upp í atkvæðagreiðslu um breytingu á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík í íbúakosningunum 31. mars. Tíu greiddu atkvæði með tillögunni, einn sat hjá.

Orðalag spurningarinnar verður svohljóðandi: „Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Tillagan hefur verið kynnt íbúum Hafnarfjarðar. Ertu fylgjandi eða andvígur stækkun álversins samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu?“ Svarmöguleikar eru „Fylgjandi“ eða „Andvígur“.

KOSIÐ UM ÁLVER Utankjörstaðaatkvæðagreiðsla hefst á morgun.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri-grænna, lagði til að svarmöguleikum yrði breytt í „Já, ég er fylgjandi“ og „Nei, ég er andvígur“ en sú tillaga var felld.

Á fundinum kom fram að bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar mæltu með því að tillaga meirihlutans yrði samþykkt enda hefði verið farið að ráðum sérfræðinga, fólks sem hefði þjálfun og reynslu í að orða spurningar þannig að þær væru ekki leiðandi.

Atkvæðaseðlar vegna íbúakosninganna áttu að fara í prentun í gær, að sögn Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra, en utankjörstaðaatkvæðagreiðsla hefst á fimmtudaginn. - ghs

Tilraunaboranir:

Vonbrigði í Trölladyngju

ORKUVINNSLA Boranir Hitaveitu Suðurnesja í Trölladyngju hafa ekki gefið þann árangur sem vænst var og hafa nú verið settar á bið. Þetta kemur fram í Víkurfréttum sem vitna í Júlíus Jónsson, forstjóra Hitaveitu Suðurnesja. Júlíus kveður fyrirtækið nú íhuga tilraunaboranir í Krýsuvík á meðan vísindamenn átti sig betur á stöðunni í Trölladyngju. „Boranir hafa leitt í ljós að nægur jarðhiti er til staðar í Trölladyngju en kaldara innstreymi í holurnar ofar í holunum kemur í veg fyrir að hægt sé að nýta þær,“ segja Víkurfréttir. - gar

Mataræði Íslendinga:

Átak til að fólk borði meiri fisk

HEILSA Fiskneysla íslenskra barna nam aðeins 40 grömmum á dag árið 2002, sem var tæplega þriðjungsminnkun frá árinu 1990. Minnsta fiskinn borðuðu unglingsstúlkur, eða sem svarar einum munnbita á dag. Þetta var meðal þess sem rætt var á fundi hjá Lýðheilsustöð og Landssambandi smábátaeigenda sem standa fyrir átakinu „Borðum meiri fisk“.

FISKUR Á BORÐUM

Lýðheilsustöð hefur látið útbúa bækling með tuttugu auðveldum og ljúffengum fiskuppskriftum og sendir hann á öll heimili landsins. - ghs

Efling skoðar málefni lettnesks starfsmanns:

Segist eiga inni laun

VINNUMARKAÐUR Efling stéttarfélag hefur til skoðunar uppsögn og hugsanleg brot á lettneskum manni, Juris Ceplitis, sem hefur starfað hjá GT verktökum í tæplega eitt ár. Maðurinn var ráðinn hingað til lands í gegnum lettneska fyrirtækið Vislande í eigu Ilonu Milcha í Riga.

JURIS CEPLITIS

Juris var ráðinn sem túlkur og bílstjóri til GT verktaka auk þess sem hann átti að sinna léttu viðhaldi á bifreiðum. Hingað kominn var óskað eftir að Juris myndi einnig sinna ýmsum íhlaupaverkum, til dæmis þrifum á skrifstofu, sem hann samþykkti. Juris telur að GT verktakar skuldi sér laun, til dæmis vegna yfirvinnu.

Sú skýring var gefin á uppsögninni að rússneskur starfsmaður GT verktaka hefði tekið vinnubíl GT verktaka í óleyfi og velt honum. Ágúst Guðmundsson, þjónustufulltrúi hjá Eflingu, staðfestir að málið sé til skoðunar. Honum sýnist að GT verktakar skuldi Juris nokkur hundruð þúsund krónur en segir niðurstöðu skýrast síðar í vikunni.

Gísli Sveinbjörnsson, einn eigenda GT verktaka, segir að GT verktakar segi upp mönnum og þurfi ekki að tilgreina ástæður fyrir því í fjölmiðlum. Juris hafi fengið þau laun sem honum beri. Efling hafi aldrei haft neitt samband, hvort nú né fyrr, þegar starfsmannamál hafi verið til umræðu. - ghs

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Guðrún M. Árnadóttir, lögmaður ríkisins, við dómsuppkvaðninguna í gær. Kröfu stefnenda um að sala á hlut ríkisins í ÍAV yrði dæmd ólögmæt var vísað frá og ríkið auk þess sýknað af bótakröfu stefnenda.

ÍAV-máli vísað frá dómi

Kröfu um ólögmæti framkvæmdar á sölu á hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum var vísað frá dómi í gær. Ríkið var auk þess sýknað af bótakröfu. Stjórnendur ÍAV keyptu hlutinn á um tvo milljarða.

DÓMSMÁL Kröfu JB Byggingafélags ehf. og Trésmiðju Snorra Hjaltasonar hf. um að framkvæmd einkavæðingar á hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum (ÍAV) yrði dæmd ólögmæt var í gær vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur. Íslenska ríkið var auk þess sýknað af bótakröfum stefnendanna, en þeir voru einn þeirra fjögurra aðila sem buðu í 39,86 prósenta hlut ríkisins í fyrirtækinu.

Málshöfðun stefnendanna byggði meðal annars á því að fjölmargir einstaklingar sem komu að söluferlinu hefðu átt hagsmuna að gæta í framtíðareignarhaldi á fyrirtækinu eða tengdust öðrum bjóðendum með beinum hætti. Einnig töldu þeir að stjórnendur ÍAV, sem buðu í og keyptu fyrirtækið, hefðu nýtt sér þekkingu á innviðum fyrirtækisins sem stóð ekki öðrum bjóðendum til boða til að gera kaup sín möguleg.

Þá vildu þeir meina að tengsl umsjónaraðila útboðsins á fyrstu stigum þess, Landsbanka Íslands, við tvö tilboðanna hefðu verið þess eðlis að dæma ætti framkvæmdina ólöglega, en Landsbankinn sagði sig ekki frá framkvæmdinni fyrr en tilboðsfrestur var runninn út.

Málinu var vísað frá á grundvelli þess að stefnendur hefðu ekki neina lögvarða hagsmuni af sérstakri úrlausn á því hvort framkvæmdin hefði verið ólögmæt, enda væri þá einungis verið að leysa úr lögfræðilegu álitaefni. Hins vegar var fallist á að stefnendur hefðu af því hagsmuni að fá úr því skorið fyrir dómi hvort íslenska ríkið væri bótaskylt gagnvart þeim vegna ólögmætrar framkvæmdar á sölu á hlut ríkisins í ÍAV.

Ríkið var hins vegar sýknað af þeirri kröfu líkt og áður segir og aðkoma einstaklinganna sem tilteknir voru í stefnunni ekki sögð ólögmæt né óeðlileg. Eina aðfinnslan sem var ekki talin yfir allan vafa hafinn var aðkoma Landsbanka Íslands á fyrri stigum útboðsins. Dómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að fallast á þær röksemdir stefnenda að tengsl bankans við aðra bjóðendur væru með þeim hætti að dæma ætti framkvæmdina ólögmæta.

Skrifað var undir sölu á hlut ríkisins í ÍAV í byrjun maí 2003 og var söluverðið um tveir milljarðar króna. Kaupendurnir voru Eignarhaldsfélagið AV ehf. sem var sem fyrr segir í eigu stjórnenda ÍAV. Þeir gerðu í kjölfarið yfirtökutilboð og eignuðust allt fyrirtækið.

thordur@frettabladid.is

Hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir laust til umsóknar starf hagfræðings á hagfræðisviði. Hagfræðisvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræðisvið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamála* og ensku útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans og framþróun líkana til spágerðar.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum Seðlabankans.

Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi gott vald á aðferðum til hagrannsókna og notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar og hagmælinga. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

Upplýsingar um starfið veitir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur, í síma 569-9600. Umsóknum skal skilað fyrir 22. febrúar 2007 til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

SANDGERÐI Bæjarstjórnin segir háspennumöstur hamlandi.

Álver í Helguvík í mótbyr:

Andstaða við háspennulínur í Sandgerði

SKIPULAGSMÁL Bæjarstjórn Sandgerðis hefur hafnað ósk Landsnets um að fá að leggja háspennulínu um land sveitarfélagsins að fyrirhuguðu álveri í Helguvík.

„Ekki er hægt að sætta sig við þau umhverfisspjöll sem slík lína veldur auk þess sem hún setur hömlur á framtíðaruppbyggingu bæjarfélagsins," segir bæjarstjórnin og vísar til þess að háspennumöstur Landsnets muni í framtíðinni koma í veg fyrir uppbyggingu þeirra svæða sem tengist starfsemi Keflavíkurflugvallar. Hins vegar hafi bæjarstjórnin engar athugasemdir við „framsæknar hugmyndir" Reykjanesbæjar og Garðs um uppbyggingu sinna iðnaðarsvæða. - gar

Mótmæli í Kosovo-héraði:

Bæði Serbar og Albanar ósáttir

SERBÍA, AP Þúsundir Albana í Kosovo-héraði Serbíu mótmæltu um helgina tillögu Sameinuðu þjóðanna um héraðið, sem þeir telja ekki ganga nógu langt í átt til sjálfstæðis. Óeirðalögregla beitti táragasi á mótmælendur og í gær réðst lögreglan til inngöngu í skrifstofur samtaka sem staðið hafa að mótmælunum.

Serbnesk yfirvöld hafna einnig tillögunni þar sem þau sætta sig ekki við aukna sjálfstjórn héraðsins. Serbneskur embættismaður sagði í gær í blaðaviðtali að Serbar treysti því að Rússar og Kínverjar beiti neitunarvaldi gegn tillögunni þegar hún kemur til atkvæðagreiðslu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. - sgj/gb

BORGARBYGGÐ

Hægja á umferðinni

Ákveðið hefur verið að leyfilegur hámarkshraði innan þéttbýlismarka Borgarbyggðar verði lækkaður í 35 kílómetra á klukkustund. Undanskilinn er hluti af aðalgötunni í Borgarnesi þar sem leyfilegur hámarkshraði verður áfram 50 kílómetrar á klukkustund.

Síminn

Viltu vinna lúxusbíósýningu fyrir þig og 27 vini þína?

Sony Ericsson Z530i

Verð aðeins:
14.900 kr.

Kauptu þér glæsilegan Z530i farsíma eða skráðu þig í 0 kr. innan fjölskyldunnar og þú gætir átt lúxussalinn!
Einn heppinn viðskiptavinur verður dreginn út og getur unnið forsýningu í lúxussal fyrir allt að 28 manns á hina frábæru gamanmynd **Music and Lyrics** með Hugh Grant og Drew Barrymore. Dregið verður 15. febrúar.
Nánari upplýsingar á **siminn.is**.

Hægt er að kaupa símann í verslunum Símans eða á vefversluninni á **siminn.is**

9001910192019301940195019601970198019902000201020202030204

Er öldrun úreld í nútímasamfélagi?

RÁÐSTEFNA 22. og 23. FEBRÚAR

Á ATVINNUKAUPSTEFNU Nýútskrifaðir háskólanemar flykkjast að atvinnukaupstefnu í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tryggingastofnun birtir fjölda örorkuþega eftir ríkisfangi og búsetu:

Um 6,7 prósent fá örorkulífeyri

FÉLAGSMÁL Örorkulífeyrisþegar sem fengu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) þann 1. desember á síðasta ári voru 13.230 talsins, 6,7 prósent af fólki á aldrinum 18 til 67 ára sem búsett er hér á landi. Þetta kemur fram í frétt á vef TR.

Hlutfall örorkulífeyrisþega sem fæddir eru hér á landi er 7,3 prósent af heildarfjölda 18-67 ára sem fæddur er hér á landi. Þegar sama hlutfall er skoðað fyrir þá sem fæddust ekki hér á landi er það 2,5 prósent af þeim sem búsettir voru hér á landi en fæddust erlendis. Þeir eru samtals 599 einstaklingar.

ÖRORKULÍFEYRISÞEGAR 1. DESEMBER 2006

Skipting	Fjöldi	Hlutfall af heild
Fæddir á Íslandi	12.631	95%
Fæddir erlendis	599	5%
Samtals	13.230	
Búsettir á Íslandi	12.807	97%
Búsettir erlendis	423	3%
Með íslenskt ríkisfang	13.027	98%
Erlent ríkisfang	203	2%

TR tekur fram að túlka verði gögnin með fyrirvara, til dæmis séu Íslendingar, sem fæddir eru erlendis, börn námsmanna og fólks búsetts erlendis, flokkuð með erlendum ríkisborgurum sem flytjast hingað til lands.

Tæplega 97 prósent örorkulífeyrisþega eru búsettir hér á landi, en 423, eða 3 prósent, eru búsettir erlendis. Af þeim sem þiggja örorkubætur hér á landi eru um 98,5 prósent með íslenskt ríkisfang en um 1,5 prósent, 203 einstaklingar, eru erlendir ríkisborgarar.

Um 98 prósent þeirra sem fá örorkulífeyri hér á landi höfðu íslenskt ríkisfang í ársbyrjun 1986 og rúm 2 prósent fengu íslenskan ríkisborgararétt árið 1985 en höfðu erlent ríkisfang fyrir.

- bj

Búnaðarsaga á Hvanneyri:

Nýtt safn fyrir landbúnaðinn

SÖFN Landbúnaðarsafn Íslands verður stofnað á Hvanneyri í dag. Stofnaðilar eru Landbúnaðarháskóli Íslands, Borgarbyggð og Bændasamtök Íslands (BÍ). Landbúnaðarsafninu er ætlað að leggja áherslu á tímabil þekkingar-, tækni og markaðsvæðingar landbúnaðarins frá 19. öld og langt fram á þá síðustu.

Hlutverk safnsins er söfnun og varðveisla muna, minja og verkþekkingar, rannsóknir **á landbúnaðarsögu og loks miðlun og fræðsla. Landbúnaðarsafn mun fyrst í stað m.a. byggja á nær 70 ára tilveru Búvélasafnsins á Hvanneyri.**

- gar

Samgönguráðuneytið:

Ferðamálaáætlun endurskoðuð

STJÓRNMÁL Ferðamálaáætlun 2006 til 2015 verður endurskoðuð fyrr en áætlað var, en gert var ráð fyrir að endurskoðun færi fram fyrir árslok 2009. Þar sem vel hefur gengið að framkvæma verkefni áætlunarinnar hefur samgönguráðherra ákveðið að ráðist verði í endurskoðun fyrr. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samgönguráðuneytinu.

Áætlunin var samþykkt á Alþingi á vordögum 2005. Starfshópnum sem endurskoðar áætlunina er falið að fara yfir það sem hefur þegar verið gert, og komast að því hvað megi betur fara eða hverju sé nauðsynlegt að bæta við.

- sþs

FRESTUR FRAM Á FÖSTUDAG Eigendur eiga að greiða reikninga fyrir olíudæling og mengunarvarnir.

Wilson Muuga:

Reikningar upp á 50 milljónir

HVALSNESFJARA Umhverfisstofnun hefur sent eigendum flutningaskipsins Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru reikninga fyrir bráðamengunarvarnir og hreinsun á olíu upp úr skipinu upp á hátt í 50 milljónir króna.

Eigendur skipsins hafa frest fram á föstudaginn 16. febrúar til að greiða reikningana.

Hávar Sigurjónsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, segir enn ágreining milli aðila um greiðsluskyldu.

- ghs

KRISTÍN SNORRADÓTTIR ER MÓÐIR NÍTJÁN ÁRA FÍKILS „Sonur minn byrjaði að neyta vímuefna þegar hann var 13 ára," segir Kristín. „Tveimur árum síðar var hann farinn að sprauta sig. Hann hefur farið í meðferðir en fallið aftur." FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Drengurinn minn segist ekki geta þetta lengur

Nítján ára contalgínfíkill í fráhvörfum kemst ekki í meðferð af því að það er allt stappfullt á Vogi. Foreldrarnir vaka yfir syni sínum allan sólarhringinn. Þeir hafa ekki fengið stuðningsaðstoð fyrir systkin hans.

HEILBRIGÐISMÁL „Mamma, Nú get ég þetta ekki lengur. Ég hugsa bara um að taka líf mitt og búið. Ég fæ enga hjálp."

Þetta sagði nítján ára piltur við móður sína, Kristínu Snorradóttur, í fyrrakvöld. Hann er að bíða eftir að komast inn á Vog eftir að hafa verið í stífri contalgínneyslu. Faðir hans fer með hann á hverjum degi þangað til þess að reyna að koma honum í meðferð. Þeim er vel tekið, að sögn Kristínar, en því miður er ekkert pláss fyrr en á morgun eða hinn daginn. Svona hefur þetta gengið að undanförnu.

„Sonur minn byrjaði að neyta vímuefna þegar hann var 13 ára," segir Kristín. „Tveimur árum síðar var hann farinn að sprauta sig. Hann hefur farið í meðferðir en fallið aftur. Nú síðast hafði hann verið edrú í átta mánuði, en 22. desember féll hann. Honum var þá kippt inn á Vog en útskrifaði sig sjálfur á Þorláksmessu.

Við héldum að hann væri í góðu lagi, en svo föstudaginn fyrir rúmri viku fundum við sprautur, nálar og efni í herberginu hans. Á sunnudagskvöld ákvað hann að fara að heiman. Á þriðjudag var hann kominn í fangaklefa."

Þegar málum var svo komið vildi pilturinn hætta neyslunni. Hann hefur verið í slæmum fráhvörfum í viku. Hann má yfirgefa heimili sitt ef hann kýs, en þangað inn koma engin efni, undirstrika foreldrar hans. Síðast í gær fóru feðgarnir upp á Vog, en það var sama sagan, ekkert pláss. Foreldrarnir hafa skipst á að vera með syni sínum allan sólarhringinn.

„Við erum uppgefin og vonlaus," segir Kristín. „En umfram allt erum við sár og reið út í stjórnvöld. Heilu fjölskyldurnar eru í rúst af sömu sökum og við. En fjárveitingar eru skornar svo við nögl að Vogur annar ekki nándar nærri þeirri þörf sem er fyrir meðferð fíkla á öllum aldri. Hins vegar horfir enginn í að malbika endalaust vegi og bora göng."

Önnur börn foreldranna eru níu og þriggja ára. Kristín kveðst hafa leitað til barnaverndarfulltrúa til að biðja um aðstoð í málefnum þeirra, þar sem heimilið sé í herkví. Frá honum hafi ekki heyrst bofs eftir samtalið. Í gær ræddi hún við yfirmann fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar í sama tilgangi. Hann kvaðst ætla að beita sér í dag.

„Hver mínúta í lífi sonar okkar nú er ein stór áhætta," segir Kristín. „Ef hann gefst upp og gengur út núna þá ríkir skelfingarástand á heimilinu þar til við fáum góðar fréttir eða slæmar fréttir."

jss@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Kannabisræktandi fyrir dómi

DÓMSMÁL Mál á hendur karlmanni á fertugsaldri vegna kannabisræktunar og vörslu annarra fíkniefna var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Maðurinn var handtekinn í húsnæði í Mosfellsbæ síðastliðið haust þar sem lögreglan fann tæplega 200 grömm af marijúana, 1,3 grömm af amfetamíni, 20 grömm af kannabislaufum auk tæplega 50 kannabisgræðlinga. Sem fyrr segir er hann einnig ákærður fyrir að hafa um nokkurt skeið ræktað græðlinga-ana í sama húsnæði. - þsj

Matsnefnd eignarnámsbóta:

Föðurbræður fá ekki aðild að Vatnsendamáli

DÓMSMÁL Matsnefnd eignarnámsbóta hefur neitað bræðrunum Karli og Sigurði Hjaltested um aðild að eignarnámsmáli vegna Vatnsendajarðarinnar. Bróðurson-ur þeirra, Þorsteinn Hjaltested, hefur gert eignarnámssátt við Kópavogsbæ sem mun eignast 863 hektara af jörðinni. Karl og Sigurður vildu fá aðild að málinu þar sem þeir telja Þorstein ekki uppfylla ákvæði erfðaskrár sem gert hefur hann að ábúanda á Vatnsenda og að þeir ættu þar með tilkall til hlutar í jörðinni. Á sama hátt og sýslumaðurinn í Kópavogi hefur sagt telur matsnefndin að mál bræðranna verði aðeins leyst fyrir almennum dómstólum. - gar

KARL HJALTESTED
Fær ekki aðild að eignarnámsmáli.
MYND/TEITUR

Ráðamenn í Noregi:

Hætta stafar af Rússum á ný

NOREGUR Norskir ráðamenn telja möguleika á að Noregi stafi á ný hætta af Rússland sökum þess að landið er farið að láta til sín taka í auknum mæli á alþjóðavettvangi.

Norska dagblaðið Aftenposten skýrði frá þessu. Eftir að kalda stríðinu lauk hafa norskir ráðamenn litið svo á að engin hætta stafi af Rússum, en nú er nýtt hljóð komið í strokkinn.

Meðal annars segir norski herinn í nýrri skýrslu að þótt ekki sé hætta á innrás frá Rússlandi sé engu að síður mögulegt að til takmarkaðra hernaðarátaka komi. - gb

Af hverju að sætta sig við það næstbesta þegar það besta er ódýrara? Nissan Pathfinder er einhver albestu kaupin í jeppum í hæsta gæðaflokki í dag. Hann er leiðandi bíll á öllum sviðum, með hreint magnaðan staðalbúnað, nautsterkur, tæknilegur og fjölhæfur. Pathfinderinn er líkt og skapaður fyrir íslenskar aðstæður og býður upp á frábæra akstursupplifun, hvort sem er á þjóðveginum, upp til fjalla eða í borginni.

Komdu og reynsluaktu!

Nissan Pathfinder
Verð frá 4.390.000 kr.

NISSAN PATHFINDER

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Akranesi 431 1376	Akureyri 464 7940	Höfn í Hornafirði 478 1990	Njarðvík 421 8808	Reyðarfirði 474 1453

www.icelandexpress.is/afangastadir

Sound of Music, Arsenal, sólstólar og vindsængur, Covent Garden, jeppasafarí, sítt að aftan, Nefertiti, Rín, Châteauneuf-du-Pape...

» Evrópa býður upp á margt skrítið og skemmtilegt og Iceland Express færir þig í fjörið. Næsta sumar verða áfangastaðirnir orðnir 13 og því um að gera að skipuleggja draumafríið til Evrópu sem fyrst.

Þú bókar og finnur nánari upplýsingar um áfangastaðina á **www.icelandexpress.is**

» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.** Aðra leið með sköttum.

» BÖRN: **50%** Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

„ORÐRÉTT“

Skil betur núna

„Ég skil núna hvers vegna við þurfum að vera hérna í sjö vikur, ef þú ætlar að spyrja mig sömu spurninganna tíu sinnum.“

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI BAUGS GROUP, SVARAR ÍTREKAÐRI SPURNINGU SÆKJANDA Í BAUGSMÁLINU.

Fréttablaðið, 13. febrúar

Með allt á hreinu

„Ég varð að sprauta hana strax svo hún myndi lifa á meðan ég hringdi.“

EGILL VAGN SIGURÐARSON, SKYNDIHJÁLPARMAÐUR ÁRSINS 2006, LÝSIR HVERNIG HANN BAR SIG AÐ ÞEGAR MÓÐIR HANS FÉKK BRÁÐAOFNÆMISKAST.

Morgunblaðið, 13. febrúar

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐMUNDUR K. JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR Í HLÍÐARFJALLI

Stefnir í afar góðan vetur

„Það er bara allt mjög gott að frétta enda búið að vera kalt undanfarið og gott skíðafæri í Fjallinu,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. „Veðurguðirnir hafa staðið sig vel að því leytinu að það hefur verið kalt og stillt. Hins vegar hafa þeir svikið okkur svolítið með snjóinn þannig að við notumst við þann heimatilbúna,“ segir Guðmundur og bætir því við að snjóframleiðslan gangi vel og það hafi margborgað sig að fjárfesta í búnaðinum til hennar. „Á þessum vetri hefur verið opið í Fjallinu í 67 daga sem er met. Þetta stefnir í að verða eitt af bestu árunum hjá okkur. Á þessum árstíma hefur vertíðin oft varla verið byrjuð en nú er hún í fullum gangi. Undanfarna daga hefur verið margt fólk í Fjallinu og nú eru vetrarfríin í skólunum að byrja og margir nýta sér það og koma norður í skíðaferð,“ segir Guðmundur.

Upp á síðkastið hafa allar helstu brautir í Hlíðarfjalli verið opnar en Guðmundur segir að það komi mörgum á óvart hversu gott færið sé. „Það er lítill snjór í byggð svo margir halda að hér sé enginn snjór en við troðum allar helstu brautirnar daglega og færum svo til snjó til að geta opnað fleiri brautir. Það er líka gott færi fyrir gönguskíðafólk,“ segir Guðmundur sem sjálfur fer reglulega á skíði. „Ég fer nú oftast á svigskíði en líka á bretti og gönguskíði enda verður maður að prufa allt það sem maður stendur fyrir. Það er hluti af vinnunni að gefa sér tíma til að skíða,“ segir Guðmundur.

VALENTÍNUS:
ÁSTFANGINN DÝRLINGUR

■ Til eru heimildir um að minnsta kosti þrjá kaþólska dýrlinga sem hétu Valentínus og allir voru þeir píslarvottar. Ein þjóðsaga segir að Valentínus hafi verið prestur sem var á móti þeirri skoðun Kládíusar keisara að hermenn mættu ekki kvænast. Sagt er að Valentínus sá hafi gefið hermenn og unnustur þeirra saman á laun og verið drepinn fyrir uppátækið.

Önnur saga segir að Valentínus þessi hafi sjálfur sent fyrsta Valentínusarkortið. Hann sat í fangelsi og varð ástfanginn af dóttur fangelsisstjórans. Hann sendi henni ástarbréf, dagsett 14. febrúar. Eftir það var dagurinn nefndur Valentínusardagur.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
VIRKJANIR Í ÞJÓRSÁ

Nóg komið

„Ég er alfarið á móti þessum framkvæmdum,“ segir Garðar Stefánsson hagfræðinemi við Háskóla Íslands um fyrirhugaðar virkjanir í Neðri-Þjórsá. „Það er verið að eyðileggja náttúruverðmæti þarna og miðað við fundinn sem haldinn var um daginn er greinilegt að margir íbúar á svæðinu vilja alls ekki að þetta gerist. Ég held það ætti að hlusta á þá,“ segir Garðar.

GARÐAR STEFÁNSSON

„Svo spyr maður sig, er ekki komið nóg af stóriðju? Í hagfræðilegu tilliti er þetta að mínu mati enn önnur sovéska aðgerðin. Ég held það sé kominn tími til þess að ríkisvaldið slaki aðeins á og snúi sér að öðru. Núna er verið að ryðja brautina fyrir ýmiss konar nýsköpun og aðra spennandi hluti sem við ættum frekar að einbeita okkur að. Það á að setja stopp á allar stóriðjuaðgerðir núna eftir Kárahnjúka. Við megum ekki eyðileggja fleiri ómetanleg svæði,“ segir Garðar sem er ekki heldur hrifinn af gufuaflsvirkjunum. „Núna er verið að gera borholur úti um allt og þær skilja líka eftir sig sár í jörðinni. Mér finnst svolítið langt gengið. Við þurfum að hægja aðeins á okkur, sérstaklega núna þegar stóriðjustefnan virðist engan endi ætla að taka.

Fólk hefur þörf fyrir svona daga

Í dag er Valentínusardagurinn – dagur elskenda. Bóndadagurinn er nýliðinn og konudagurinn rétt handan við hornið. Íslendingar halda upp á alla þessa daga þótt vissulega séu þeir misvinsælir.

ALLTAF NÓG AÐ GERA Það er örtröð hjá Binna á konudaginn og unga fólkið flykkist í búðina á valentínusardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er ekki langt síðan Íslendingar tóku upp á því að gefa blóm og gjafir í tilefni Valentínusardagsins. Sumum þykir siðurinn allt of útlenskur og benda á að við eigum frekar að halda upp á okkar íslensku daga, bóndadag og konudag. En eru þeir dagar eitthvað íslenskari?

„Heimildir um konu- og bóndadag eru ekki sérlega gamlar. Það er aldagamall siður að fagna upphafi þorra og góu en það er ekki svo langt síðan farið var að tala um konudag,“ segir Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur.

Elstu heimildir þar sem minnst er á konudag á prenti eru frá árinu 1927 og Kristín segist ekki þekkja til heimilda um að gefnar hafi verið gjafir á þessum degi. „Fólk hafði meira við í mat á konudeginum. Til er auglýsing frá árinu 1938 þar sem auglýst er hangikjöt fyrir konudaginn en ekki er minnst á blóm á þessum degi fyrr en síðar,“ segir Kristín og bætir því við að í rauninni virðist blómasalar hafa fest þennan dag í sessi og búið til hefðina. „Blómasalar byrja að auglýsa á þessum degi í kringum 1960. Fyrsta auglýsingin þar sem menn eru hvattir til þess að kaupa blóm á konudaginn er frá árinu 1957. Þar auglýsir félag garðyrkjubænda og blómaverslana og segir að allir góðir eiginmenn færi konum sínum blóm á konudaginn,“ segir Kristín og bendir á að auglýsingamennskan, sem margir hafa gagnrýnt varðandi Valentínusardaginn, sé því engu minni í kringum konudaginn.

KRISTÍN EINARSDÓTTIR Kristín segir að fólk hafi mikla þörf fyrir að gera sér dagamun og þess vegna séu dagar eins og Valentínusardagurinn vinsælir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Fólk hefur mjög mikla þörf fyrir að halda einhvers konar hátíð og gera sér dagamun. Að mínu mati skiptir ekki nokkru máli hvort siðurinn er íslenskur eða erlendur enda er það nú svo að flestar okkar hefðir koma einhvers staðar annars staðar frá. Valentínusardagurinn er íslenskur ef hann hentar íslensku samfélagi,“ segir Kristín sem þorir þó ekki að spá fyrir um framtíð Valentínusardagsins hér á landi. „Ég veit ekki hvort við erum nógu væmin til þess að þetta passi okkur,“ segir Kristín og hlær.

Á þessum dögum elskendanna er mikið við að vera í blómabúðum landsins. Hendrik Berndsen, eða Binni á Blómaverkstæði Binna, segir að konudagurinn sé einn skemmtilegasti dagur ársins í blómabúðinni. „Þetta er skemmtileg hefð og það koma fjölmargir karlmenn í búðina til okkar á þessum degi. Dagurinn er líka hálgerður fjölskyldudagur því það er ekki eingöngu þannig að karlar séu að gefa unnustum sínum blóm heldur einnig mæðrum sínum og dætrum, það má því segja að allar konur tengist þessum degi,“ segir Binni og bætir því við að það sé gaman að afgreiða karlmenn á konudaginn. „Þeir gera þetta af svo mikilli tilfinningu. Konurnar hafa líka ákveðnar skoðanir og vita hvað þær vilja þegar þær kaupa blóm handa mönnum sínum á bóndadaginn.“

Binni segir að undanfarin ár hafi einnig verið nóg að gera á Valentínusardaginn. „Það hefur komið mér svolítið á óvart þar sem það er svo stutt á milli þessara daga. Hins vegar tek ég eftir því að það virðist vera unga fólkið sem kemur í blómabúðina á Valentínusardaginn,“ segir Binni.

Bónustilboð í 7. viku 2007

250g
198 KR.
Bónusfeti

Nýtt og enn betra bragð!

Túnfiskur í olíu/vatni
59 KR.
140g án vökva

Súpukjöt II. flokkur Íslandslamb

EGILS PILLI
48 KR.
500 ML

LAMBASÚPUKJÖT II. fl. kílóverð nú:
279 KR.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Súpukjöt I. flokkur

...fyrir góðan dag!

LAMBASÚPUKJÖT I. fl. kílóverð nú:
499 KR.

Bónus býður betur!

Frosnar, danskar kjúklingabringur
með 15% vatnsinnihaldi

Kílóverð kjúklingabringur
1498 KR.

UPPÞVOTTAVÉLADUFT
1.5 kíló um 75 þvottar

Uppþvottaduft
298 KR.
1.5 kíló

EKKERT BRUDL

Nýtt!

OXY 750 ml
259 KR.
HREINSIEFNI/BLETTA

WC hreinsir
98 KR.
750 ml

KF spægipylsa kílóverð nú:
1619 KR.
Merkt verð 2698 KR.
KF spægipylsa

40% afsláttur
við kassann

KF pepperoni kílóverð nú:
1641 KR.
Merkt verð 2735 KR.
KF pepperoni

KF kofareykt sveitabjúgu
Vinsælustu bjúgun í Bónus!

KOFAREYKT SVEITABJÚGU
KÍLÓVERÐ NÚ:
287 KR.
MERKT VERÐ 359 KR.

1 lítri trönuberjasafi
198 KR.

Frosin KS lambasvið

Frosin KS lambasvið kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.

...fyrir góðan dag!

Frosnar KS lambahálsasneiðar

ERANI/Landlist

LAMBAHÁLSASNEIÐAR kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.

...fyrir góðan dag!

www.bonus.is

BÓNUS bonus.is

Svona erum við

> Fjöldi íslenskra farþega um Keflavíkurflugvöll í febrúar hvers árs



baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: BAADER-MEINHOF-GENGIÐ

Herskáustu liðsmenn ´68-kynslóðarinnar

Hryðjuverkasamtökin Rauðu herdeildirnar og Baader-Meinhof-gengið hafa nú komist aftur í fréttirnar eftir að þýskur dómstóll ákvað að Brigitte Mohnhaupt skyldi veitt reynslulausn úr fangelsi. Hún hlaut árið 1985 fimmfaldan lífstíðardóm fyrir aðild að níu morðum sem einn af forsprökkum Rauðu herdeildanna og þar áður Baader-Meinhof-gengisins.

Hvað var Baader-Meinhof-gengið?
Upptök þessa nafntogaða vinstriöfgahóps má rekja aftur til ársins 1967, þegar Andreas Baader, sem þá var námsmaður í Frankfurt, ofbauð er þátttakandi í götumótmælum stúdenta í Vestur-Berlín beið bana í átökum við lögreglu. Hann sór að beita valdi í nafni „andkapitalískrar" byltingarhugmyndafræði og byrjaði árið 1968 á því að sprengja heimagerðar sprengjur í stórverslunum í Frankfurt.

Baader var handtekinn og fangelsaður, en slapp árið 1970 með aðstoð blaðakonu að nafni Ulrike Meinhof. Þar með var Baader-Meinhof-gengið orðið til, sem síðar varð þekkt undir nafninu Rauðu herdeildirnar og skammstöfuninni RAF.

Hvað eru samtökin þekktust fyrir?
Ný kynslóð liðsmanna tók við baráttunni árið 1972 – þar á meðal Brigitte Mohnhaupt – og framdi á næstu árum nokkrar blóðugustu og alræmdustu árásirnar, í því skyni að þvinga fram lausn fangelsaðra félaga sinna. Blóðugasta árið var 1977, þegar yfirríkissaksóknari V-Þýskalands var skotinn til bana, aðalbankastjóri Dresdner Bank var myrtur á heimili sínu og Hanns-Martin Schleyer, þáverandi forseta vestur-þýska vinnuveitendasambandsins, var rænt. Eftir að ljóst varð að ekki yrði gengið að kröfu gíslatökumannanna sviptu Baader, Raspe og Gudrun Ensslin sig lífi í fangelsinu þann 18. október 1977. Daginn eftir fannst lík Schleyers.

Hvenær liðu þau undir lok?
Árásir í nafni RAF héldu áfram allan níunda áratuginn. Alls drápu liðsmenn þeirra yfir 30 manns, flesta í úthugsuðum tilræðum. Þau lognuðust út af á tíunda áratugnum.

SPURT & SVARAÐ
BIÐLAUN

Laun ef staða er lögð niður

SIGURÐUR Á. FRIÐÞJÓFSSON
Upplýsingafulltrúi BSRB.

Biðlaunaréttur starfsmanna RÚV hefur verið í fréttum undanfarna daga, en þrjátíu og þrír starfsmenn munu hætta og þiggja biðlaun eftir að stofnuninni verður breytt í opinbert hlutafélag. Sigurður Á. Friðþjófsson er upplýsingafulltrúi BSRB.

Hvað eru biðlaun?
„Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er kveðið á um að starfsmaður hefur biðlaunarétt ef breyting verður á skipulagi vinnuveitanda þannig að staða starfsmannsins er lögð niður. Velji starfsmaður að fara á biðlaun fær hann þau í tólf mánuði eftir fimmtán ár í starfi, annars sex mánuði."

Gildir þetta um alla starfsmenn ríkisins?
„Nei. Lögunum um biðlaun var breytt árið 1996 þannig að biðlaunaréttur er afnuminn hjá öllum sem eru ráðnir eftir að lögin taka gildi, og skertur hjá þeim sem eiga rétt á biðlaunum en hafna sambærilegu starfi eftir skipulagsbreytingu."

Var Byrgið meðferðarheimili?

Á síðustu dögum og vikum hafa félags- og heilbrigðisráðherra sagt Byrgið hafa verið annaðhvort dvalarstað eða búsetuúrræði. Þau hafa enn fremur lagt áherslu á það að Byrgið hafi aldrei verið skilgreint sem meðferðarheimili eða sjúkrastofnun. En hvað var Byrgið og hvernig hefur það verið skilgreint í opinberum gögnum fram að þessu?

Samkvæmt heimasíðu Byrgisins, sem nú hefur verið lokað, skilgreindu forsvarsmenn félagsins starfsemina sem meðferðarúrræði. Þar segir orðrétt að Byrgið bjóði upp á „mjög öfluga endurhæfingarmeðferð fyrir vímuefnaneytendur og getur haft 80 einstaklinga í meðferð samtímis".

Þar kemur einnig fram að þeim, sem lengra eru komnir í meðferðinni, sé úthlutað sérverkefnum sem séu til dæmis vaktir á aðhlynningardeild. Í viðtali við Fréttablaðið 16. október 2002 segir Guðmundur Jónsson sjálfur frá því að honum finnist það erfiðasta við starfið að afeitra fólk. Byrgið hlaut auk þess fimm milljóna króna styrk frá pokasjóði verslunarmanna í apríl 2003 til þess að opna aðhlynningardeild á höfuðborgarsvæðinu, sem varð reyndar aldrei að veruleika.

Landlæknisembættið
Í greinargerð Landlæknisembættisins um samskipti þess og Byrgisins sem send var heilbrigðisráðuneytinu í upphafi þessa árs er sagt frá því að Byrgið hafi tvívegis sótt um leyfi til reksturs afeitrunar- eða aðhlynningardeildar, í desember 1999 og í febrúar 2004. Í báðum tilfellum var þeim hafnað með þeim rökstuðningi að augljóst væri að Byrgið uppfyllti ekki þær kröfur sem gildi um starfsemi heilbrigðisstofnana.

Rockville-skýrslan
Í úttekt Aðalsteins Sigurðssonar sálfræðings á starfsemi Byrgisins, sem hann vann fyrir varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins árið 2002, þegar Byrgið var í Rockville, er starfsemin aldrei skilgreind öðruvísi en að um meðferðarheimili sé að ræða. Í úttektinni segir meðal annars að samningur hafi verið gerður „milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda þar sem bandarísk stjórnvöld heimila íslenskum stjórnvöldum að nota tiltekin mannvirki til að reka meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur". Í umfjöllun um fjármál Byrgisins segir Aðalsteinn að ljóst sé að rekstur Byrgisins sé háður fjárstuðningi ríkisins „eins og aðrar stofnanir fyrir sjúklinga".

Byrgið er því bæði skilgreint sem meðferðarheimili og stofnun fyrir sjúklinga í úttektinni þrátt fyrir að landlæknisembættið hefði í desember 1999 sagt með mjög skýrum hætti að Byrgið væri hvorugt.

Heilbrigðisráðuneytið
Skýrsla heilbrigðisráðherra um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á Íslandi sem kom út í mars 2005 segir Byrgið einvörðungu vera meðferðarheimili.

BYRGIÐ Mikið ósamræmi er á skilgreiningum á starfsemi Byrgisins. Félagið sagðist reka meðferðarheimili, opinber gögn segja slíkt hið sama en félags- og heilbrigðisráðherra hafa sagt það rangt. Byrgið hafi verið dvalarstaður eða búsetuúræði.

Þar er það sett saman í flokk með stofnunun á borð við SÁÁ og sagt reka afeitrunardeild, bráðaþjónustu og endurhæfingu auk þess sem það bjóði meðal annars upp á sálfræðiþjónustu og lyfjagjöf.

Þrátt fyrir að landlæknisembættið hafi á þeim tíma synjað Byrginu á mjög skýran hátt um rekstur afeitrunardeildar kemur fram í skýrslunni að „hjá meðferðarheimilum Samhjálpar í Hlaðgerðarkoti og Byrginu voru 705 lagðir inn til afeitrunar árið 2002".

Gögn lögð fyrir fjárlaganefnd
Hinn 24. janúar 2007 voru lögð fyrir fjárlaganefnd gögn utanríkisráðuneytisins varðandi veru Byrgisins í Rockville, en Byrgið var þá á hendi þess ráðuneytis. Í þeim gögnum kemur margoft fram í opinberum bréfum, tölvupóstum og samningum að Byrgið sé meðferðarheimili. Í bréfum og samningum við bandarísk stjórnvöld kemur einnig fram að þauhefðu heimilað íslenskum stjórnvöldum að nota Rockville til að reka þar meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

Í tölvupóstsamskiptum við aðra meðlimi vinnuhóps um framtíð Byrgisins kallar Birkir Jón Jónsson, þáverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra og formaður fjárlaganefndar, Byrgið ýmist meðferðarheimili eða endurhæfingarathvarf. Í öllum þeim gögnum er Byrgið aldrei kallað búsetuúrræði né dvalarheimili.

Fangelsismálastofnun
Samningur sem Fangelsismálastofnun og Byrgið gerðu með sér árið 2002 segir samkomulagið fela í sér „vistun afplánunarfanga á meðferðarheimilinu Byrginu, Efri-Brú, Grímsnesi".

Á heimasíðu stofnunarinnar segir enn fremur að „frá 2002 hefur Fangelsismálastofnun í samvinnu við Byrgið gefið föngum kost á því að vistast í áfengis- og fíkniefnameðferð í Byrginu". Alls er Byrgið sagt vera meðferðarheimili eða -aðili fimmtán sinnum í samkomulaginu, sem þó eru einungis tvær blaðsíður.

Hvað var Byrgið?
Utanríkisráðuneytið skilgreindi Byrgið sem meðferðarheimili þegar það var í Rockville. Bandarísk stjórnvöld töldu líka að þau væru að veita leyfi til reksturs „rehabilitation center" þegar Byrginu var veitt afnot af Rockville. Í skýrslu heilbrigðisráðherra frá árinu 2005 er Byrgið einungis skilgreint sem meðferðarheimili sem stundi afeitrun og jafnvel lyfjagjöf. Fangelsismálastofnun hélt einnig að hún væri að gera samkomulag við meðferðarheimili þegar það hóf að vista fanga í Byrginu árið 2002. Forsvarsmenn Byrgisins skilgreindu starfsemina sjálfir sem meðferðarheimili sem stundi afeitrun. Eini opinberi aðilinn sem hafði sagt að Byrgið væri ekki heilbrigðisstofnun fram á síðustu vikur var landlæknisembættið.

Í dag segja ráðherrar Byrgið hins vegar hafa verið dvalarstað eða búsetuúrræði.

BÚSETUÚRRÆÐI EÐA DVALARSTAÐUR

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sagði í fréttum sjónvarps

MAGNÚS STEFÁNSSON

í lok janúar að starfsemi Byrgisins hefði aldrei verið skilgreint sem meðferðarheimili né sjúkrastofnun, heldur væri Byrgið dvalarstaður. Hann endurtók þær fullyrðingar í kvöldfréttum útvarps síðastliðinn föstudag þegar hann sagði Byrgið heyra undir félagsmálaráðuneytið þar sem stjórnvöld litu á Byrgið sem búsetuúrræði en ekki meðferðarheimili.

Magnús segist meðvitaður um að skilgreiningar á starfsemi Byrgisins séu með öðrum hætti í ýmsum opinberum gögnum, en hann hafi aldrei skilið af hverjus svo hafi verið. „Í samskiptum mínum við heilbrigðisyfirvöld frá því að málefni Byrgisins komust í hámæli í desember hefur komið skýrt fram að enginn þar lítur á Byrgið sem meðferðarheimili."

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að þær upplýsingar sem komi

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

fram í skýrslu síns ráðuneytis frá árinu 2005 séu komnar frá þeim aðilum sem tilteknir voru í henni. Því væru allar upplýsingar í skýrslunni sem varðar Byrgið komnar frá Guðmundi Jónssyni og öðrum forsvarsmönnum Byrgisins.

Að sögn Sivjar var settur fyrirvari í skýrsluna um að hún byggði á slíkum upplýsingum. „Notkun hugtakanna afeitrun og meðferð nær líka yfir mjög breytilega starfsemi líkt og skýrt var tekið fram í þessum fyrirvara."

Þegar hún var spurð hvort þær upplýsingar sem kæmu fram í skýrslunni væru þá ekki rangar svaraði hún því til að það væri alveg ljóst að Byrgið væri ekki meðferðarheimili.

FRÉTTASKÝRING
ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON
thordur@frettabladid.is

Ástarjátning
í glervasa
2499
Baci konfekt
fylgir öllum
túlípanavöndum
Túlípanar
...blóm elskenda
15 stk.
Túlípanar
990
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

skoðun

greinar@frettabladid.is

Kýpur verður fjórtánda evru-landið.

Evru-svæðið stækkar óðum

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Stjórnvöld á Kýpur sóttu í gær formlega um að fá að taka upp evruna um næstu áramót. Áður en af því getur orðið munu framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Seðlabanki Evrópu leggja mat á það hvort kýpverskt efnahagslíf uppfylli aðildarskilyrðin að evrópska Efnahags- og myntbandalaginu, og endanleg ákvörðun verður tekin af leiðtogum allra Evrópusambandslandanna 27 á sumri komanda.

Gangi áform Kýpverja eftir verður kýpur-gríska lýðveldið fjórtánda aðildarríki evrusvæðisins. Það yrði þar með annað landið af þeim tólf sem bætzt hafa í raðir Evrópusambandsins síðan árið 2004 til að taka upp evruna. Fyrst varð Slóvenía, sem varð þrettánda evru-landið um nýliðin áramót. Öll ný aðildarríki sambandsins eru skuldbundin til að gerast aðilar að myntbandalaginu, en til að af því geti orðið þurfa þau fyrst að hafa náð að uppfylla hin efnahagstæknilegu aðildarskilyrði er varða stöðu ríkisfjármála, verðbólgu, vexti og gengisstöðugleika.

Íbúar kýpur-gríska lýðveldisins eru ríflega tvöfalt fleiri en Íslendingar og hagkerfi eyríkjanna tveggja eru því að nokkru leyti sambærileg. Þótt ýmsar hliðar Evrópusambandsaðildarinnar hafi verið umdeildar meðal Kýpverja hefur stefnan á upptöku evrunnar notið mikils stuðnings meðal eyjarskeggja. Kýpverjar ræddu aldrei möguleg upptöku evru án ESB-aðildar. Þeim hefur þótt sjálfsagt að evran yrði ekki tekin upp sem lögeyrir í landi þeirra nema með fullri aðild að ESB, með Seðlabanka Evrópu að bakhjarli og seturétti á ráðherraráðsfundum þar sem stefnumótun um mál gjaldmiðilsins fer fram.

Á næstu árum munu nýjustu aðildarríkin smátt og smátt fylla raðir myntbandalagsins. Hitt Miðjarðarhafseyríkið í ESB, Malta, áformar einnig að gera það á næsta ári. Eystrasaltsríkin Lettland og Litháen ætluðu sér að gera það strax um síðustu áramót, en hafa þurft að slá þeim áformum á frest þar sem verðbólga er yfir viðmiðunarmörkum, enda hagvöxtur mikill. Það sama á við um Eistland. Slóvakía stefnir að aðild árið 2009. Óvíst er hvenær stærri löndin meðal þeirra tíu sem gengu í ESB árið 2004, Pólland, Tékkland og Ungverjaland, hafa náð þessu marki. Og víst er að nýjustu aðildarríkin, Rúmenía og Búlgaría, eiga enn lengra í land.

Það sem þó myndi muna mestu fyrir Ísland í þessu sambandi væri að Bretland, Danmörk og Svíþjóð gengju til liðs við evrusvæðið, enda er um fjórðungur utanríkisviðskipta okkar við þessi þrjú nágrannalönd. Eins og er fer um helmingur af utanríkisviðskiptum Íslendinga fram í evrum, og þetta hlutfall myndi vaxa í þrjá fjórðu við aðild Breta, Dana og Svía. Hvort sem þetta gerist í bráð eða ekki þá er ljóst að vægi evrunnar í utanríkisviðskiptunum mun fara vaxandi eftir því sem fleiri lönd á Evrópska efnahagssvæðinu taka upp Evrópumyntina. Nú þegar er svo komið að innan við tíu prósent utanríkisviðskiptanna er í bandaríkjadölum.

Þegar draga tekur úr þenslu í íslenzku efnahagslífi má búast við því að vextir og verðbólga færist tiltölulega skjótt niður að viðmiðunarmörkum myntbandalagsins, og eftir því sem hlutur evrunnar í utanríkisviðskiptunum vex ætti líka að verða auðveldara að halda gengi krónunnar gagnvart höfuðviðskiptamyntinni stöðugri. Taki íslenzk stjórnvöld stefnuna á Evrópusambands- og evruaðild gæti það ferli því tekið tiltölulega stuttan tíma, ef markvisst er á málum haldið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fjölmiðlafjölskylda

Ný stjórn Ríkisútvarpsins, sem brátt verður opinbert hlutafélag, var kjörin á Alþingi í gær. Ómar Benediktsson, Kristín Edwald, Páll Magnússon, Jón Ásgeir Sigurðsson og Svanhildur Kaaber voru kjörin í aðalstjórn. Ætla má að litið sé á Jón Ásgeir sem fulltrúa starfsmanna, Páll Magnússon tengist Framsóknarflokki og Svanhildur Kaaber Vinstri grænum. Kristín Edwald hefur verið áberandi í fjölmiðlum undanfarið fyrir það helst að verja Kristínu Jóhannesdóttur í Baugsmálinu svokallaða. Hún og Ari Edwald, forstjóri 365, sem gefur meðal annars út Fréttablaðið eru bræðrabörn. Munu þau líklega halda uppi líflegum umræðum í fjölskylduboðum um umsvif og hlutverk RÚV á fjölmiðlamarkaðnum.

Merkisborgarar

„Sama er, hversu lág verða gjöld fyrirtækja, á endanum heimta forstjórarnir núllgjöld. Óréttlætið og stéttaskiptingin í landinu sést bezt af, að skattur á vinnutekjur er 38%, en skattur á fjármagnstekjur er 10%. Skýrara dæmi er ekki hægt að finna um klofning þjóðarinnar í tvær þjóðir, sem eiga ekkert sameiginlegt. Sjálfur borga ég margfalt hærri skatta en Björgólfur Thór Björgólfsson. Ég er skattalegur merkisborgari, en hann er ekki einu sinni meðborgari," segir Jónas Kristjánsson á heimasíðu sinni.

Ostur 2018

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kynnti í fyrradag hvernig verja ætti skattpeningum almennings til samgangna næstu árin. Um 38 milljarðar króna eiga að fara í borun sex jarðganga, það eru Héðinsfjarðargöng, Óshlíðargöng, göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Norðfjarðargöng, Lónsheiðargöng og Vaðlaheiðargöng. Í þetta eiga að fara 3,3 milljarðar á ári. Gárungar segja að yfirskrift tillögunnar ætti að vera Ostur 2018. Það líti út fyrir að Sturla ætli sér að bora í gegnum þau fjöll sem fyrir eru. Dýr atkvæði það.

bjorgvin@frettabladid.is

Hraðferð til jafnréttis

Kvótar eru nýtt stef í jafnréttisumræðunni. Um 40 lönd í heiminum hafa innleitt lögbundna kvenna- eða kynjakvóta í stjórnmálum og í 50 löndum til viðbótar hafa stjórnmálaflokkar innleitt kvóta að eigin frumkvæði. Kvótar geta átt við frambjóðendur eða þingsæti, þeir geta miðast við skilgreint lágmark, t.d. að konur séu minnst 20-30%, eða tiltekið bil fyrir hvort kyn, t.d. 40-60%. Þá eru til táknrænir kvótar, en þeir eru hannaðir þannig að þeir gera lítið gagn. Þeir eru innleiddir vegna þrýstings en ekki jafnréttisvilja og hafa lítil raunveruleg áhrif. Allt þetta kemur fram í nýrri samanburðarrannsókn danska stjórnmálafræðingsins Drude Dahlerup á kvótum og kvótaumræðunni í öllum heimshlutum (Women, Quotas and Politics, 2006).

Kvótahugmyndin hefur verið kölluð „hraðferð til jafnréttis" og var tónninn gefinn á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995. Lengst af hafði hugtakið jafnrétti þýtt „jöfn tækifæri" í formlegum skilningi og einblínt á það sem konur var talið skorta, s.s. vilja, áhuga, menntun, metnað eða hæfni. Þarna tóku hugmyndir um mismunun og útilokun við af hinum meinta ófullkomleika kvenna og athyglinni beint að stofnunum og kerfum sem útiloka konur. Krafan um jafna hlutdeild í valdi og ákvarðanatöku tók við af umræðunni um jöfn tækifæri.

Staða kvenna í stjórnmálum er misjöfn eftir heimshlutum, allt frá arabalöndunum með 9% konur á þingi til Norðurlanda með 41%, en heimsmeðaltalið er 17%. Það er algengur misskilningur að Norðurlöndin séu helsta vígi kynjakvóta og skýri sterka stöðu kvenna þar í stjórnmálum. Þar eru kynjakvótar ekki lögboðnir og einungis bundnir við einstaka stjórnmálaflokka. Þeir voru innleiddir eftir 1980 þegar hlutfall



ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

Í DAG | Kynjakvótar

kvenna var orðið 20-30%. Að mati Dahlerup hafa kynjakvótar á Norðurlöndunum fyrst og fremst orðið til þess að verjast bakslagi á tímum andstöðu við jafnrétti. Það eru þvert á móti lönd eins og Rúanda, Argentína, S-Afríka, Bosnía og Kosta Ríka sem náð hafa skjótum árangri á örskömmum tíma, einmitt með kvótum. Ástæðan er sú að í nýfrjálsum ríkjum og fyrrum átakasvæðum er oft verið að byggja upp lýðræðisleg kerfi og stofnanir frá grunni og með því opnast rými fyrir konur. Í hnattrænum heimi skiptir einnig máli að hafa nútímalega ásýnd og kynjajafnrétti er einn liður í því.

Í heild hafa kvótar reynst mikilsvert tæki til að koma af stað breytingum. Þeir eru tæki þeirra sem ekki ætla að bíða áratugi eftir jafnari hlutdeild kynja í pólitísku valdi.

Mikil andstaða er við kynjakvóta í frjálslyndu lýðræðisríkjunum þrátt fyrir mikla karlaslagsíðu. Þar ríkir sá skilningur að lýðræðið sé komið í eitt skipti fyrir öll. Stjórnkerfið og kosningakerfin eru talin „eðlileg" þrátt fyrir mikla umframhlutdeild karla. Kvótar eru taldir aðgerð til að bæta fyrir fyrri mismunun eða leiðrétta hlut einstakra kvenna og þeir eru álitnir sniðganga lögmál samkeppninnar um að sá hæfasti vinni. Litið er á kynjamismunun sem undantekningar í annars réttlátu og góðu kerfi. Fræðikonur hafa hins vegar bent á að kynjaskekkjan sé merki um ófullburða lýðræði og að karlaslagsíðan hafi alvarlegar afleiðingar fyrir lögmæti pólitískra stofnana. Skilgreining kerfisins á hæfni sé afar þröng, sniðin að tilteknum hópi (hvítra karla) og sniðgangi konur og hæfileika þeirra. Frá þessu sjónarhorni verður skilgreining vandans ekki ófullkomleiki kvenna heldur að kerfið er gegnsýrt af kynbundnum hindrunum. Sértækar aðgerðir verða ekki aðstoð við jaðarhópa heldur leið til að grafa undan forréttindum, skapa réttlæti í kerfi með innbyggða slagsíðu. Í stað þess að færa þurfi rök fyrir breytingum eigi að færa sönnunarbyrðina til þeirra sem standa vörð um óbreytt ástand: Af hverju ekki konur?

Kynjakvótar eru alls staðar umdeildir, og þeir eru umdeildari í viðskipta- og atvinnulífinu en í stjórnmálunum. Það tengist því að hið pólitíska vald skuli endurspegla þjóðina en sú krafa á ekki við á sama hátt í viðskiptum. Á Íslandi má eflaust tengja andstöðuna við kvóta við sterka stöðu frjálslyndisafla. Með nokkrum undantekningum myndu kynjakvótar í íslenskum stjórnmálum líklega teljast til mildustu kvótategunda, og sumir aðeins táknrænir. Kynjakvótar leysa sannarlega ekki allan lýðræðishalla stjórnmálanna. Einn ókosturinn er ofuráherslan á höfðatölujafnrétti. En þótt aukinn fjöldi kvenna leiði ekki sjálfkrafa til að málefnum kvenna sé sinnt, eykur hann líkurnar á kynjapólitískri meðvitund. Í heild hafa kvótar reynst mikilsvert tæki til að koma af stað breytingum. Þeir eru tæki þeirra sem ekki ætla að bíða áratugi eftir jafnari hlutdeild kynja í pólitísku valdi. Og það er mikilvægt skref til þess að hægt sé að beita stjórnmálunum í þágu allra – ekki bara sumra.

Um völd og valdníðslu

UMRÆÐAN

Völd

BALDVIN H. SIGURÐSSON

Almenningur hér á landi spyr, en væntir varla svara, var það tilviljun ein sem réði því að þegar njósna- og símhlerunarmál sjálfstæðismanna var í algleymingi þá réðst einn af ráðherrum íhaldsins í það verkefni að leyfa hvalveiðar upp á sitt einsdæmi öllum að óvörum? Í óþökk ferðaþjónustunnar, útflytjenda og án þess að nokkur markaður eða eftirspurn væri fyrir hvalaafurðum, hér eða í Japan.

Hvernig má það vera að aftur og aftur er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins sýknað af ákærum yfirlýstra stuðningsmanna íhaldsins, í formi saksóknara sem síðan er vikið til hliðar í betri embætti, og nýir ráðnir í staðinn?

Almenningur á Íslandi er látinn borga hundruð milljóna í kostnað af sýndarréttarhöldunum, sem fram fara í skjóli æðstu ráðamanna sjálfstæðisflokksins, og hvað með skattana sem Baugur hefði þurft að greiða af hagnaði þeim sem hefði hlotist af viðskiptum þeim sem átti að gera sama dag og ráðist var inn í það fyrirtæki, hefði Baugur keypt Arcadia og selt með 300 milljóna hagnaði, eins og mr. Green gerði? Þá skatta, kannski nærri 40 milljarðar þá, vantar í ríkiskassann og maðurinn sem er ábyrgur fyrir þeim gjörningi hefur ráðið sjálfan sig í Seðlabankann, og er þar með sína samvisku, ætli margir af starfsmönnum Baugs, þori að tala óhikað í síma? Njósnadeild Sjálfstæðisflokksins gæti verið á næstu grösum.

Hvað ætli erlend fjármálafyrirtæki haldi um íslenskt réttarfar, munu nokkur þeirra þora að setja upp starfsemi hér á landi? Hvað með hatur þessa hóps íhaldsmanna, sem aftur og aftur ráðast á forseta landsins, og reyna ítrekað að gera störf hans tortryggileg? Það skyldi þó aldrei vera að sími forsetans væri hleraður, þegar hvert fótmál hanns er undir smásjá njósnadeildarinnar.

Sem betur fer hefur Sjálfstæðisflokkurinn fengið nýjan formann, Geir Harde, sem virðist mun lýðræðislegri og mýkri foringi en fyrirrennari hans, og er það von almennings hér á landi að hann hætti ofsóknum og njósnum um ímyndaða andstæðinga íhaldsins, og hann hreinsi til í flokknum og upplýsi að lokum almenning um njósnamál undanfarinna áratuga. Íslenskur almenningur, félög og fyrirtæki eiga rétt á að búa við lýðræði í anda stjórnarskrár lýðveldisins.

Höfundur er bæjarfulltrúi vinstri grænna á Akureyri.

ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR NÁM]

Ford frumsýnir í dag fyrir evrópskum blaðamönnum nýja kynslóð Ford Mondeo. Með vorinu verða allar gerðir Mondeo fáanlegar en þær eru fjögurra dyra stallbakur, fimm dyra hlaðbakur og fimm dyra skutbíll.

Ferðaskrifstofan Ísafold býður upp á ferðir á formúlukeppni í Barcelona í maí. Gott er að vera tímanlega í að panta þar sem mikil eftirspurn er eftir formúlumiðum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri afhenti í gær styrki leikskólaráðs og menntaráðs Reykjavíkurborgar. Úthlutað var um 68,5 milljónum króna í styrki til nýbreytni- og þróunarstarfs skólaárið 2007-2008. Samtökin 78, SAMFOK og Myndlistarskólinn í Reykjavík fá hæstu almennu styrkina frá menntaráði. Hæsti þróunarstyrkur menntaráðs kemur í hlut Fossvogsskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 14. febrúar, 45. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.27	13.42	17.58
Akureyri	9.20	13.27	17.34

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Daníel er í ýmsum verkefnum með skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefnir á meistarann

Daníel Örn Hinriksson lærir hársnyrtiiðn í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Meðfram skólanum tekur hann að sér ýmis hárgreiðsluverkefni.

Hársnyrtiiðn er fjögurra ára nám til sveinsprófs í Iðnskólanum í Hafnarfirði. „Ég er á fjórða ári og klára því í vor," segir Daníel.

Þar sem stór hluti námsins er starfsþjálfun þurfa nemendur í hársnyrtiiðn að vera samningsbundnir á einhverri hárgreiðslustofu meðan á námstímanum stendur. „Ég er í gamla kerfinu og það eru þrjátíu mánuðir á stofu og átján í skóla en núna þurfa nemendur að vera samningsbundnir í fjörutíu og átta mánuði," segir Daníel.

Ekki er nauðsynlegt að vera með stúdentspróf til þess að læra hársnyrtiiðn en Daníel hafði sjálfur lokið því áður en hann hóf hársnyrtinámið. „Þess vegna slepp ég við ýmis bókleg fög. Núna er ég bara í hefðbundinni stofuvinnu fyrir utan bylgjur og galagreiðslur sem ég er að læra."

Eins og er vinnur Daníel á hárgreiðslustofunni Center og tekur auk þess að sér alls konar verkefni. „Það er nóg að gera. Center er með X-factor, ég greiði fyrir kvöldfréttirnar á Stöð 2 og svo hef ég tekið að mér aukaverkefni eins og evróvisjón."

Daníel ætlar að fara í meistaranám en býst ekki við að fara beint í það eftir að hann lýkur sveinsprófinu. „Ég hugsa að ég bíði með það í svona ár. Mig langar samt að gera eitthvað annað á meðan, til dæmis að læra förðunina. Það getur því vel verið að ég skelli mér bara í hana í millitíðinni."

emilia@frettabladid.is

Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.

"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 19. FEB & 20. FEB. (17-19)
2 VIKNA NÁMSTÆKNINÁMSKEIÐ HEFST 17. FEBRÚAR (9-12)
Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN
VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

30%

30% afsláttur af rúmum
rafstillanleg og hefðbundin.

Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur

Útsala
Nónvarða 5, Keflavík
Hugguleg eign sem skiptist í stofu, borðstofu, sjónvarpshol, 4 svefnherbergi, eldhús, þvottahús og bílskúr. Nýlegt parket á stofum, fyrir nokkrum árum voru settir nýir ofnar og ofnalögn. Í bílskur er wc og herbergi. Laust fljótlega.

Óskað er eftir tilboðum í eignina.

Dekk- og smurþjónusta til sölu

Dekk- og smurþjónusta í Ólafsvík til sölu vegna sérstaka aðstæðna. Er í eigin húsnæði, ca. 325 fermetrar. Lítil íbúð uppi. Tilvalið fyrir bifvélavirkja eða laghentan mann.

Upplýsingar veitir Sigurjón í síma 436 1505 á vinnutíma eða 436 1204 á kvöldin. Einnig er hægt að senda fyrirspurning á **varadekk@simnet.is**

Smiðir

Kraftafl ehf auglýsir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616

Hárgreiðslunemi óskast til starfa strax

Á sama stað er stóll til útleigu

Upplýsingar í síma 553 1033 og 696 6632 (Auðbjörg)

Scala
HÁRGREIÐSLUSTOFA
Lágmúli 5 • 108 Reykjavík • www.scala.is

Vanir kranamenn óskast strax!

Góð laun í boði

ÞG-Verk vill ráða til starfa vana kranamenn til vinnu. Spennandi verkefnastaða og góður starfsandi.

Áhugasamir fylli út umsóknir á **www.tgverk.is**.
Upplýsingar líka veittar í síma 534-8400 á skrifstofutíma.

Fossaleyni 16
112 Reykjavík
Sími 534 8400
www.tgverk.is

Fasteignir og framkvæmdir fyrir kröfuharða

ÞG-VERK

Starfsfólk í eldhús

Leikskólinn Hulduberg óskar eftir að ráða aðstoðarmatráð til vinnu nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Upplýsingar um starfið veita Þuríður Stefánsdóttir leikskólastjóri í símum 5868170 og 8670727.

FASTEIGNIR

Til Leigu í Skútuvogi 1

Atvinnuhúsnæði - 1223 fm - Frábær staðsetning

Hóll kynnir í leigu vandað skrifstofu og lagerrými við Skútuvog 1.

Um er að ræða 7 einingar sem hægt er að skipta upp. Þar af 3 einingar með aðkeyrsludyrum og 4 skrifstofupláss. Hver eining er c.a. 175 fm að stærð.

Á 3. hæð eru skrifstofu og lagerpláss og þrennar innkeyrsludyr. Á 4. hæð eru skrifstofur, fundarsalir, rannsóknarstofur og rúmgóður matsalur með vel búnu eldhúsi.

Vel útbúin rannsóknaraðstaða sem Actavis útbjó á sínum tíma.

Veggir eru léttir og er auðvelt að breyta fyrirkomulagi á herbergjaskipan. Góð aðstaða er fyrir starfsfólk, skápar, hengi og snyrtingar á báðum hæðum.

Gluggar eru með sólarfilmu á gleri. Gólfefni eru dúkar, flísar og parket.

Frábær staðsetning fyrir heildsölu eða þjónustufyrirtæki.

FRÚM

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Hóls, Skúlagötu 17.
Upplýsingar gefur Stefán Bjarni í síma 694 4388

HÓLL
tákn um traust

Franz Jezorski, lögg. fasteignasali

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími 595 9000 • Fax 595 9001 • www.holl.is • holl@holl.is

Draumahús

www.draumahus.is

Hjalti Pálmason hdl.,
hjalti@draumahus.is
löggiltur fasteignasali

Sigurður J. Sigurðsson
sigurdur@draumahus.is
löggiltur fasteignasali

Eðvarð Matthíasson
edvard@draumahus.is
löggiltur fasteignasali
sölustjóri

Þórarinn Thorarensen
thorarinn@draumahus.is
sölumaður

Sigurður Samúelsson
sigurdursam@draumahus.is
sölumaður

Stefanía T. Kristjánsdóttir
stefania@draumahus.is
sölumaður

Kristín S. Sigurðardóttir
kristin@draumahus.is
skjalagerð

Bergur Þ. Steingrímson
bergur@draumahus.is
fjármálastjóri

Draumaeign

Dvergholt - 270 Mos

43.900.000
135,6 fm einbýlishús á einni hæð ásamt tvöf. 45,3 fm bílskúr. Frábær afgirtur bakgarður með miklum gróðri, stórri timburverönd og heitum potti. **Óli s. 530 1812**

2ja-3ja herbergja

Framnesvegur - 107 Rvk

21.700.000
73,6 fm + ca 4 fm geymsla, 2ja herbergja íbúð á 3. hæð með stæði í lokaðri bílgeymslu. **GÓÐ ÍBÚÐ. BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800 OG 530 1820.**

Gullengi - 112 Rvk

15.600.000
61,2 fm 2ja herbergja falleg íbúð á 3.hæð. Fallegt útsýni. Stórar vestur svalir. PANTIÐ SKOÐUN.
Richard s. 530 1810

Háholt - 220 Hfj

21.900.000
Falleg 109,1 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Stutt í skóla og alla þjónustu.
Þórarinn s. 530 1811

Rekagrandi - 107 Rvk

Nýtt

21.900.000
Snyrtileg 86,9 fm 3ja herb. íbúð á 3 og 4 hæð og stæði í bílskýli.
Óli s. 530 1812

Trönuhjalli - 200 Kóp

22.500.000
92,6 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð með útgengi á suðursv. + sérgeymsla í kj. **BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800**

Glósalir - 201 Kóp

Nýtt



20.500.000
Afar falleg og vönduð 2. herb. 75 fm íbúð með útsýni yfir Salahverfið. 2 lyftur í húsinu sem er klætt viðhaldslítilli álklæðningu. **Sigurður s. 530 1809**

4ra til 7 herbergja

Sléttahraun - 220 Hfj

21.600.000
Afar falleg 102,5 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð ásamt 25,2 fm bílskúr samtals 127,7 fm
Þórarinn s. 530 1811

Suðurbraut - 220 Hfj

Nýtt

19.400.000
98,2 fm mikið endurnýjuð 4ra herb. íbúð á 2. hæð (þ.a. 5,8 fm geymsla) með ágætu útsýni miðsvæðis. **BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800 OG 530 1820**

Draumaeignir

Jakasel - 109 Rvk

Nýtt

46.800.000
223,9 fm. 8 herbergja Gullfallegt Parhús á besta stað í seljahverfi, þ.a. 22,8 fm. bílskúr. Húsinu er mjög vel við haldið. Gler endurnýjað að mestu. Falleg lóð.
BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800 OG 530 1820

Lerkibyggð - 270 Mos

Nýtt

MIKLIR MÖGULEIKAR. Ca. 215 fm. einbýli þ.a. 36 fm. bílskúr og fokheld efri hæð. Gert er ráð fyrir stækkun bílskúrs. Húsið stendur á stórri eignarlóð (1.567 fm.). Neðri hæð hússins hefur verið einangruð að utan og múrsteinsklædd. Efri hæð er með mikilli lofthæð, fallegu útsýni og svölum. **GOTT TÆKIFÆRI FYRIR FRAMTAKSSAMA. BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800 OG 530 1820.**

Völvufell - 111 Rvk

Nýtt

24.900.000.
108,3 fm 4ra herbergja Glæsilega uppgerð íbúð á 2.hæð. Sérgeymsla í kjallara. Glæsilegar innréttingar í eldhúsi og baði. Yfirbyggðar svalir.
BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800 OG 530 1820

Reykás - 110 Rvk

Nýtt

17.200.000
Virkilega falleg 70,1 fm 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með frábæru útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjöll.
Þórarinn s. 530 1811

Draumaeignir

Krossalind - 201 Kóp

49.800.000
Afar fallegt 170,7 fm 6 herbergja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 26,2 fm bílskúr, samtals 196,9 fm
Þórarinn s. 530 1811

Hvassaleit - 103 Rvk

Nýtt

49.500.000
227 fm raðhús á þremur pöllum, þ.a. 23,5 fm bílskúr ofarlega í Hvassaleitinu á frábærum stað. Þetta er fallegt hús, teiknað af Gunnari Hanssyni. Öll þjónusta í göngufæri. Stutt í skóla. Getur losnað fljótlega.
BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800 OG 530 1820

Rað- og parhús

Fífurimi - 112 Rvk

Nýtt



34.900.000
Gott 131,2 fm raðhús á 2 hæðum á rólegum stað í lokuðum botlanga.
Óli s. 530 1812

Fljótasel - 109 Rvk

46.900.000
Mjög gott 5 herbergja endaraðhús með bílskúr, auk 3ja herbergja íbúðar í kjallara.
Sigurður s. 530 1809

4ra til 7 herbergja

Lindasmári - 201 Kóp

Nýtt



25.900.000
Falleg 98,6 fm 4ra herb. íbúð á 1 hæð með ca 30 fm frábærri timburverönd til suðurs úr stofu.
Óli s. 530 1812

Klapparstígur - 101 Rvk

Nýtt



32.400.000
119,4 fm á 2 hæð með 2ja íbúða möguleika. Björt íbúð með mikilli lofthæð. *Gott fjárfestingatækifæri.
Óli s. 530 1812

530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41

Helgi Már Karlsson
helgimar@draumahus.is
sölumaður/ljósmyndari

Hlín Hlöðversdóttir
hlin@draumahus.is
ritari

Margrét B. Eiríksdóttir
greta@draumahus.is
ritari

Óli Antonsson
olia@draumahus.is
sölumaður

Við erum einnig á Buisiness City Guide í samvinnu við TIMES ONLINE í London

Draumaeign

Hagamelur - 107 Rvk

32.900.000
Glæsileg sérhæð 116,7 fm 4ra herb. með sér garði. Eignin er laus strax.
Eddi s. 530 1806

Draumaeign

Fossvogur - 108 Rvk

Tilboð óskast
237,2 fm vandað 6 herb parhús á 2 hæðum, á þessum eftirsótta stað í Fossvogi. Í dag er húsið með 2 íbúðum þar af er neðri íbúðin 2ja herb, en auðvelt er að breyta því í einnar íbúðar hús. **Þórarinn s. 530 1811**

Draumaeign

Strýtusel - 109 Rvk

TILBOÐ ÓSKAST
Stórglæsilegt 3ja hæða endahús í götu á mjög kyrrsælum stað, fuglasöngur í stað umferðarhávaða. 7 stór svefnherb., þrjú baðherb., tveir arnar, heitir pottar bæði inni og úti, mikil lofthæð, einstaklega bjart hús, frábært útsýni til allra átta, tvöfaldur jeppabílskúr, stæði fyrir 8 bíla. **Eddi s. 530 1806**

Laus strax

Fellsmúli - 108 Rvk

21.900.000
94 fm auk ca 5 fm 3ja herb. falleg endaíbúð á 2.hæð miðsvæðis. Mikið endurnýjuð. Fallegt útsýni. Vestur svalir.
PANTIÐ SKOÐUN. Richard s. 530 1810

Kristnibraut - 113 Rvk

28.900.000
Mjög falleg 4. herb. 126 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Svalir í austur og verönd í suðvestur.
Sigurður s. 530 1809

Urðarholt - 270 Mos

27.500.000
157 fm verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem er í dag 2 nær jafnstórar ósamþykktar íbúðir. Íbúðirnar eru 3ja herbergja. **Sigurður s. 530 1809**

Seljavegur - 101 Rvk

19.200.000
69,9 fm 3 herbergja íbúð á 1. hæð í þríbýli. Ásamt 2 geymslum samtals 19,5 fm **Stefanía s. 530 1805**

Laus strax

Hrísholt - 210 Gbæ

59.500.000
Einbýli á glæsilegum útsýnisstað. Alls 280,4 fm 4 rúmgóð herb. og 2 stofur. 2 baðh. Skjólgóð verönd með heitum potti. **Sigurður s. 530 1809**

Esjugrund - 116 Rvk

41.900.000
6. herb. einbýli með sjávarútsýni, alls 213 fm á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Húsið er á Kjalarnesi, á fallegum útsýnisstað. **Sigurður s. 530 1809**

Einbýli

EKKI BORGA...

...meira en þú þarft þegar þú selur fasteign

Draumahús

Söluverð á eign 3ja - 5 herbergja *	0 - 100.000.000
Sölupóknun óháð verði eignar	249.900
Ýmis sölupóknunargjöld	0
(t.d. skoðunargjald, umsýslukostnaður ofl.)	
Fast verð án vsk	249.900
Vsk (24,5%)	61.226
Samtals	311.126

*Kynntu þér lægra verð fyrir minni eignir

Verð miðast við einkasölu

Aðrar fasteignasölur, raundæmi:

				Reiknaðu dæmið sjálf(ur)
Söluverð á eign	15.000.000	22.000.000	30.000.000	
Sölupóknun (Kynntu þér mismunandi prósentur)	2,3% 345.000	1,95% 429.000	1,5% 450.000	%
Ýmis sölupóknunargjöld	10.000	25.000	30.000	
(Kr. 0 til 50.000,- mismunandi eftir fasteignasölum)				
Samtals án vsk	355.000	454.000	480.000	
Vsk (24,5%)	86.975	111.230	117.600	
Samtals	441.975	565.230	597.600	
ÞÚ SPARAR:	130.849	254.104	286.474	

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Auðbjörg G. Steinbach,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi sunnudaginn 11. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Ragnhildur Steinbach
Auðbjörg Steinbach
Guðmundur Steinbach
Baldvin Einarsson
Loftur Kristjánsson,
María Kristjánsdóttir.
Einar Baldvin Stefánsson
Kristján Loftsson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Guðmundur Jónasson,

lést að hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ, laugardaginn 10. febrúar. Útför Guðmundar verður gerð frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 19. febrúar kl. 13.

Magnús Guðmundsson
Ævar Guðmundsson
Stella B. Baldvinsdóttir
Guðrún B. Eyjólfsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásthildur Ólafsdóttir,
hárgreiðslumeistari, Vogatungu 67, Kópavogi,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi, sunnudaginn 11. febrúar. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Helga Jakobs
Ásthildur Björnsdóttir
Auðbjörg Björnsdóttir
og langömmubörn.
Björn Antonsson,
Birgir Gunnarsson
Gísli Kort Kristófersson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir og bróðir,

Bjarni Kristinn Ingólfsson,
Aðalgötu 7, Ólafsfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans v/Hringbraut sunnudaginn 11. febrúar.

Bára Sæmundsdóttir
Sæbjörg Anna Bjarnadóttir
og systkini hins látna.

†

Elskulegur faðir minn og bróðir,

Árni Guðmundur Kristinsson,
Kárastíg 14, Reykjavík,

lést föstudaginn 9. febrúar. Útförin auglýst síðar.

Júlíana Margrét Árnadóttir
Auðunn Friðrik Kristinsson
og fjölskyldur.

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

JIMMY HOFFA (1913-1975) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

„Ég hef marga bresti en að hafa rangt fyrir mér er ekki einn af þeim.“

Verkalýðsfélagsforinginn Jimmy Hoffa hvarf af yfirborði jarðar fyrir 32 árum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 14. FEBRÚAR 1779

Cook skipstjóri bíður bana

Á þessum degi árið 1779 var enski landkönnuðurinn James Cook drepinn af eyjarskeggjum á eyjunni Hawaii.

Árið 1768 fór Cook fyrir leiðangri vísindamanna til Tahíti. Þremur árum síðar sneri hann aftur til Englands, eftir að hafa kannað strendur Nýja-Sjálands og Ástralíu og siglt hringinn í kringum hnöttinn. Árið 1778 kom hann í fyrsta sinn til Hawaii-eyja, hugsanlega fyrstur Evrópumanna. Cook og skipverjum hans var tekið fagnandi af heimamönnum, sem töldu þá vera guði. Cook sneri aftur til eyjanna ári síðar. Hann og menn hans nutu mikils rausnarskapar heimamanna í rúman mánuð þar til einn skipverjanna dó og frumbyggjarnir áttuðu sig á að þeir voru dauðlegir. Eftir það kastaðist í kekki milli þeirra og 4. febrúar ýtti Cook úr vör en sneri aftur viku síðar sökum óveðurs. Eyjarskeggjar tóku á móti þeim með grjótkasti, sáttamiðlanir fóru út um þúfur eftir að innfæddur höfðingi var skotinn til bana. Heimamenn liði og réðust á leiðangursmennina og drápu skipstjórann.

JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR: 67 ÁRA Í DAG

Alls ekki á leiðinni í helgan stein

„Ég tel að allir afmælisdagar séu merkilegir en þessi markar auðvitað tímamót, því núna fyrst fer ég að hafa það gott peningalega,“ segir Jóhanna Kristjónsdóttir, blaðamaður og rithöfundur, sem er 67 ára í dag. Sem er í sjálfu sér ekki stórafmæli en markar tímamót að því leyti að Jóhanna er komin á formlegan eftirlaunaaldur. „Mér finnst það voðalegur frasi þegar fólk segir að því líði eins og það sé enn þá átján ára. Mér líður ekki eins og átján ára og er fegin því. Mér líður vel, ég er 67 ára og finnst það til fyrirmyndar.“

Jóhanna hefur lifað og hrærst í heimi araba; verið ötul að fræða Íslendinga um sögu og menningu þessa heimshluta og býst ekki við að slá slöku við á næstunni. „Nei, ég er ekkert að fara að draga mig í hlé, er nýkomin frá Líbíu, fer til Íran eftir nokkra daga og svo held ég til Jemen og Jórdaníu í mars og Kákasus-landanna í maí með fólki úr Vinafélagi Mið-Austurlanda.“

Jóhanna segist alltaf hafa gaman af því að halda upp á afmælið sitt en var þó ekki búin að ákveða hvað hún ætlaði að gera í ár þegar Fréttablaðið ræddi við hana. „En það verður eflaust eitthvað með fjölskyldunni og mínum nánustu.“ Hún bætir við kersknislega að þótt hún búist við að þjóðin öll bíði eftir að gefa sér gjöf í tilefni dagsins afþakki hún slíkt. „Ef fólk vill kysi ég frekar að það legði inn á sjóð til að styrkja stúlkur í Jemen til náms. Reikningsnúmerið er 1151-15-55-1212. Upphæðin má vera allt frá 200 krónum upp í nokkra milljarða ef einhver milljarðamæringur skyldi finna hjá sér hvöt. Nóg eigum við af þeim.“

Jóhanna segir eftirminnilegasta afmælisdaginn hafa verið þann tíunda. „Móðir mín var afar hugmyndarík og bjó til alls konar gjafir sem gestirnir voru leystir út með. Sá siður var líka á heimili mínu að afmælisbarnið skar ekki kökuna fyrst heldur síðast. Þetta var ég alin upp við og hafði ekki áhyggjur því ég vissi að ég fengi mitt að lokum.“

bergsteinn@frettabladid.is

JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR Segir tíu ára afmælið það eftirminnilegasta en móðir hennar hafði fyrir sið að leysa gesti út með gjöfum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og samúð við andlát og jarðarför eiginkonu minnar, dóttur, móður, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Guðrúnar Daníelsdóttur
(Minný) Tryggvagötu 24, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Ágústi Erni Sverrissyni lækni fyrir góða umönnun og nærgætni.

Tómas Jónsson
Hulda Guðjónsdóttir
Hjalti, börn og barnabarn
Hulda, Gunnar og börn
Hlynur og sonur
Heimir, Sólborg og börn
Berglind og synir.

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar elskulega föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Guðmundar Friðrikssonar
rafvirkjameistara, frá Seldal í Norðfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og vistmanna á Breiðabliki í Neskaupstað og Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýhug.
Guð blessi ykkur öll.

Ríkey Guðmundsdóttir
Elma Guðmundsdóttir
Friðrik Guðmundsson
Sigurliði Guðmundsson
Þórheiður Einarsdóttir

LEGSTEINAR
TILBOÐSDAGAR
allt að 50% afsláttur
af legsteinum og fylgihlutum
Sendum myndalista
MOSAIK Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is

60 ára
er í dag
Ívar Þórarinsson
Suðurvangi 2, Hafnarfirði.

Hann og eiginkona hans, María Jónsdóttir, verða stödd á Kanarí á afmælisdaginn.

SÖFNUNARFÉÐ AFHENT Logi Bergmann Eiðsson, Jóhannes Kristjánsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson afhentu fulltrúum fjögurra góðgerðarsamtaka fé sem safnaðist í Stjörnumessu Meistarans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meistarafé afhent

Aðstandendur spurningaþáttarins Meistarans afhentu í gær fé sem safnaðist í tveimur stjörnuþáttum þar sem þjóðþekktir einstaklingar tóku þátt í þágu góðs málefnis. Alls söfnuðust 960 þúsund krónur sem afhentar voru Stígamótum, Umhyggju – félagi langveikra barna, ABC Barnahjálp og MND-félaginu.

Í fyrri þættinum voru það þau Sif Friðleifsdóttir ráðherra og Jóhannes Kristjánsson eftirherma sem lögðu sjálfstæðismennina Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Gísla Martein Baldursson. Í þeim seinni lögðu svo feðginin og fréttamennirnir Ómar Ragnarsson og Lára Ómarsdóttir bræðurna og fjölmiðlamennina Steingrím Sævarr og Jón Ólafsson.

Keppendur fengu 10 þúsund krónur fyrir hvert stig og áttu einnig kost á að vinna sér inn 50 þúsund krónur fyrir pottspurninguna. Keppendur völdu sjálfir hvaða góðgerðarmálefni þeir vildu styrkja.

Söfnunarféð skiptist þannig að Sif og Jóhannes söfnuðu 210 þúsund krónum og völdu að láta söfnunarféð renna til Stígamóta. Vilhjálmur Þ. og Gísli Marteinn söfnuðu 250 þúsund krónum fyrir Umhyggju – félag langveikra barna. Ómar og Lára náðu að safna 255 þúsund krónum fyrir ABC Barnahjálp og Steingrímur og Jón söfnuðu 245 þúsund krónum fyrir MND-félagið.

MERKISATBURÐIR

1797 Breski flotinn undir stjórn Johns Jervis og Horatios Nelson sigra Spánverja við Sankti Vincent-höfða.

1942 Bandalag starfsmanna ríkis og bæja stofnað.

1972 Forseti Alþjóðaskáksambandsins tilkynnir að einvígi Borís Spasskí og Roberts Fischer um heimsmeistaratitilinn í skák fari fram í Belgrad og Reykjavík.

1988 Þrír yfirmenn í PLO, miðjusamtökum Yassers Arafat, eru myrtir með bílsprengju sem komið hafði verið fyrir í bíl þeirra.

1990 Farþegaþota Indian Airlines hrapar í lendingu með þeim afleiðingum að 91 farþegi lætur lífið.

2002 Vísindamenn í Bandaríkjunum klóna kött, sem þar með varð sjötta dýrategundin til að vera klónuð.

AFMÆLI

Tómas Helgason prófessor er 80 ára.

Irma Erlingsdóttir bókmenntafræðingur er 39 ára.

Steinþór Sigurðsson leikmyndahönnuður er 74 ára.

Grétar Sigurbergsson geðlæknir er 61 árs.

Jóhannes Ingimundarson sjónfræðingur er 40 ára.

SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.

Grand Vitara er glæsilegur og vandaður jeppi framleiddur í Japan af Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda heims, framleiðanda sem hefur áratuga reynslu í hönnun og framleiðslu á notendavænum og sparneytnum fjórhjóladrifsbílum og jeppum. Grand Vitara er fullbúinn jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingunni leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. Öryggisbúnaðurinn er eins og best gerist. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður. Síðast en ekki síst gera einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara aksturinn ánægjulegan hvort sem ekið er í borgarumferðinni eða upp á fjöllum.

GRAND VITARA

Verð frá 2.790 þús.

Kíktu á suzukibilar.is

SUZUKI
...er lífsstíll!

Suzuki bílar hf. Skeifunni 17. Sími 568 5100.

STUÐ MILLI STRÍÐA: Að missa ekki fótanna

INGI F. VILHJÁLMSSON STEIG Á NAGLA OG BEIT Á JAXLINN

Í júní 2006 steig ég á nagla og missti fótanna. Ég var að hjálpa vini mínum við fráslátt í Flóanum – hann hafði steypt grunn að húsi – þegar ég trampaði á nagla sem stóð upp úr timbrinu. Naglinn fór í gegnum sólann á strigaskónum mínum og inn í hægri ilina. Ég beit á jaxlinn.

Eftir tvær vikur fann ég slátt í fætinum; hann var heitur og þrútinn. Ég fékk áhyggjur af því að það hefði grafið í sárinu. Þegar vinur minn heyrði þetta sagði hann mér frá Pólverjanum sem varð sárfættur í vinnu sinni, fékk illt í sárin og missti báða fæturna. Það sást síðast til hans á hækjum niðri við Bæjarins bestu þar sem afgreiðslumaðurinn gaf honum pylsu og kók. Myndi þurfa að aflima mig eins og hann? Átti það að liggja fyrir mér að ýta mér um Lækjartorgið á hjólabretti, stýra því með stubbunum og sníkja klink?

Ég fór til læknis sem sagði að það væri ekki ígerð í sárinu. Hann pantaði ómskoðun fyrir mig. Ég var svo hræddur að ég fór upp á slysó um nóttina en sneri við. Ekkert kom út úr ómskoðuninni en ég var enn þá hræddur.

Um kvöldið var ég andvaka af áhyggjum. Ég hringdi í pabba og bað hann að koma með mér á slysadeildina. Stúlkan sem var á vakt skoðaði á mér ilina og horfði einkennilega á mig. Ég krafðist þess að fara í röntgen.

Konan sem tók röntgenmynd af fætinum fann ekkert á myndinni. Ég stóð upp og rak höfuðið í röntgen-myndavélina sem hékk í loftinu. Læknirinn brosti. „Kannski ættum við líka að taka mynd af hausnum á þér.“ Aðstoðarkona hennar tók móðurlega um upphandlegginn á mér og leiddi mig út.

Næst þegar ég stíg á nagla ætla ég að kyngja karlmennskunni; fara til læknis til að vera öruggur um að missa ekki fótanna aftur. Ég mun aldrei vita hvort það var sláttur í fætinum á mér eða ekki, en mér fannst eins og það græfi í sárinu og það var nóg.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SÖNGLEIKURINN

LEG

FRUMSÝNING 8. MARS. FORSALA HAFIN!

FORSÝNINGAR 1. 2. OG 3. MARS. AÐEINS 1500 KR. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

EFTIR HUGLEIK DAGSSON & FLÍS. LEIKSTJÓRI: STEFÁN JÓNSSON

Námufélagar Landsbankans fá **35% afslátt** af miðaverði
á allar sýningar gegn framvísun Námukortsins.

Landsbankinn

epal

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
fös. 16. feb. – sun. 18. feb. - fös. 23. feb. - sun. 25. feb. - fös. 2. mars
SÝNINGAR HEFJAST KL. 20 - ALLRA SÍÐASTU SÝNINGAR
Landsvirkjun
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15
ÓPERUDAGAR EVRÓPU
Laugardagur 16. feb. & Sunnudagur 18. feb: Opið hús frá kl.12.00 báða daga:
Leiðsögn um húsið, tónleikar, markaður ofl. Uppl. á www.opera.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

Leikhópurinn Á senunni og Hafnarfjarðarleikhúsið kynna söngleikinn:
Abbababb! eftir Dr. Gunna
2. sýning lau. 17. febrúar kl. 14.00
3. sýning lau. 17. febrúar kl. 17.00
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Forsala hefst mánudaginn 5. febrúar

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20
Fim 1/3 kl. 20 Fös 9/3 kl. 20
Síðustu sýningar

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 16/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20
Lau 10/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

MEIN KAMPF
Fim 15/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Fös 16/2 kl. 20 UPPS. Lau 17/2 kl. 20 AUKAS.
Sun 18/2 kl. 20 Sun 25/2 kl. 20
Sun 4/3 kl. 20 Sun 11/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 17/2 kl. 20 UPPS. Lau 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 22:30 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Lau 3/3 kl. 22:30 AUKAS. Fim 8/3 kl. 21 UPPS.
Fös 16/3 kl. 21 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 AUKAS.
Lau 24/3 kl. 22:30 AUKAS.

DAGUR VONAR
Lau 17/2 kl. 20 UPPS. Sun 18/2 kl. 20 UPPS.
Fös 23/2 kl. 20 UPPS. Sun 25/2 kl. 20 UPPS.
Fim 1/3 kl. 20 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Sun 4/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20 UPPS.
Fös 9/3 kl. 20 Fim 15/3 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin

LEIKHÚSSPJALL
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14
Sun 4/3 kl. 14 Sun 11/3 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 16/2 kl. 20 UPPS. Fim 22/2 kl. 20
Síðustu sýningar

KARÍUS OG BAKTUS
Uppselt á allar þessar sýningar!
Sun 18/2 kl. 13, 14,15, Sun 25/2 kl. 13,14,15,
Sun 4/3 kl. 13,14, 15, Sun 11/3 kl.13, 14, 15,
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15, Sun 25/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15, Sun 15/4 kl. 13,14,15
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Fös 23/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 25/2 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Aukasýning 23/2 nokkur sæti laus. Allra síðasta sýning!
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17: 00 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 **örfá sæti laus**, fös. 2/3 og lau. 3/3 örfá sæti laus. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus**, 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus**, 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 17/2 **kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus, þri. 20/2 örfá sæti laus,** mið. 21/2 **uppselt, lau. 24/2 nokkur sæti laus, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.**
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.
Kassinn kl. 20:00
SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 16/2.
Kúlan
PÉTUR OG ÚLFURINN - **Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 17/2 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 **uppselt**, sun. 18/2 kl. 13.30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 örfá sæti laus, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

!

kl. 20.00
Bókakvöld í Súfistanum á Laugavegi 18 í Reykjavík. Kynnt verða verk sem tilnefnd eru til fræðiverðlauna Hagþenkis og á eftir eru pallborðsumræður. Eftirtaldir höfundar og verk verða kynnt: Björn Hróarsson: Íslenskir hellar, Guðni Th. Jóhannesson: Óvinir ríkisins, Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar, Robert Jack: Hversdagsheimspeki. Þórunn Erlu Valdimarsdóttir: Upp á Sigurhæðir. Saga Matthíasar Jochumssonar.

> Ekki missa af..

Tónleikum Terem-kvartettsins í Salnum næsta fimmtudag kl. 20. Diddú kemur fram með þeim félögum sem slógu eftirminnilega í gegn á rússnesku menningarhátíðinni í Kópavogi 2005.

menning

menning@frettabladid.is

Hallgrímur sýnir ný verk

Hallgrímur Helgason myndlistarmaður og rithöfundur opnar sölusýningu á nýjum verkum í Gallerí Turpentine í Ingólfsstræti í Reykjavík á föstudag.

MYNDLIST Eitt verka Hallgríms á sýningunni.

Þetta eru allt ný verk sem hann sýnir en síðast sýndi hann á sama stað safn verka þegar hann flutti vinnustofu sína og gerðist heimavinnandi heimilisfaðir. Sýninguna kallar Hallgrímur *The Kodak Moments* og ber hún undirtitil: *Myndaflokkur um fjölskyldulíf – elskendur, foreldra, börn og barning kynja.*

Flokkurinn samanstendur af svarthvítum grafíkverkum, 110 að tölu, sem unnin voru á árunum 2004-2007. Þau eru prentuð með nýjustu tækni og fjalla öll um lífið innan veggja heimilisins; sambönd og sambúðir, foreldra, börn og barning kynja. Heiti myndaflokksins er sótt í heim ljósmyndunar en Kodak fyrirtækið hefur lengi kallað dýrustu augnablikin í lífi fólks „Kodak Moments". Hann segir efnið hafa kviknað fyrir þremur árum en haustið 2003 stofnaði listamaðurinn til fjölskyldu. „Bestu verkin koma þegar maður hættir að hugsa og leyfir myndinni sjálfri að fylla pappírinn. Þá verður þetta eins og bein útsending úr sálinni. En fyrst verður maður auðvitað að ná að tengja sig, ná sambandi við þá gömlu, ekki ósvipað og miðlar gera: Afstilla hugann en beintengja hönd við hjarta."

Í viðtali við Fréttablaðið sagði Hallgrímur um „nýjustu tækni" að myndirnar væru teiknaðar á pappír en síðan skannaðar inn í stafrænt form og hann ynni með þær áfram í Photoshop. Hvert verk er svo prentað út í stafrænni hágæðaprentun og myndin límd á álplötur og römmuð inn. „Signering á baki áls og á baki ramma. Þetta er litógrafía okkar tíma." segir hann. Hver mynd er gefin út í 8 tölusettum eintökum og er verði því stillt í hóf. Myndlistarmarkaðurinn íslenski hefur ekki tekið fullt mark á print-markaðnum sem er býsna stór erlendis og gefur almenningi kost á að eignast myndlist. Hallgrímur segir myndverkin sjálf frekar nett: „Þau eru í svipaðri stærð og Kenjar Goya sem margir kannast við, 20 x 14 cm en rammarnir eru stórir, 43 x 31."

Hér er fjallað á frumlegan og hispurslausan hátt um skin og skúrir í samböndum fólks, um vandfundið jafnvægi í samvinnu kynjanna, um ofurgleði og ofurþreytu foreldrahlutverksins og ýmsar aðrar afstæðiskenningar ástarinnar í myndum eins og „Emotional Luggage", „Cheers to Tears!" og „Feminism Comes Rolling Over My Fat Old Body" – en líkt og titill sýningarinnar eru heiti verkanna flest á hinu alþjóðlega tungumáli myndlistarinnar" og mun þar vera átt við enskuna.

- pbb

Ferðalok með þýskum áhrifum

Kennaraháskólinn heiðrar Jónas Hallgrímsson í tilefni 200 ára afmælisárs hans með fyrirlestrum alla miðvikudaga í febrúar milli 16 og 17. Í dag sjá prófessorarnir Loftur Guttormsson og Baldur Hafstað um fræðsluna.

Frumkvæði Jónasar að undirbúningi Íslandslýsingar Bókmenntafélagsins er umfjöllunarefni Lofts Guttormssonar í dag í KHÍ. Baldur Hafstað ætlar svo að benda á hvernig listaskáldið kallaðist á við rómantísk skáld í Þýskalandi í meira mæli en talið hefur verið. Spurður nánar út í efnið svarar Baldur. „Jónas var mjög upptekinn af þýskum bókmenntum og þýsku rómatíkinni. Það gerir hann að svona miklu skáldi hversu vel hann fylgist með því sem er að gerast og tileinka sér nýja bragarhætti." Þótt þýðing Jónasar á einu kvæði Heine komi við sögu í fyrirlestrinum hjá Baldri, þar sem Jónas fer á flug, lengir kvæðið verulega, breytir bragarhættinum og skreppur í því til Kaupmannahafnar, kveðst hann einkum ætla að benda á áhrif eldri skálda á Jónas, svo sem Novalis og Fouqué. „Í þeirra ljóðum finnst mér ég sjá svo margt sem Jónas lifir sig inn í og heimfærir upp á íslenskar aðstæður í eigin verkum," segir hann og nefnir tvö þekkt kvæði Jónasar sem dæmi, Ferðalok og Hulduljóðin.

BALDUR HAFSTAÐ Ætlar að fjalla um skáldið Jónas á opnum fyrirlestri í Kennaraháskólanum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Baldur segir fyrirlestra Kennaraháskólans upphafið að hátíðahöldum í tilefni 200 ára afmælis Jónasar. „Þetta byrjaði með stæl fyrra miðvikudag þegar þeir Eysteinn Þorvaldsson og Kristján Jóhann Jónsson fóru af stað með miklum bravúr og snilld. Svo ætlum við að halda dampi næstu þrjár vikurnar," segir Baldur og bætir við að lokum: „Við leiðum umræðuna og aðrir koma á eftir."

Fyrirlestrarnir eru í salnum Bratta í KHÍ og eru haldnir af fagráði í íslensku við skólann.

gun@frettabladid.is

Mikilvægi vináttunnar

Leikbrúðuland frumsýndi brúðuleikritið Vináttuna um síðustu helgi en þar er á ferðinni sýning sem samanstendur af fjórum sögum sem allar hverfast um þetta klassíska viðfangsefni. Leikhópurinn er skrifaður fyrir handriti sýningarinnar ásamt Erni Árnasyni sem jafnframt er leikstjóri og semur vísur og söngtexta. Sögurnar Vökudraumur, Regnbogafiskurinn, Risinn eigingjarni og Prinsessan og froskurinn eru tengdar saman með sögumanni sem ræðir við áhorfendur og leggur stuttlega út af þeim.

Með leikraddir í sýningunni fara Pálmi Gestsson, Sigrún Edda Björnsdóttir og Örn Árnason en brúðustjórnendur eru Aldís Davíðsdóttir og Helga Steffensen sem einnig annast brúðugerð ásamt Ernu Guðmarsdóttur.

Útlit sýningarinnnar er nokkuð hefðbundið, brúðurnar af ýmsu tagi en flestar litríkar og skemmtilegar. Sviðsmyndin er afar einföld enda verður Vináttan ferðasýning í leikskólum, grunnskólum, kirkjum og samkomuhúsum á komandi vikum og því ljóst að betra er þá að hafa umgjörðina ekki of flókna.

Stemningin hjá yngstu gestunum var mjög góð á frumsýningunni og ljóst að sýningin féll þeim afar vel. Sögurnar voru misvel til þess fallnar að kitla hláturtaugarnar hjá krökkunum en boðskapurinn var ávallt skýr og greinilegur – það borgar sig að vera góður, gjafmildur og vinsamlegur. Sagan um Eigingjarna risann var í sérstöku uppáhaldi hjá ungum samferðamanni mínum en þá var einnig leikin nokkuð hressandi músík með tilheyrandi fjöri auk þess sem risinn var óneitanlega stórskemmtileg persóna í allri sinni agalegu dýrð. Sagan sú er víst byggð á ævintýri eftir Oscar Wilde.

Ég var hrifnust af þeirri síðustu en þar er snúið hressilega upp á ævintýrið um prinsessuna sem kyssti froskinn, það er víst ýmsum vandkvæðum bundið að halda við sambandi þar sem bakgrunnur fólks er svo ólíkur.

Sýningin Vináttan er fjölbreytt og hressileg brúðusýning fyrir yngstu áhorfendurna, hún er alveg mátulega löng, fyndin og alvarleg með dágóðum slatta af músík og hasar.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

LEIKLIST

Vináttan

Leikbrúðuland

Handrit: Leikbrúðuland og Örn Árnason / Brúðugerð: Erna Guðmarsdóttir og Helga Steffensen / Brúðustjórn: Aldís Davíðsdóttir og Helga Steffensen / Leikraddir: Pálmi Gestsson, Sigrún Edda Björnsdóttir og Örn Árnason.

★★★

Lífleg og fjölbreytileg sýning fyrir yngstu áhorfendurna.

Nína semur við Naxos

Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari hefur undirritað útgáfusamning við hið þekkta hljómdiskafyrirtæki Naxos. Samningurinn felur í sér útgáfu á geisladisk með völdum einleiks- og kammerverkum eftir fyrsta tónskáld Íslendinga, Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Útgáfan var styrkt af Tónskáldasjóði RÚV, Þjóðhátíðarsjóði og Hljómdiskasjóði FÍT.

Á þessu ári eru liðin 160 ár frá fæðingu Sveinbjörns og er vel við hæfi að þessi fyrsti geisladiskur með einleiks- og kammertónlist hans nái eyrum tónlistarunnenda um allan heim í flutningi íslenskra tónlistarmanna. Voru valin verk hans flutt á dagskrá á Myrkum músíkdögum fyrir skömmu og leiddi Nína Margrét þá vinnu.

Flytjendur á geisladisknum auk Nínu Margrétar eru Auður Hafsteinsdóttir, fiðluleikari, Sigurður Bjarki Gunnarsson selló-leikari og Sigurgeir Agnarsson sellóleikari. Hljóðritun verkanna fór fram nýverið í Salnum undir stjórn Fabian Frank frá Arcantus Musikproduktion GbR í Þýskalandi.

Þetta er annar diskurinn sem kemur út á vegum Naxos með leik Nínu Margrétar. Árið 2001 hljóðritaði hún öll verk Mendelssohns fyrir fiðlu og píanó ásamt fiðluleikaranum Nicholas Milton (Naxos 8.554725). Diskurinn hlaut frábærar viðtökur gagnrýnenda víða um heim, m.a. í Gramophone og BBC Music Magazine. Nína hefur einnig leikið inn á diska verk eftir Pál Ísólfsson: Complete Original Piano Music fyrir sænsku útgáfuna BIS (CD-1139) og eftir þá Mozart og Mendelssohn: Piano Works (SKREF – 008). Þeir hafa einnig verið í alþjóðlegri dreifingu og fengið frábærar viðtökur í dagblöðum, fagtímaritum og útvarpsstöðvum hvarvetna: Þar má nefna High Fidelity, American Record Guide og Piano News. Af útvarpsstöðvum má nefna WNYC, WPKT, WWFM, WFMR, Kulturradio hr2, Sveriges Radio P2, CBC Radio og ABC Classic FM. Á þessum stöðvum hafa diskarnir hlotið kynningu og góða umsögn.

HLJÓMDISKAÚTGÁFA Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari.

RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.670.000
Verð frá kr. 1.341.365 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.380.000
Verð frá kr. 1.911.646 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 37.345
Fjármögnunarleiga kr. 29.996 án vsk.

Renault Master
Verð frá kr. 2.820.000
Verð frá kr. 2.265.060 án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 44.137
Fjármögnunarleiga kr. 35.452 án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 | www.eirvik.is

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Breskar konur með stærstu brjóstin

Ný könnun undirfataframleiðandans Triumph leiðir í ljós að breskar konur eru með stærstu brjóstin, en frá þessu greinir The Sun. Ríflega helmingur breskra kvenna notar samkvæmt könnunni skálastærðina D og segir götublaðið að Kelly Brook sé dágóð sönnun þess að breskar konur séu brjóstgóðar.

Danskar konur fylgja fast á eftir í öðru sæti en svo koma hollenskar, belgískar og franskar konur. Ítalskar konur eru með minnstu brjóstin samkvæmt könnuninni en aðeins tíunda hver kona kaupir sér brjóstahaldara í D-stærð en tæplega sjötíu prósent þeirra notast við skálastærðina B. Taka verður fram að íslenskar konur voru ekki meðal þátttakenda.

KELLY BROOK Er þekkt fyrir barm sinn í Bretlandi.

SOPHIA LOREN Er væntanlega ekki sátt við útkomu samlanda sinna í könnun Triumph.

GRÁÐUG Paris Hilton heimtaði 35 milljónir fyrir að koma fram í breskum sjónvarpsþætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

35 milljónir fyrir sjónvarpsþátt

Paris Hilton heimtaði 35 milljónir króna fyrir að koma fram í breskum sjónvarpsþætti á dögunum. Paris var beðin um að koma fram í þætti söngkonunnar Charlotte Church en boðið var snarlega afturkallað þegar hún setti fram kröfur sínar. „Hún heimtaði 35 milljónir en ég sagði nei. Það er ekki eins og ég sé hrifin af því sem hún og Lindsay Lohan gera, fara út á djammið nærbuxnalausar," sagði Charlotte Church.

Klörubar til bjargar Framsókn

„Fínn fundur. Glæsilegur. Frábær eyja. Með sól og sumri. Þó það sé vetur," segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sem sló í gegn meðal framsóknarmanna á Klörubar á Kanaríeyjum um helgina. 260 manns mættu til sérstaks hátíðarkvöldverðar fyrir hann og eiginkonu hans.

Um 360 manns, eða meira en 0,1% íslensku þjóðarinnar, mættu á fund framsóknarmanna á laugardag í Syðsta kjördæmi, sem svo nefnir sig og starfar á Kanaríeyjum. Fundurinn var að venju haldinn á Klörubar og gesturinn Guðni að þessu sinni en það eru þeir Sturla Þórðarson og Karl Arason sem standa fyrir fundunum.

Í ljósi þess hversu afleitlega Framsóknarflokknum hefur vegnað í skoðanakönnunum, nú síðast í könnun Fréttablaðsins þar sem segir að flokkurinn njóti einungis 3,9 prósenta stuðnings, líta framsóknarmenn nú vonaraugum suður á bóginn. Ekki að ófyrirsynju.

GUÐNI ÁGÚSTSSON Sló í gegn á Klörubar.

Sturla segir í samtali við Fréttablaðið að um tvö þúsund Íslendingar dvelji að staðaldri á Kanaríeyjum og meira yfir jól og páska. Hann gerir ráð fyrir því að um 75 prósent þeirra séu ellilífeyrisþegar og öryrkjar.

„Við höfum verið með reglulega spjallfundi á laugardagsmorgnum allt frá í október. Að meðaltali hafa komið 50 manns en þessi sló öll met. Töluvert af fólki stóð fyrir utan. Já, Guðni trekkir. Eftir viku er von á Ísólfi Gylfa [Pálmasyni]," segir Sturla. Í gær lenti svo Guðni á Íslandi eftir vikudvöl og lætur vel af dvöl sinni.

„Fullur af þreki og orku og úthvíldur," segir Guðni sem nú ætlar að snúa sér að kosningabaráttunni hér heima við.

„Það er niðurlægjandi fyrir flokk sem hefur komið svo mörgu góðu til leiðar, erfitt og óásættanlegt, að mælast með fjögurra prósenta fylgi. Flokkur sem ætti að vera fjórðungur þjóðarinnar," segir Guðni.

Fundurinn á Kanaríeyjum var hins vegar til þess fallinn að létta lundina. Guðni ræddi landsins gagn og nauðsynjar og sló á létta strengi. Fjörugar umræður spunnust og taldi Guðni vert að skoða hvort skattleggja ætti lífeyristekjur aldraðra út frá lífeyrissjóðum eftir öðrum lögum en um tekjuskatt. Hann telur eðlilegra að skattleggja alla upphæðina sem fjármagnstekjur og þá að ellilífeyrisþegar borguðu 10 prósent af tekjum sínum í skatt en ekki 35 prósent eins og nú er. Þessi orð Guðna féllu í mjög góðan jarðveg meðal fundarmanna á Klörubar.

KÁT Á KLÖRUBAR Hjónin Guðni og Margrét ásamt hinni frægu Klöru sem rekur bar þar sem safnast saman Íslendingar, ekki síst framsóknarmenn, á Kanaríeyjum.

Þá var boðið til sérstaks hátíðarkvöldverðar á Klörubar til heiðurs Guðna og konu hans, Margréti Hauksdóttur. Þar var húsfyllir eða 260 manns.

„Það glumdi í verslunarmiðstöðinni Yumbo Center af hlátri Íslendinga eftir brandarahrinu frá Guðna og ekki síður þegar hann var fenginn til þess að vera aðstoðarmaður fjöllistamanns, sem skemmti á eftir," segir Sturla.

„Já, ég tók þátt í að hjálpa honum. Og er ég nú ekki þekktasti fjöllistamaður Íslendinga. En lét mig hafa það," segir Guðni kíminn.

jakob@frettabladid.is

Borðum meiri fisk!

Uppskriftabæklingur með 20 ljúffengum fiskréttum fyrir alla fjölskylduna verður sendur heim til þín.

Ekki sleppa þessum!

LÝÐHEILSUSTÖÐ
www.lydheilsustod.is



TAPAR FÉ Sir Paul McCartney hefur tapað umtalsverðum fjárhæðum á skilnaði sínum við Heather Mills og ekki sér enn fyrir endann á þeim fjárútlátum.

Paul tapar peningum

Sir Paul McCartney hefur tapað miklum peningum síðan hjónabandsvandræði hans hófust. Nýir útreikningar sýna að velta fyrirtækis hans á fjárhagsárinu sem lauk 31. mars í fyrra var 1,2 milljarðar króna. Árið áður var veltan hins vegar rúmir tveir milljarðar. McCartney á þessa dagana i deilum við Heather Mills um skilnaðargreiðslu til hennar. Talið er að Bítillinn fyrrverandi þurfi að punga út umtalsverðum fjárhæðum.

DESIGNA

INNRÉTTINGAR

ELDHÚS BAÐ FATASKÁPAR

Designa Innréttingar

Lyngás 14
210, Garðabær
www.designa.is
designa@designa.is

Sími: 544 2130
Fax: 544 2133

Við erum hér !

NOISE Rokksveitin Noise heldur útgáfutónleika í kvöld.

Noise fagnar útgáfu

Rokksveitin Noise heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld í tilefni af útgáfu annarrar plötu sinnar, Wicked.

Platan inniheldur tólf frumsamin lög og var Ragnar Zolberg úr Sign upptökustjóri auk þess sem hann aðstoðaði við hljóðblöndun.

Húsið opnar klukkan 20.00 í kvöld og kostar 500 krónur inn. Sérstakir gestir verða Cliff Clavin, Út/Exit og Dimma.

STING Sting á bassanum þegar The Police spilaði á Grammy-verðlaunahátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tónleikaferð Police í maí

Rokksveitin The Police ætlar í tónleikaferð um heiminn í lok maí, rúmum tuttugu árum eftir að hún tók upp sína síðustu hljóðversplötu.

Forsprakki sveitarinnar, hinn 55 ára Sting, sagðist á blaðamannafundi hljóta að vera brjálaður að endurreisa sveitina. Fyrstu tónleikarnir verða í Norður-Ameríku en eftir það verður ferðinni heitið til Suður-Ameríku, Evrópu, Japans og Nýja-Sjálands.

Blaðamannafundurinn var haldinn degi eftir að hljómsveitin spilaði lagið Roxanne á Grammy-verðlaunahátíðinni við frábærar undirtektir.

The Police naut mikilla vinsælda á níunda áratugnum. Síðan þá hefur sveitin spilað nokkrum sinnum saman. Síðasta plata hennar, Synchronicity, kom út árið 1983.

Þrefaldir tónleikar

Hljómsveitirnar Benny Crespo´s Gang, The October Game frá Bretlandi og hin bresk/íslenska sveit Vafurlogi halda tónleika á Dillon í kvöld.

„The October Game höfðu samband við okkur á MySpace. Þeir eiga kunningja á Íslandi sem eru í Vafurloga og voru að leita sér að bandi til að spila með," segir Helgi Rúnar Gunnarsson, söngvari og gítarleikari Benny Crespo´s Gang. „Þeir eru búnir að gefa út plötu í Bretlandi sem hefur fengið fína dóma."

Benny Crespo´s Gang vinnur að sinni fyrstu breiðskífu og er stefnt á útgáfu um mánaðamótin mars-apríl. Mikið hefur gengið á hjá sveitinni að undanförnu því gítar- og hljómborðsleikarinn Lovísa Elísabet, betur þekkt sem Lay Low, hefur átt farsælan sólóferil síðustu mánuði og hafa tveir meðlimir Benny Crespo´s Gang aðstoðað hana á tónleikaferðum.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 og er frítt inn.

BENNY CRESPO´S GANG Hljómsveitin Benny Crespo´s Gang spilar á Dillon í kvöld ásamt The October Game og Vafurloga.

Twelve í apríl

Platan Twelve með pönkdrottningunni Patti Smith er væntanleg þann 17. apríl. Platan hefur að geyma útgáfur Patti af lögum ýmissa hljómsveita og tónlistarmanna, þeirra á meðal Stevie Wonder, Tears for Fears, Neil Young, Jimi Hendrix, The Doors, Bob Dylan, Nirvana, Bítlanna og The Rolling Stones.

Twelve er fyrsta hljóðversplata Smith síðan Trampin kom út fyrir fjórum árum. Þetta er jafnframt fyrsta platan í fullri lengd þar sem hún flytur lög eftir aðra tónlistarmenn.

Patti Smith, sem hefur haldið nokkra tónleika hér á landi, sló í gegn með plötunni Horses árið 1975. Þann 12. mars næstkomandi verður hún innvígð í Frægðarhöll rokksins í New York ásamt R.E.M., Van Halen, The Ronettes og Grandmaster Flash and the Furious Five.

Til hamingju!

Háskólabíó

PERFUME	kl. 6 - 9	B.i.12	FORELDRAR	kl. 8	Leyfð
DREAMGIRLS	kl. 6 - 9	B.i.7	BABEL	kl. 6 - 9	B.i.16
BLOOD DIAMOND	kl. 6 - 9	B.i.16	STRANGER THAN FICTION	kl. 5:50	Leyfð

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

ALPHA DOG	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.16	VEFURINN HENNAR.. M/- Ísl tal	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð
ALPHA DOG VIP	kl. 8 - 10:30		BABEL	kl. 8 - 10:50	B.i.16
PERFUME	kl. 5 - 8 - 10:50	B.i.12	BABEL VIP	kl. 5	
MAN OF THE YEAR	kl. 8 - 10:30	B.i.7	FORELDRAR	kl. 6	Leyfð
BLOOD DIAMOND	kl. 5 - 8 - 10:50	B.i.16	FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 3:40	Leyfð
			SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal	kl. 3:40	Leyfð

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

ALPHA DOG	kl. 8 - 10:30	B.i.16	
MAN OF THE YEAR	kl. 8:10 - 10:30	B.i.7	
BLOOD DIAMOND	kl. 8	B.i.16	DIGITAL
VEFURINN HENN..M/- Ísl tal	kl. 6	Leyfð	DIGITAL
CHARLOTTE´S... M/-Ensk tal	kl. 6	Leyfð	DIGITAL
THE PRESTIGE	kl. 10:30	B.i.12	
HAPPY FEET M/-Ensk tal	kl. 6	Leyfð	DIGITAL

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

ALPHA DOG	kl. 8	B.i. 12
LITLE CHILDREN	kl. 8	B.i. 14

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

VEFURINN HENN..M/- Ísl tal	kl. 6	Leyfð
PERFUME	kl. 8	B.i.12
FORELDRAR	kl. 6	Leyfð
BLOOD DIAMOND	kl. 8	B.i.16

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is

Daufangandi endursögn

Óhætt er að segja að kvikmyndaaðlögunar Ilmsins eftir Patrick Süskind hafi verið beðið með nokkurri óþreyju, sjálfsagt allar götur síðan bókin kom út um miðjan 9. áratuginn. Enda hefði sagan sjálfsagt ratað mun fyrr á hvíta tjaldið hefði höfundurinn ekki þráast við en hann mun ekki hafa treyst hverjum sem er til að koma verkinu sómasamlega frá sér. Eitthvað sá hann þó í landa sínum Tom Tykwer (Lola Rennt) sem hefur nú snarað skáldsögunni yfir á filmu, með brokkgengum árangri þó.

Ilmurinn gerist í Frakklandi um miðbik 18. aldar og segir frá hinum einstaklega þefnæma (en lyktarlausa) ilmvatnsgerðarsveini Jean-Baptiste Grenouille, sem einsetur sér að skapa hinn fullkomna ilm. Enga angan veit hann betri en af fallegum meyjum og hikar ekki við að myrða þær til varðveita ilm þeirra.

Sagan er víðfræg og væntingarnar miklar eftir því, sem er miður því Ilmurinn uppfyllir þær ekki. Akkilesarhæll myndarinnar er sá að Tykwer ber of mikla virðingu fyrir skáldsögunni; of litlu er hnikað til í þágu miðilsins nema þar sem síst skyldi, það er í persónu Grenouille. Annarleikinn, sem setur svo sterkan svip á bókina, er sannarlega til staðar en annars eðlis og langt því frá jafn óhugnanlegur. Í skáldsögunni er eitthvað djöfullegt við miskunnarleysi Grenouilles sem gerir hann fráhrindandi. Í kvikmyndinni finnur maður aftur á móti frekar til samkenndar með persónunni, sem er í þessu tilfelli ókostur. Ekki er þó við aðalleikarann Ben Wishaw að sakast, hann skilar sínu ágætlega.

Tykwer hefur greinilega lagt áherslu á að sleppa sem minnstu í frásögninni og brjóta hana ekki upp sem gerir hana aftur á móti langdregna. Sum atriðanna eru listilega vel gerð, til dæmis þegar þefnum á strætum Parísar er lýst, en of oft þarf myndin að reiða sig á sögumann til að koma aukaáhrifum textans til skila.

KVIKMYNDIR

Ilmurinn – Saga af morðingja (Perfume – Story of a Killer)

Leikstjóri: Tom Tykwer

Aðalhlutverk: Ben Wishaw, Alan Rickman og Dustin Hoffman.

★★

Niðurstaða: Á köflum listilega gerð en langdregin mynd, þar sem of mikil virðing er borin fyrir bókinni sem hún byggir á.

Efnistökin eru of nærgætin og dirfskulítil; í stað þess að fara eigin leiðir til að fanga anda sögunnar leggur Tykwer ofuráherslu á endursögn og þegar öllu er á botninn hvolft hlýtur Ilmurinn að teljast vonbrigði.

Bergsteinn Sigurðsson

Robbie í meðferð

Breski popparinn Robbie Williams fagnaði 33 ára afmælisdegi sínum með því að skrá sig í meðferð í Bandaríkjunum vegna fíknar sinnar í lyfseðilsskyld lyf.

Robbie gaf út plötuna Rudebox í október. Hefur hún lítið selst miðað við síðustu plötur hans, auk þess sem hann var ekki tilnefndur til Brit-verðlaunanna í ár sem besti söngvarinn og fyrir bestu plötuna. Hefur hann nánast verið áskrifandi að tilnefningunum undanfarin ár.

Í september í fyrra aflýsti Robbie fyrirhugaðri tónleikaferð sinni um Asíu vegna álags og ofþreytu. Treysti hann sér ekki í ferðina í framhaldi af tónleikaferð um Evrópu og Suður-Ameríku.

Robbie, sem hefur játað að hann þjáist af þunglyndi og finni til óöryggis, hefur áður farið í meðferð. Eftir að hann yfirgaf strákasveitina Take That árið 1995 var hann lagður inn vegna fíknar í kókaín, etöflur og áfengi. Í sjónvarpsviðtali árið 2004 sagðist hann einungis hafa hætt að nota eiturlyf og áfengi vegna þess að hann fitnaði svo mikið af þeim.

ROBBIE WILLIAMS Breski popparinn er kominn í meðferð í Bandaríkjunum.

Fyrrum félagar Robbie í Take That hafa átt frábæra endurkomu síðan þeir komu aftur fram á sjónarsviðið á síðasta ári. Uppselt hefur verið á tónleikaferð þeirra auk þess sem þeir hafa bæði náð smáskífu og breiðskífu á topp breska vinsældalistans. Lag þeirra Patience er jafnframt talið líklegt til afreka á Brit-verðlaunahátíðinni sem verður haldin í London í kvöld.

GOTT FÖLK McCANN

118 vinningshafar

Það eru 2.809 vinningshafar sem brosa breitt eftir útdráttinn í gær.

Gefðu þér færi á brosi eftir hálfan mánuð, því þá drögum við út 10 milljónamæringa.

Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

MINGHELLA Anthony Minghella við tökur á The English Patient ásamt Kristin Scott Thomas. Minghella verður í dómnefnd í samkeppni á MySpace um bestu stuttmyndina.

Keppni á MySpace

Hafin er samkeppni á síðunni MySpace um bestu stuttmyndina. Leikstjóri sigurmyndarinnar fær að gera kvikmynd í fullri lengd fyrir rúmar 130 milljónir króna.

Í dómnefnd eru m.a. hinir heimsfrægu leikstjórar Anthony Minghella, leikstjóri The English Patient, og Kevin MacDonald sem síðast leikstýrði The Last King of Scotland.

Notendur MySpace í Bretlandi geta tekið þátt í gerð kvikmyndarinnar og m.a. skrifað handritið og sótt um hlutverk í henni. Stefnt er að því að frumsýna hana samtímis í kvikmyndahúsum og á MySpace sumarið 2008.

> Hjálmar ólöglegur með Fram

Hjálmar Þórarinsson lék með Fram í leik gegn Víkingi á Reykjavíkurmótinu í síðustu viku. Nú hefur KSÍ staðfest að Hjálmar hafi verið ólöglegur leikmaður í Fram þar sem ekki hafi verið gengið formlega frá félagaskiptum hans frá Hearts í Skotlandi í Fram. Hjálmar skoraði fyrsta mark Fram í 2-1 sigri liðsins. Víkingi hefur verið úrskurðaður 3-0 sigur og leikur því til úrslita á Reykjavíkurmótinu gegn Fylki. Leikurinn verður háður 1. mars klukkan 19.15 í Egilshöll.

sport

sport@frettabladid.is

GUÐRÚN INGA SÍVERTSEN: HLAUT YFIRBURÐAKOSNINGU Í STJÓRN KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

Átti ekki von á svo góðri kosningu

Þróttarinn Guðrún Inga Sívertsen var á ársþingi KSÍ um liðna helgi kosin í stjórn sambandsins. Hlaut hún yfirburðakosningu en 114 af 118 þingfulltrúum gáfu henni sitt atkvæði.

„Jú, það má segja að þetta hafi verið nánast rússnesk kosning. Ég fékk einu atkvæði fleira en Halldór B. Jónsson og var mikið gert grín að því um kvöldið að ég hefði tekið varaformanninn í kosningunni," sagði Guðrún Inga í léttum dúr. „Ég er auðvitað mjög sátt við kosninguna. Ég átti þó ekki von á svo góðu fylgi en var samt bjartsýn. Ég var búin að heyra í fólki og finna fyrir góðum stuðningi. Ég gerði mér vissulega vonir um að komast í stjórnina en ekki að ég fengi svo mörg atkvæði."

Guðrún Inga hefur lengi starfað í knattspyrnuhreyfingunni, bæði hjá Þrótti og KSÍ. Aðspurð segist hún vona að hún hafi verið kosin vegna verðleika sinna og starfa innan hreyfingarinnar.

Mikið var rætt um hlutverk kvenna í KSÍ vegna framboðs Höllu Gunnarsdóttur í formannsembættið. Þar beið hún lægri hlut fyrir Geir Þorsteinssyni. „Ég tel að sú umræða hafi verið jákvæð. Ég hef áður sagt að það eru ekki margar konur starfandi innan KSÍ. En þegar litið er til knattspyrnuhreyfingarinnar allrar hafa ekki margar konur gegnt stjórnendastöðum í aðildarfélögunum. Hlutfallið milli félaganna og KSÍ er því ekkert svo brenglað."

Hún segir að framtíðin sé þó björt og hvetur Höllu til að halda áfram að starfa innan knattspyrnuhreyfingarinnar. „Ég held að konur séu sífellt að láta meira að sér kveða innan KSÍ."

Guðrún Inga segir að hún hafi sínar áherslur og hugmyndir sem hún vilji koma til skila innan stjórnar KSÍ. „Eins og Geir hefur sagt þá gerast góðir hlutir hægt. Ég er ekki að fara í stjórn til að gerbylta öllu á skömmum tíma. Það hefur verið unnið gott starf innan KSÍ á undanförnum árum og ég vil gera gott starf enn betra. En ég er með mínar hugmyndir og vona að ég nái þeim fram."

ÓLAFUR INGI Hér á landsliðsæfingu síðastliðið haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ólafur Ingi Skúlason:

Ólafur fer til Helsingborgar

FÓTBOLTI Ólafur Ingi Skúlason mun nánast örugglega semja við sænska úrvalsdeildarliðið Helsingborg í dag eða á allra næstu dögum. Þetta hefur Fréttablaðið eftir sínum heimildum.

Hann æfði með liðinu í síðasta mánuði og stóð sig vel. Þjálfari liðsins hefur sagt að hann vilji fá Ólaf til liðs við félagið.

Frægasti leikmaður Helsingborgar er án efa Henrik Larsson sem var um áramótin lánaður til Manchester United. Hann mun snúa aftur til Svíþjóðar í mars að öllu óbreyttu. **- esá**

VEL LAUNAÐUR Jón Arnór Stefánsson fær góð laun hjá Lottomatica í Róm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jón Arnór Stefánsson:

Fær 62 milljónir í laun í Róm

KÖRFUBOLTI Samkvæmt frétt í ítalska blaðinu La Repubblica fær Jón Arnór á milli 600 og 700 þúsund evra í laun fyrir samning sinn við Lottomatica. Þetta gerir um 62 milljónir íslenskra króna. Í blaðinu er talað um að hér sé um háar upphæðir að ræða. Jón Arnór er einn tveggja nýrra leikmanna en hinn er Roberto Chiacig, 210 metra miðherji sem lék einnig með Pamesa-liðinu. Í staðinn fyrir Chiacig var gríski leikmaðurinn Loukas Mavrokefalidis lánaður til spænska liðsins. Jóni Arnóri er ætlað stórt hlutverk í liði Lottomatica og þá sérstaklega í vörninni. - óój

Aðstoðarþjálfari QPR:

Rekinn vegna fjöldaslagsmála

FÓTBOLTI Eins og frægt er orðið leystist æfingaleikur enska knattspyrnufélagsins QPR og kínverska ólympíulandsliðsins upp í fjöldaslagsmál. Einn leikmaður, Zheng Tao, kjálkabrotnaði í látunum. Nú hefur QPR rekið aðstoðarþjálfara liðsins, Richard Hill, fyrir sinn hlut í slagsmálunum.

Enska knattspyrnusambandið rannsakar atvikið í samstarfi við þarlend lögregluyfirvöld. **- esá**

Haukarnir eru mitt félag

Aron Kristjánsson verður í fullu starfi hjá Haukum þegar hann kemur heim í vor. Hann þjálfar bæði karlalið félagsins og sinnir stöðu framkvæmdastjóra.

HANDBOLTI Aron Kristjánsson hefur gert þriggja ára samning um að þjálfa karlalið Hauka í handbolta og tekur hann við stöðu Páls Ólafssonar. Aron mun einnig taka við stöðu framkvæmdastjóra handknattleiksdeildarinnar og verður í fullu starfi hjá félaginu. Páll Ólafsson ætlar ekki að yfirgefa Haukana því hann mun aðstoða Aron og stjórnarmenn félagsins og sinna nýrri ráðgjafastöðu hjá handknattleiksdeildinni.

„Haukarnir eru mitt félag á Íslandi og það er búið að liggja í loftinu síðustu tvö árin að koma heim. Ég hlakka mikið til þess að takast á við það verkefni að þjálfa Haukaliðið og reyna að bæta umgjörðina í kringum félagið," sagði Aron Kristjánsson sem hefur spilað allan sinn handboltaferil hér á landi með Haukum.

„Það er tímabært og mikilvægt að rífa bæði leikmenn upp sem og fólkið í kringum félagið. Þetta er stór klúbbur með marga iðkendur og stuðningsmenn. Það hafa ótrúlega margir unnið í kringum félagið og það þurfa allir að leggjast á eitt til þess að gera umgjörðina flotta," segir Aron sem sér sjálfan sig sem vítamínssprautu inn í starf félagsins.

Aron er byrjaður að tala við núverandi leikmenn liðsins og ætlar að klára þær viðræður áður en hann fer að horfa lengra. „Þegar ég er búinn að klára að tala við alla verður gengið í það verkefni að sjá hvað þarf að styrkja liðið. Við viljum fyrst og fremst fá góða íslenska leikmenn," segir Aron sem hefur fylgst með Haukaliðinu og þekkir til leikmanna liðsins.

„Ég sé að það á að vera hægt að bæta liðið á frekar einfaldan hátt. Palli er búinn að ná góðum árangri en það hefur ekki gengið eins og skyldi núna og kannski tímabært að nýir kraftar komi til sögunnar," segir Aron sem líst vel á að hafa Pál Ólafsson sér við hlið. Aron segir tímann í Danmörku hafa vissulega mótað hann sem þjálfara.

„Það er búin að vera frábær reynsla fyrir mig að þjálfa í Danmörku. Þeir eru framarlega í því að þróa bæði klúbbana sjálfa sem og að þróa liðin sjálf," segir Aron sem hefur alltaf stefnt að þjálfun síðan að hann ákvað að verða kennari.

„Ég er ákveðinn og mjög metnaðargjarn. Ég gerir stórar kröfur til sjálfs míns og þar af leiðandi geri ég körfur til þeirra sem eru í kringum mig. Ég er skipulagður og vil vinna," segir Aron spurður um hvernig þjálfari hann sé en Aron hefur þjálfað félagið Skjern undanfarin þrjú tímabil.

Fram kom á blaðamannafundi í gær að Aron hefur hitt Dag Sigurðsson og rætt hugsanlegt samstarfs Hauka og Vals.

„Við Dagur höfum verið að ræða aðeins saman og hittumst meðal annars í Magdeburg á HM. Við vorum að velta upp ýmsum hugmyndum. Þetta eru bræðrafélög og það getur vel verið að við getum tekið upp eitthvert samstarf," segir Aron en Dagur Sigurðsson er að taka við stöðu framkvæmdastjóra Vals.

ooj@frettabladid.is



Á ÁSVÖLLUM Aron Kristjánsson sést hér stjórna danska liðinu Skjern í Evrópuleik gegn Haukum á Ásvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslandsmeistarar ÍBV eiga varla í lið og töpuðu með sautján mörkum í gær:

Lauflétt æfing fyrir Valsliðið

HANDBOLTI „Fyrri hálfleikurinn var hörmung en mér fannst seinni hálfleikurinn allt í lagi. Þetta var reyndar orðið hálfgert grín í seinni hálfleik en það voru þó þarna punktar sem ég var ánægður með," sagði Einar Jónsson, þjálfari Íslandsmeistara ÍBV sem eru víðsfjarri því að verja titlinn í ár. ÍBV tapaði með 17 marka mun fyrir Val í gær, 38-21, gegn sama liði og ÍBV vann 30-26 í Eyjum í september.

„Það eru tveir leikmenn farnir úr liðinu og við glímum við meiðsli og fleira í þeim dúr. Það hefur margt breyst síðan í þeim leik," segir Einar sem er að nota 4. flokksstelpur til þess að ná í leikhæft lið. Einar er samt ekkert að bugast. „Það þarf mjög margt að breytast. Við erum að fara í undanúrslit í bikar í næstu viku á móti Gróttu. Ef við spilum svona í þeim leik þá fer þetta bara eins og í kvöld. Við höfum verið mun sterkari á heimavelli í vetur og nýtum okkur það. Við erum í baráttu um að komast í deildarbikarinn og eigum möguleika á að komast í bikarúrslitaleikinn. Við erum í baráttunni á ýmsum vígstöðvum og það þýðir ekkert að gefast upp," segir Einar að lokum.

Leikurinn var aðeins létt æfing fyrir Valsliðið sem skoraði meðal annars fyrstu 9 mörkin og alls 20 hraðaupphlaupsmörk í öllum leiknum. Hornamennirnir Rebekka Skúladóttir og Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir settu skemmtilegan svip á leikinn með sjö mörkum hvor en ellefu af 14 mörkum þeirra komu úr hraðaupphlaupum. Ágúst Jóhannsson þjálfari er þrátt fyrir þennan stórsigur á Íslandsmeisturunum ekkert að stefna á 1. sætið.

„Við erum í 2. sæti og okkar markmið eins og staðan er í dag er að halda því. Stjarnan er bara með svo gríðarlega sterkt lið að það væri mikill bónus ef við myndum gera eitthvað meira en að taka annað sætið," sagði Ágúst eftir sigurinn. **- óój**

TILÞRIF LEIKSINS Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir fékk létta hraðaupphlaupsæfingu eins og aðrar í Valsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BECKHAM Fagnar hér með liðsfélögum sínum í United árið 2003. GETTY

David Beckham:

Snýr aftur á Old Trafford

FÓTBOLTI David Beckham mun snúa aftur á Old Trafford í næsta mánuði þar sem hann verður í Evrópuúrvali sem mætir Manchester United í góðgerðarleik. Leikurinn er í tilefni 50 ára afmæli Rómarsáttmálans.

Steven Gerrard og Jamie Carragher verða einnig í Evrópuúrvalinu en þar verður Marcello Lippi við stjórnvölinn.

Alex Ferguson hefur þegar sagt að hann muni stilla upp sterku liði. Þeirra á meðal er Henrik Larsson en það gæti reynst kveðjuleikur hans með liðinu. - esá

Stórsvig á HM í alpagreinum:

Dagný í 45. sæti

SKÍÐI Dagný Linda Kristjánsdóttir frá Akureyri varð í 45. sæti í stórsvigi á heimsmeistaramótinu í alpagreinum í Åre í Svíþjóð í gær.

Dagný varð í 54. sæti eftir fyrri ferðina en bætti stöðu sína í þeirri seinni og endaði 12,09 sekúndum á eftir sigurvegaranum, austurrísku skíðakonunni Nicole Hosp. Þetta var fyrsta greinin á mótinu sem sænska skíðadrottningin Anja Pärson vinnur ekki. **- óój**

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

DHL-deild kvenna

VALUR-ÍBV 38-21

Mörk Vals: Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 7 (8). Rebekka Skúladóttir 7 (11), Hildigunnur Einarsdóttir 7 (12), Ágústa Edda Björnsdóttir 5/2 (6/2), Drífa Skúladóttir 4/1 (7/1), Arna Grímsdóttir 3 (5), Sigurlaug Rúnarsdóttir 2 (4), Brynja Steinsen 1 (1), Hafrún Kristjánsdóttir 1 (1), Katrín Andrésdóttir 1 (4), Anna Guðmundsdóttir 0 (1).

Varin skot: Pavla Skavronkona 14, Jolanta Slapikiene 6.

Mörk úr hraðaupphlaupum: 20 (Rebekka 7, Guðrún 4, Hildigunnur 3, Arna 2, Sigurlaug 2, Ágúst 2).

Fiskuð víti: Ágústa 2, Hildigunnur

Utan vallar: 4 mínútur.

Mörk ÍBV: Pavla Plaminkova 12/3 (22/3), Pavla Nevarilova 4 (6), Sæunn Magnúsdóttir 2 (12), Sædís Magnúsdóttir 1 (1), Elísa Viðarsdóttir 1 (1), Sara Sigurðardóttir 1 (3). Renata Horvath 0 (3), Hekla Hannesdóttir 0 (5).

Varin skot: Ecaterina Dzhukeva 11, Heiða Ingólfsdóttir 2.

Mörk úr hraðaupphlaupum: 7 (Pavla P. 3, Pavla N. 1, Elísa, Sara, Sæunn)

Fiskuð víti: Pavla P, Pavla N. Hekla.

Utan vallar: 4 mínútur.

Þýska bikarkeppnin

LEMGO-KIEL 32-35

Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson skoruðu báðir 1 mark fyrir Lemgo í leiknum.

PLAYERS

Sport Café

Egils Gull Poolmót Players

Dagana 18. mars, 1., 15. og 29. apríl

VERÐLAUN VERÐA VEITT FYRIR ÞRJÚ EFSTU SÆTIN

1. verðlaun 40.000 kr. + Gull-varningur og þátttökuréttur í lokakeppni
2. verðlaun 30.000 kr. + Gull-varningur og þátttökuréttur í lokakeppni
3. verðlaun 20.000 kr. + Gull-varningur og þátttökuréttur í lokakeppni
4. Þátttökuréttur í lokakeppninni

Fjórir efstu spilarar á hverju móti (16 alls) vinna sér inn þátttökurétt í lokakeppninni þar sem verðlaunin eru Spánarferð. Sú keppni verður haldin sunnudaginn 6. maí.

LEIKFYRIRKOMULAGIÐ

Um er að ræða útsláttarkeppni þar sem hver keppandi má tapa einum leik í hverju móti. Keppt verður með forgjöf þannig að allir geta tekið þátt.

Skráning fer fram í síma 544 5514, á players@players.is
eða hjá Players, Bæjarlind 4 – fyrir kl. 12 á miðnætti daginn fyrir keppnisdag.

Þátttökugjald er 3.000 kr. fyrir hvert mót. Hámark 64 keppendur á hverju móti.

Missið ekki af þessu stærsta og skemmtilegasta Pool-móti ársins.

GULL-TILBOÐ ALLA MÓTSDAGANA!

LÉTTÖL

> JENNIFER ANISTON

Fæddist í Kaliforníu 11. febrúar 1969. Hún eyddi einu ári með fjölskyldu sinni í Grikklandi þegar hún var barn. Þau fluttust síðan til New York en foreldrar hennar skildu þegar hún var níu ára og bjó hún hjá móður sinni. Hún fékk mikinn áhuga á leiklist í skóla og fór þá í sérstakan leiklistarskóla. Hún lék í leiksýningum áður en hún sótti um hlutverk í sjónvarpsþáttunum Friends þar sem hún átti eftir að slá í gegn. Upphaflega reyndi hún að fá hlutverk Monicu en fékk hlutverk Rachel Green. Jennifer Aniston leikur í myndinni The Good Girl sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON KOM AUGA Á FEGURÐINA AÐ INNAN

Andstæðum stillt upp

Bandaríski sjónvarpsþátturinn Ugly Betty vakti fyrst athygli mína þegar hann vann Golden Globe-verðlaunin á dögunum. Kom það mörgum á óvart enda eru aðstandendur þáttarins af spænskum uppruna og kannski ekki efstir á blaði á meðal framámanna bandaríska afþreyingariðnaðarins.

Sýningar á þættinum eru nú hafnar í Ríkissjónvarpinu og miðað við fyrsta þáttinn voru verðlaunin fyllilega verðskulduð. Ugly Betty fjallar um unga fátæka konu af spænskum uppruna sem starfar sem aðstoðarkona tískumógúls og gengur ýmislegt á á milli þeirra. Aðalpersónan Betty er, eins og nafnið gefur til kynna, ekki sú fríðasta og þegar hún á í samskiptum við yfirmann sinn og hinn yfirborðskennda tískubransa er litið niður á hana vegna útlitsins og uppruna hennar.

Það skemmtilega við þáttinn er það hvernig andstæðum er stillt upp saman og sú gamalkunna staðreynd að fegurð fólks er ekki alltaf sjáanleg utan frá. Betty er hvorki falleg né grönn eins og „æskilegt" er og þess vegna þarf hún að leggja sig enn meira fram en ella til að fá viðurkenningu.

Það er gaman að sjá loksins þátt um venjulega manneskju sem lítur ekki út eins og kvikmyndastjarna og þarf að takast á við hin hefðbundnu vandamál daglegs lífs. Þaðan eiga vinsældir þáttarins vafalítið rætur sínar að rekja.

UGLY BETTY Sjónvarpsþátturinn Ugly Betty er sýndur í Ríkissjónvarpinu.

EKKI MISSA AF

▶ **18.00 Cheaper by the Dozen** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **19.55 Bolton - Arsenal** SÝN

▶ **20.10 Ugly Betty** RÚV

▶ **20.30 South Park** SIRKUS

▶ **23.15 Jay Leno** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.55 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins (3:3) Flutt verða þrjú laganna sem keppa í úrslitum á laugardagskvöld.
17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Suðandi stuð (1:21)
18.23 Sígildar teiknimyndir (21:42)
18.30 Herkúles (20:28)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Ljóta Betty** (2:22) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun á dögunum sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki.
20.55 Nægtaborð Nigellu (8:13) (Nigella Feasts) Bresk matreiðsluþáttaröð.
21.25 Aukaleikarar (2:6) (Extras)
22.00 Tíufréttir
22.25 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins (3:3) Flutt verða þrjú laganna sem keppa í úrslitum á laugardagskvöld.
22.35 Íþróttakvöld
22.50 Glenn Gould (2:2) Seinni hluti heimildamyndar eftir Bruno Monsaingeon um kanadíska píanóleikarann Glenn Gould.
23.45 Kastljós
00.15 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 The Good Girl Bönnuð börnum.
08:00 Agent Cody Banks
10:00 Just For Kicks (Alltaf í boltanum)
12:00 Cheaper by the Dozen
14:00 Agent Cody Banks
16:00 Just For Kicks (Alltaf í boltanum)
▶**18:00 Cheaper by the Dozen**
20:00 The Good Girl Aðalhlutverk: Jennifer Aniston, Zooey Deschanel, Jake Gyllenhaal. 2002. Bönnuð börnum.
22:00 Back in the Day Stranglega bönnuð börnum.
00:00 Everbody´s Doing It
02:00 Swimfan (Aðdáandinn)
04:00 Back in the Day

STÖÐ 2

07:20 Grallararnir (Tiny Toons)
07:40 Taz-Mania 1
08:00 Oprah
08:45 Í fínu formi 2005
09:00 Bold and the Beautiful
09:20 Related (8:18) (Systrabönd)
10:05 Ganga stjörnurnar aftur?
10:50 Whose Line Is it Anyway?
11:15 60 mínútur
12:00 Hádegisfréttir
12:40 Nágrannar (Neighbours)
13:05 Jane Hall´s Big Bad Bus Ride
14:00 Osbournes (1:10) (e)
14:25 American Idol (7:41)
15:05 American Idol (8:41)
15:50 Shoebox Zoo
16:13 Sabrina - Unglingsnornin
16:38 Stubbarnir
17:03 Könnuðurinn Dóra
17:28 Bold and the Beautiful
17:53 Nágrannar (Neighbours)
18:18 Íþróttir og veður
18:30 Fréttir, íþróttir og veður
19:00 Ísland í dag
19:40 Oprah
20:25 Extreme Makeover (6:23)
21:10 Nip/Tuck (7:15) Sean og Christian þurfa að eiga frekari afskipti af fyrrverandi sjúklingum sínum. Dawn Budge þarf að fara í eyrnaígræðslu á meðan annar skjólstæðingur fær áfall og vill að þeir breyti á sér andlitinu. Bönnuð börnum.
22:00 Medium (2:22) (Miðillinn) Alison dreymir saman drauminn aftur og aftur og í hvert sinn kemst hún þær því að ráða skelfilega merkingu hans.
22:45 Grey´s Anatomy (11:22) (Læknalíf) Faðir O´Malleys fer úr einni aðgerðinni í aðra og er vart hugað líf á meðan faðir Meredith kemur óvænt í heimsókn. Ungur og sérlega hortugur unglingur setur allt á annan endann á spítalanum.
23:30 Kompás
00:05 Bram Stoker´s Dracula
02:10 The Closer (12:15)
02:55 Nip/Tuck (7:15)
03:40 Medium (2:22) (Miðillinn)
04:25 A Thing Called Love (2:6)
05:25 Fréttir og Ísland í dag
06:35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18:00 Insider (e)
18:30 Fréttir, íþróttir og veður
19:00 Ísland í dag
19:30 Seinfeld
19:55 3. hæð til vinstri (13:30)
20:00 Entertainment Tonight
▶**20:30 South Park**
21:00 Smith - NÝTT Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og engin venjulegur þjófur. Ránin hans eru þaulskipulögð og djörf. Hann er þó ekki einn í þessu því Bobby hefur góðan hóp með sér og ekkert verkefni er of stórt fyrir þau. En stóra spurningin er hversu lengi getur Bobby lifað þessu tvöfalda lífi án þess að það komist upp? Flottir þættir um flotta glæpamenn. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch).
22:50 Brat Camp USA Hvað gerir þú við ungling sem að blótar þér, brýtur lög og hlustar ekki á neitt sem þú segir? Þetta vandamál þurfa níu fjölskyldur að takast á við. Þessar fjölskyldur stóðu frammi fyrir erfiðri ákvörðun og ákváðu að lokum að senda börnin sín í Sage Walk skólann. Ná krakkarnir að róast á þessum tveimur mánuðum?
23:40 Insider
00:05 Ali G (e)
00:35 The Loop (e)
01:00 Seinfeld
01:25 Entertainment Tonight (e)
01:50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18:15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
16:45 og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07:15 Beverly Hills 90210 (e)
08:00 Rachael Ray (e)
08:45 Vörutorg
09:45 Melrose Place (e)
14:45 Vörutorg
15:45 Innlit / útlit - NÝTT (e)
16:45 Beverly Hills 90210
17:30 Rachael Ray
18:15 Melrose Place
19:00 Everybody Loves Raymond (e)
19:30 The King of Queens (e)
20:00 Love, Inc.
20:30 Out of Practice Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.
21:00 America's Next Top Model Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Taugarnar eru þandar hjá stúlkunum í Barcelona. Þær þurfa að dansa flamenco í flottri myndatöku og það þarf ekki mikið til að koma þeim úr jafnvægi. Tyra stýrir myndatöku í ísköldu vatni og ein stúlkan frís... bókstaflega.
22:00 Jericho Bandarísk þáttaröð um íbúa í bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir. Sprengjurnar voru bara byrjunin. Hættulegir flóttamenn eru á ferli og vandræði íbúa Jericho eru rétt að byrja.
22:50 Everybody Loves Raymond
▶**23:15 Jay Leno**
00:05 Close to Home (e)
00:55 Beverly Hills 90210 (e)
01:40 Vörutorg
02:40 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

07:00 Að leikslokum (e)
14:00 Fiorent. - Udenese (frá 11. feb)
16:00 West H. - Watford (frá 10. feb)
18:00 Newcastle - Liverp. (frá 10.feb)
20:00 Bolton - Fulham (frá 11. feb)
22:00 Arsenal - Wigan (frá 11. feb)
00:00 Fiorent. - Udinese (frá 11. feb)
02:00 Dagskrárlok

Tilboð dagsins!
Laxasteik með BBQ sósu
á aðeins
795 kr./500g
Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir
FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

Í KVÖLD

SIRKUS KL. 21.00

Smith

Nýr og hörkuspennandi bandarískur framhaldsþáttur með stórleikaranum Ray Liotta í aðalhlutverki. Hann leikur Bobby, náunga sem virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er í góðri vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er þjófur. Og enginn venjulegur þjófur. Ránin hans eru þaulskipulögð og djörf. Hann er þó ekki einn í þessu því Bobby hefur góðan hóp með sér og ekkert verkefni er of stórt. En stóra spurningin er hversu lengi Bobby getur lifað þessu tvöfalda lífi án þess að það komist upp? Flottir þættir um flotta glæpamenn. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch).

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ JERICHO SKJÁREINN 22.00

Bandarísk þáttaröð um íbúa í bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir eru gerðar á bandarískar borgir. Sprengjurnar voru bara byrjunin. Hættulegir flóttamenn eru á ferli og vandræði íbúa Jericho eru rétt að byrja. Þetta er annar þáttur en í fyrsta þættinum sem sýndir voru fyrir viku gerðust ógnvænlegir atburðir.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

07.00 Fréttir
07.05 Morgunvaktin
08.00 Fréttir
09.00 Fréttir
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.13 Pipar og salt
11.00 Fréttir
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Eftir örstuttan leik
14.30 Miðdegistónar
15.03 Þættir úr íslenskri leikritun: Mangi gráslepp
16.00 Fréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Vitinn
19.30 Laufskálinn
20.10 Heima er best
21.00 Út um græna grundu
22.00 Fréttir
22.15 Lestur Passíusálma (9:50)
22.22 Glæta
23.05 Fallegast á fóninn
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

18:10 Þýski handboltinn
19:25 Gillette World Sport 2007
▶19:55 FA Cup 2006 (Bolton - Arsenal) Bein útsending frá leik Bolton og Arsenal í 5. umferð ensku bikarkeppninnar FA Cup. Arsenal er í baráttunni á öllum vígstöðum en liðið er komið í úrslitaleik deildabikarsins og er í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Bolton hefur hins vegar haft ágætis tak á Arsenal síðustu misserin.
21:55 Sterkasti maður í heimi 2006
22:25 Kraftasport - 2007
22:55 Þýski handboltinn Þáttur um þýska handboltann.
23:25 FA Cup 2006 (Bolton - Arsenal)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Bamses Billedbog **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Genbrugsguld **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Smagsdommerne **9.10** Sommerminder fra ¢en **9.25** OBS **9.30** Læs for livet **10.00** Jagerpiloterne **10.30** DR Explorer: Klimavidner i Afrika **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Grøn glæde **12.00** Hvad er det værd **12.2**5 Aftenshowet **13.20** Uventet besøg **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Det Vildeste Westen **15.15** Boogie Boblerne **15.30** Pucca **15.35** Hannah Montana **16.0**0 Junior **16.30** Snip Snap Snude **16.50** Sallies historier **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** De moderne familier **19.00** Danmarks Indsamling **19.30** Mor, mor og bøn **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.15** Onsdags Lotto **22.20** OBS **22.25** Forbrydelsen **23.25** Arbejdsliv - find et job! **23.55** Boogie Update

NRK 1

8.30 VM alpint 2007 **9.00** Siste nytt **9.05** VM alpint 2007 **10.00** Siste nytt **10.05** VM alpint 2007 **10.40** Distriktsnyheter **11.00** Siste nytt **11.05** VM alpint 2007 **12.00** Siste nytt **12.05** VM alpint 2007 **13.00** Siste nytt **13.05** VM alpint 2007 **13.30** Barna på Luna **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Barna på Luna **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Perspektiv: "Tango for to" i 50 år **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Tralala kjærligheten! **17.05** Jenta i fjellene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Eva og Adam **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Herskap og tjenere **22.00** Kveldsnytt **22.20** Lydverket **22.55** Den tredje vakten **23.35** Gutter er gutter

SVT 1

8.30 Garage om film **9.00** Extra **9.25** Born Wild **9.30** Great thinkers of our time **10.00** Ramp höjdare **11.00** Rapport **11.05** Prins Joachims Schackenborg **11.45** Alpint: VM i Åre **13.20** Flickan från Rio **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Fifi och blomsterfröna **17.10** Alice åker till Kina **17.15** Dagens visa **17.20** Små spöken **17.30** Kolla Gud **17.45** Klister **18.00** Rea **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart 1**9.30** Små grytor har också öron **20.00** Stockholm live **20.30** Entourage **20.55** Döden i rörelse **21.25** Livet i 8 bitar **22.50** Rapport **23.00** Kulturnyheterna **23.10** Bingo Royale **23.55** Sändningar från SVT24



HRÓSIÐ ...

... fær Fabrizio Fascaroli sem brotið hefur blað í sögu Háskóla Íslands með því að vera fyrsti útlendingurinn sem sest í Stúdentaráð skólans.

Umdeildur afhommari í Kastljósi

„Mér finnst fáránlegt að þramma fram með svona einstakling og gefa honum tuttugu mínútur í Kastljósinu til að ráðast á minnihlutahóp," segir Helga Vala Helgadóttir laganemi og bæjarstjórafrú í Bolungarvík.

Hún gagnrýnir harðlega þá ráðstöfun Kastljóss að birta viðtal Helga Seljan við Alan Chambers hvers vitnisburður er að hafa verið hommi en frelsast frá því fyrir tilstilli trúarinnar. Chambers var hér fyrir um mánuði á vegum Hvítasunnusafnaðarins og fór þá víða til að boða valkost fyrir samkynhneigða – þeir gætu afhommast með hjálp trúarinnar.

Helga Vala veltir því fyrir sér hvort til dæmis meðlimur Ku Klux Klan fengi eins mikið pláss til að úttala sig.

„Samkynhneigð er ekki sjúkdómur. Sem menn læknast af. Og ótrúlegt að einhver vilji abbast upp á það sem fólk er."

Aðspurð um hvort ekki geti verið lærdómsríkt að heyra ofan í menn sem Chambers segir Helga Vala að til séu viðkvæmar sálir og menn eigi að bera virðingu fyrir lífsgildum þeirra sem samkynhneigðir eru. Og spurð hvort svona málflutningur á borð við hennar gangi ekki í berhögg við tjáningarfrelsi vitnar Helga Vala í stjórnarskrá þar sem segir að bannað sé að ráðast á minnihlutahópa.

„Tólf mínútur, rétt rúmar. Leiðréttum það strax," segir Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss. Hann segist virða sjónarmið Helgu Völu en áhugavert sé að heyra önnur sjónarmið. Sérstaklega þar sem um mann sé að ræða sem hefur upplifað þetta sjálfur. Hins vegar megi deila um ýmislegt sem Chambers segir.

„Ég bauð formanni Samtakanna 78 að koma í Kastljós í viðtal, Hrafnhildi Gunnarsdóttur, en hún vildi það ekki að svo stöddu. Ég skil þessa viðkvæmni því málið er viðkvæmt en stundum þurfa fleiri raddir að heyrast en ein." - jbg

HELGA VALA Segir að samkvæmt stjórnarskrá sé bannað að ráðast á minnihlutahópa.

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Málið er viðkvæmt en fróðlegt að heyra ofan í Alan Chambers sem segist hafa frelsast frá samkynhneigð.



LÁRÉTT
2 fyrirhöfn **6** upphrópun **8** for **9** flík **11** leita að **12** eftirsjá **14** vefja **16** hvað **17** umrót **18** keyra **20** tónlistarmaður **21** maður.

LÓÐRÉTT
1 tilfinningaleysi **3** skóli **4** brá **5** knæpa **7** fugl **10** traust **13** hár **15** sót **16** merki **19** rykkorn.

LAUSN
LÁRÉTT: **2** ómak, **6** oj, **8** aur, **9** fat, **11** gá, **12** iðrun, **14** rúlla, **16** ha, **17** los, **18** aka, **20** kk, **21** karl.
LÓÐRÉTT: **1** dofi, **3** ma, **4** augnlok, **5** krá, **7** jaðraka, **10** trú, **13** ull, **15** aska, **16** hak, **19** ar.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 818 milljónir króna.
2. Jude Law.
3. Lottomatica Roma.

MARKAÐURINN
Einfalt mál
Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga

JUDE LAW: NÝTUR LÍFSINS MEÐ BÖRNUM SÍNUM Á ÍSLANDI

Alþýðlegur á sundskýlu í Laugardalslauginni

„Ég sá að þetta var mjög myndarlegur maður en hafði ekki hugmynd um hver þetta var," segir Þórunn Green í afgreiðslu Laugardalslaugarinnar. Þórunn afgreiddi stórleikarann Jude Law ofan í laug á þriðjudagskvöldið þegar hann kom þangað ásamt börnunum sínum þremur til að hrista af sér ferðaslenið eftir flug frá London fyrr um daginn. „Það var ekki fyrr en sundlaugagestur kom út úr búningsklefanum og tjáði mér að hann hefði klætt sig í með Jude Law sér við hlið að ég áttaði mig á þessu," bætir Þórunn við og hlær.

Hún segir Law hafa verið eins og hver annar sundlaugagestur, borgað sig inn og að hann hefði virkað á sig sem sannur fjölskyldumaður með grislingunum þremur. „En hann skar óneitanlega úr enda sætur maður," útskýrir Þórunn. Hún tekur þó skýrt fram að Law hafi ekki sýnt neina stjörnustæla heldur verið fús til að ræða við hvern sem vildi. Hafi komið út úr búningsklefanum og rætt við gesti og gangandi.

Law hefur látið fara vel um sig á 101 Hótel í miðbæ höfuðborgarinnar þá tvo daga sem hann hefur verið hér á landi. Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að leikarinn ætli að dveljast hér í vikutíma og samkvæmt upplýsingum blaðsins tók Law íbúðarsvítu hótelsins á leigu en nóttin þar kostar tæpar sjötíu þúsund krónur.

Starfsfólk þeirra fjölmörgu kaffi- og veitingastaða sem er að finna í miðborginni hafði ekki orðið vart við ferðir stjörnunnar í gær en eins og ein starfsstúlka Kaffitárs á Bankastrætinu lét hafa eftir sér: „Ég hefði svo sannarlega ekki neitt á móti því að hann kæmi hingað inn og fengi sér kaffi. Hann er í raun velkominn hvenær sem er."

Veðrið hefur svo sannarlega leikið við Law en sól og logn var í höfuðborginni í allan gærdag og fór lítið fyrir því rúmlega tveggja gráðu frosti sem sjá mátti á veðurmælum. Fréttablaðið hafði það eftir reyndum mönnum í stjörnubransanum að Law hefði að öllum líkindum nýtt sér blíðviðrið og brugðið sér út á land.

Law átti að vera viðstaddur Elle Style Awards sem fram fóru á Roundhouse Hotel í London á þriðjudagskvöld þar sem hann hafði verið útnefndur besti leikarinn. Hann kom sér hins vegar hjá því og fór þess í stað með börnin til Íslands. Meðal þeirra stjarna sem voru viðstaddar má nefna Thandie Newton, Naomi Campbell og Penelope Cruz en ekki Law, hann kaus Laugardalslaugina fram yfir partístandið.

freyrgigja@frettabladid.is

LAW Í LAUGINNI Jude Law var eins og hver annar þjóðfélagsþegn í Laugardalslauginni og lék við börnin sín í sundlauginni í Laugardalnum. SAMSETT MYND/KRISTINN

ÞÓRUNN GREEN Gerði sér ekki grein fyrir því að þarna væri sjálfur Jude Law á ferðinni fyrr en annar baðgestur benti henni á það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Starfsmenn Tryggingamiðstöðvarinnar bundust **Óskari Magnússyni**, forstjóra fyrirtækisins, líklega órofa böndum fyrir fullt og allt þegar þeim barst sérstök gjöf frá honum fyrir jól. Í pakkanum leyndist smásagnasafn Óskars, Borðaði ég kvöldmat í gær? sem kom út í fyrra. Síst minnkaði gleði starfsfólksins þegar það veitti því athygli að skáldið hafði haft fyrir því að árita hvert og eitt eintak. Enda hefði sjálfsagt engum dottið í hug að skila bókinni, nema auðvitað að viðkomandi hefði fengið annað eintak í jólagjöf. Skemmst er frá því að segja að um fátt annað var rætt í mötuneytinu dagana fyrir og eftir jól en frumraun forstjórans á ritvellinum og voru starfsmenn almennt hrifnir.

Þó svo að **Steingrímur Sævarr Ólafsson** sé orðinn kynþokkafull sjónvarpsstjarna fyrst og fremst lætur hann ekki undir höfuð leggjast að sinna bloggeríi í hjáverkum. Þannig greinir hann frá því á síðu sinni að **Jón Baldvin Hannibalsson** hafi fengið boð um að setjast í 1. sæti Frjálslyndra í Reykjavík. Steingrímur segir Jón Baldvin hafa afþakkað pent en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er það ekki alveg svo. Sá sem hringdi í Jón er sjóhetjan **Grétar Mar Jónsson** og hann mun hafa bókað fund með fyrrum foringja Krata og Frjálslyndum á fimmtudag. Gæti þá dregið til tíðinda heldur betur. -bs/jbg

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14
SÚR HVALUR - SÚRT RENGI HARÐFISKUR

Rándýrri sjálfsmynd stolið

„Þetta er alveg hræðilegt, hún er bara horfin," sagði Margrét Ósk Vilbergsdóttir, rekstrarstjóri Barsins, um stuldinn sem þar hefur átt sér stað. Sjálfsmynd listakonunnar Berglindar Ágústsdóttur hvarf af veggjum Barsins í síðasta mánuði og hefur starfslið staðarins leitað logandi ljósi að henni síðan. Nú hallast forsvarsmenn staðarins að því að henni hafi verið rænt.

„Til að byrja með datt okkur ekki í hug að henni hefði verið stolið, hún er svo stór," sagði Margrét, en myndin er að hennar sögn tveir metrar á hæð og um einn og hálfur metri á breidd. Ljósmyndin hefur hangið uppi frá opnun Barsins, en var tekin niður vegna myndasýningar. „Hún stóð upp við vegginn. Okkur grunaði bara ekki að einhver færi að ræna listaverki," sagði Margrét.

Listakonan Berglind var að vonum með böggum hildar vegna stuldarins. „Ég var auðvitað alveg brjáluð. Þetta er risastór mynd og ég skil ekki hvernig hún gat bara horfið," sagði Berglind, sem hafði verðlagt verkið á um 180.000 krónur. „Þetta er mynd af mér þar sem ég er að raka á mér fótleggina. Hún er svona sumarmynd, tekin úti í Barcelona. Ég er íklædd bikinítoppi og rauðu pilsi," útskýrði hún. „Mér dettur helst í hug að fólk geri svona á einhverju fylleríi, en þá þarf að fara fram hjá dyravörðum og fullt af fólki. Þetta er mjög skrítið," bætti hún við.

Barinn hefur brugðið á það ráð að bjóða fundarlaun fyrir verkið. „Við viljum alveg endilega fá myndina aftur," sagði Margrét. - sun

BERGLIND ÁGÚSTSDÓTTIR Þykir hvarf sjálfsmyndar sinnar afar undarlegt og vill ólm fá myndina aftur.

MAX
LágMAXverð
VERÐ HRUN
Úrval CD diska í frjálsu verðfalli
199 kr.
INCUBUS DVD 999 kr.
Fullt verð 2.299
1.799 kr.
Fullt verð 2.299
Nýjir CD diskar
CD DISKAR 999 kr.
1.799 kr.
Kauptu 2007 og fáðu 2006 í kaupauka
MAX RAFTÆKI
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA - Lifið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24 alla daga

BAKÞANKAR
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

Barnvæn þjóð?

Við sem sátum skelfingu lostin fyrir framan sjónvarpsskjáinn síðastliðna viku og reyndum að meðtaka þann voða sem þar var sagt fá. Fundum rödd innra með okkur sem hrópaði: Hvað getum við gert til að bæta fyrir það sem fólkinu var gert fyrir fjörutíu árum?

SUM okkar sem komin erum fram yfir miðjan aldur fórum að rifja upp okkar bernsku, þá var í tísku að senda börn í sveit, láta þau læra að vinna, leyfa þeim að komast í snertingu við náttúruna og undur hennar. Í höfuðborg Íslands var hvergi barn að finna yfir sumartímann. Fullorðna fólkið kunni misjafnlega vel þeirri friðsæld sem því fylgdi, en þá var bara að bíta á jaxlinn og hugsa um þá auðgun andans sem barnungarnir eignuðust þar í sveitasælunni.

BÖRNUNUM var flestum komið fyrir á ágætis heimilum. En sumum þeirra leiddist svo að þeim verkjaði í hverja taug. Í flestum tilfellum var það þráin eftir nöldrinu og stórborgarskarkalanum heima sem var svo yfirþyrmandi. Margir hafa sagt mér að það erfiðasta hafi verið hvað það var lítið talað við þau. Enginn var vondur við þau, það var bara þessi veröld sem í sumum tilfellum var svo algerlega laus við skoðanaskipti sem var svo óþægileg. Svo það var rölt á eftir Huppu og Skjöldu með hundinn á eftir sér og síðan var farið að búa til veröld sem var utan veruleikans, veröld sem gott var að una við.

Í KASTLJÓSINU sagði einn maðurinn sem dvalið hafði í Breiðuvík frá því að þegar voðinn var sem verstur og tilveran varð óbærileg þá lét hann sig hverfa inn veröld þar sem var lítið hús og innst í þessu húsi var Jesús og hann fór til hans, í fang hans og fékk að halda í einn fingur frelsarans meðan hryllingurinn gekk yfir.

FYRIR mér var þetta fegursta trúarjátning sem ég hef heyrt. Og svo fer ég að hugsa um okkur foreldra í dag sem erum búin að mata börnin okkar á gerviveröld tölvunnar sem þau eiga að hverfa til þegar einsemdin grípur þau. Og höfum svo engin ráð önnur en að kalla á lögregluna þegar þau tryllast.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

www.toyota.is

HÆTTU BARA Í RÆKTINNI

Nýr og veglegri Corolla

Meira innanrými
Enn fullkomnari vél
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Glæsilegri
Hljóðlátari
Stærri
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýjum Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Nýr Corolla er bíllinn sem þig langar í, bíllinn sem leyfir þér að vera eins og þú vilt, þar sem þú nýtur þín best.

Verð frá 2.069.000*. kr.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35590 02/07

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070